birta
Katla Margrét Þorgeirsdóttir:
Leikkona fyrir tilviljun
• stjörnuspá 2005 • víkingur heiðar
Fylgir Fréttablaðinu í dag




allt
Kjartan Halldórsson:
Smá hamingja fyrir fólk
• matur • tilboð
Í miðju blaðsins



Kristín Ólafsdóttir:
Há dú jú læk Æsland?
• ný heimildarmynd um ísland
SÍÐA 38



Íslenska landsliðið:
Annað tapið í röð
• svíagrýlan enn ekki farin til fjalla
SÍÐA 26



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
7. janúar 2005 – 5. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000
vísir

FÖSTUDAGUR



**JÁTAR MORÐ** Hákon Eydal játar að hafa svipt Sri Rahmawati lífi þegar manndrápsákæra á hendur honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. **Sjá síðu 2**

**ENN ÓGIRT OG OPIÐ** Enn hefur ekki verið hægt að girða af miltisbrandssýkta svæðið á jörðinni Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd vegna andstöðu landeigenda. **Sjá síðu 2**

**DÆMD FYRIR SMYGL** Hollensk tveggja barna móðir var dæmd í eins árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að smygla kókaíni innvortis. **Sjá síðu 8**

**ÓVÍST UM HAG AF SKATTAÍVILNUNUM** Stjórnvöld telja óljóst hvort skattaívilnanirnar gagnvart skipaflutningafyrirtækjum skapi íslenskum farmönnum störf. **Sjá síðu 10**

VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA EINHVER ÉLJAGANGUR SÍST ÞÓ Í BORGINNI.** Ákveðinn vindur um allt land og frost 3-9 stig. **Sjá síðu 4.**

DAGURINN Í DAG



**NÝÁRSTÓNLEIKAR**
Ingveldur Ýr Jónsdóttir syngur einsöng á nýárstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói sem hefjast klukkan 19.30. Stjórnandi er Michael Dittrich.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 32 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |

# Impregilo með hótanir gagnvart Íslendingum

**Impregilo segir að vinnu við stíflugerðina á Kárahnjúkum verði ekki lokið á tilsettum tíma ef fyrirtækið fær ekki að ráða Kínverjana sem það sótti um atvinnuleyfi fyrir. Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands segir þetta vera hótun.**

**KJARAMÁL** Impregilo segir að fyrirtækið geti ekki ábyrgst að vinnu við gerð Kárahnjúkavirkjunar ljúki á tilsettum tíma ef fyrirtækinu verður neitað um að ráða vant starfsfólk sem þjálfað sé af Impregilo.

Í fréttatilkynningu frá Impregilo er það gagnrýnt að fyrirtækið sé þvingað til þess að leita starfsfólks í öðrum löndum. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að þarna sé um hótun að ræða gagnvart Íslendingum.

„Þeir eru að reyna að halda málinu í þeim farvegi að þeir losni við að borga dagsektir ef virkjunin bregst. Þeim hefur tekist að halda málinu í þeim farvegi,“ segir Guðmundur og telur að auglýsingar Impregilo beri þess glögglega merki að þeir séu búnir að ákveða hverja þeir ætli að ráða. Þeir reyni svo að firra sig ábyrgð og snúa henni á verkalýðshreyfinguna og Íslendinga því þeir fái ekki að ráða það starfsfólk sem þeir vilja; starfsfólki sem þeir geti borgað það sem þeim sýnist.

Impregilo hefur óskað eftir atvinnuleyfi fyrir 180 Kínverja sem hafa starfað við stíflu- og jarðgangagerð í Norður-Kína, sumir í meira en sjö ár, þar sem íslenskar aðstæður hafa reynst slæmar fyrir portúgalska leigustarfsmenn. Hjá þeim sé starfsmannaveltan yfir 70 prósent.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra segir að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun, hvorki af né á, um að veita þessi leyfi. Það verði Vinnumálastofnun að gera. „Ég ætla ekki að tjá mig um þá ákvörðun, hvorki núna né þegar hún verður tekin, vegna þess að þar með verð ég búinn að gera mig vanhæfan í því að fjalla um þá ákvörðun ef hún verður kærð til mín.“

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að Impregilo láti portúgalska leigustarfsmenn borga skatta til Portúgals, sem séu lægri en hér, og hirði mismuninn.

**- ghs**

**sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JÓLIN KVÖDD Í GRAFARVOGI** Mikil stemning var á árlegri þrettándagleði Grafarvogsbúa á Gufunessvæðinu í gærkvöld. Ýmsar kynjaverur voru á svæðinu svo sem álfakóngur, álfadrottning, grýla og jólasveinar.

Snjóflóðahætta í Bolungarvík:

## Íbúar enn að heiman

**SNJÓFLÓÐ** 66 íbúar sem þurftu að yfirgefa heimili sín vegna snjóflóðahættu í Bolungarvík fengu að snúa aftur heim til sín í gær eftir að almannavarnarnefnd aflétti hættuástandi á því svæði. 26 manns bíða því enn eftir að hættuástandið gangi yfir en þangað til búa flestir hjá annaðhvort ættingjum eða vinum, en nokkrir gista í húsnæði sem bæjarfélagið útvegar.

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík, segir erfitt að spá til um hvenær restin af fólkinu kemst heim til sín en veðurspá sé ágæt og á hádegi í dag mun almannavarnarnefnd Bolungarvíkur hittast og endurmeta stöðuna.

Í fyrradag fengu 46 manns að snúa heim á Ísafirði og í Hnífsdal eftir að hættuástandi var aflétt.

**- bs**

Tuttugu og sex þjóðarleiðtogar á fundi um náttúruhamfarirnar:

# Milljörðum lofað og skuldabyrði létt

**HAMFARIR** Margir helstu þjóðarleiðtogar heims funduðu í gær í Jakarta í Indónesíu um hvernig haga bæri neyðaraðstoð og uppbyggingu á hamfarasvæðunum. Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, brýndi fyrir leiðtogunum að standa við loforð sín um aðstoð. Bærist hún ekki fljótt gætu alvarlegir sjúkdómar breiðst út og enn fleiri látist til viðbótar við þá 140.000 sem þegar eru taldir hafa týnt lífi.

Ríflega 200 milljörðum króna hefur verið lofað til aðstoðar. Auk þess hafa lánardrottnar landanna sem verst urðu úti samþykkt að létta skuldabyrði þeirra umtalsvert.

Carol Bellamy, framkvæmdastjóri Unicef, segir í viðtali við Fréttablaðið í dag að flóðin við Indlandshaf hafi bitnað verst á börnunum á svæðinu. Í það minnsta þriðjungur látinna eru börn og þau sem lifðu af eru enn í hættu.

Bellamy segist aldrei hafa orðið vitni að þvílíkum hörmungum en hún ferðaðist í vikunni um hamfarasvæðin á Srí Lanka og Indónesíu.

**Sjá síður 4 og 16**

25
DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA
Corolla Sedan, 1,4 l
Tilboðsverð
1.709.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Útsala
Útsala
Útsala




## SPURNING DAGSINS

*Katrín, er það skrítin tilfinning að hafa meirihlutaskoðun?*

**„Mér finnst mínar skoðanir svo góðar að ég er sannfærð um að ég sé alltaf í meirihluta.“**

Katrín Jakobsdóttir er varaformaður Vinstri-grænna og friðarsinni, en ný könnun sýnir að 84 prósent landsmanna eru á móti því að Ísland sé í hópi hinna „staðföstu þjóða“ sem réðust inn í Írak.

Manndrápsákæra á hendur Hákoni Eydal þingfest:

# Játar að hafa slegið og kyrkt Sri

**DÓMSMÁL** Hákon Eydal sagðist hafa svipt Sri Rahmawati lífi þegar manndrápsákæra á hendur honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sri var fyrrverandi sambýliskona Hákonar.

Í ákærunni segir að Hákon hafi að morgni sunnudagsins fjórða júlí veist að Sri, slegið hana fjögur högg í höfuðið með kúbeini þannig að hún hlaut lífshættulega höfuðáverka. Þá er hann sagður hafa vafið taubelti þrívegis um háls Sri og þrengt að þannig að hún lést af völdum kyrkingar. Hákon tók afstöðu til ákærunnar og sagðist hafa svipt Sri lífi en hann sagðist hvorki muna hvort hann sló hana fjórum sinnum eða sjaldnar í höfuðið með kúbeininu né hversu oft hann þrengdi að hálsi hennar með beltinu.

Hákon mótmælti ekki nærri 22 milljóna króna skaðabótakröfu sem börn Sri krefja hann um. Hákon er hins vegar ósáttur við niðurstöðu geðrannsóknar sem gerð hefur verið. Hann vill að dómkvaddir matsmenn framkvæmi aðra geðrannsókn þar sem sú niðurstaða geti spilað veigamikinn þátt í málinu. Hákon er talinn sakhæfur. Milliþinghald verður haldið 20. janúar. - hrs



**HÁKON EYDAL**
Segist ósáttur við niðurstöðu geðrannsóknar. Hann er talinn sakhæfur.

Norðurland:

# Vægir eftirskjálftar

**JARÐSKJÁLFTAR** Nokkrir vægir jarðskjálftar urðu aust-suðaustan af Grímsey í gærdag. Stærsti skjálftinn mældist um 3,2 á Richter-kvarða en flestir voru skjálftarnir á bilinu 1,5 til 2,5 á Richter.

Íbúar í Grímsey munu ekki hafa fundið fyrir skjálftanum en samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands þurfi skjálftinn að vera um fimm stig á Richter á hafi ef hans á að verða vart á landi. Á miðvikudag mældist einn skjálfti 5,5 á Richter og urðu íbúar víða á Norðurlandi hans varir. Samkvæmt Veðurstofu myndaðist ekki flóðbylgja vegna jarðskjálftans. - bs

Fyrrverandi formaður Leigjendasamtakanna:

# Kærður til lögreglu

**KÆRA** Stjórn Leigjendasamtakanna hefur ákveðið að kæra Guðmund St. Ragnarsson, fyrrverandi formann samtakanna, til ríkislögreglustjóra.

Í fréttatilkynningu frá Þórði Karli Jónssyni, formanni samtakanna, segir að Guðmundur St. sé kærður vegna gruns um fölsun á ársreikningi samtakanna, þjófnað á eigum og fjárdráttar. Einnig er hann sakaður um að hafa villt á sér heimildir gagnvart félagsmálaráðuneytinu varðandi styrki sem og að hafa í heimildarleysi keypt af fyrirtækjum á kostnað samtakanna.

Guðmundur segist vísa þessum ásökunum algjörlega á bug, öllum atriðum kærunnar.

„Ég áskil mér allan rétt til að höfða meiðyrðamál gagnvart þeim sem bera þessar ásakanir,“ segir Guðmundur. - th

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**KONA FLUTT Á SJÚKRAHÚS** Klippa þurfti farþega úr bíl á Akureyri á hádegi í gær. Hann var fluttur á slysadeild. Samkvæmt vakthafandi lækni var hann lagður inn en er ekki alvarlega slasaður. Ökumaður fólksbíls sem hann sat í beygði í veg fyrir annan þegar hann ók af Þórunnarstræti að innkeyrslu sjúkrahússins. Ökumenn sluppu ómeiddir.

**UPP ÚR RÁSUM GÖTUNNAR** Ekki urðu slys á fólki þegar tveir fólksbílar lentu í árekstri á Fossheiði á Selfossi. Bílarnir eru stórskemmdir. Annar þeirra rann upp úr klakaförum á Fossheiði og lenti framan á hinum sem kom úr gagnstæðri átt. Atvikið varð klukkan tuttugu mínútur í tólf í gær.



**GREIÐ LEIÐ**
Menn og skepnur eiga greiða leið heim að Sjónarhóli, eins og sést á myndinni. Hliðið í heimreiðinni er opið og girðingar sem eru afar lélegar liggja sums staðar niðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sýkta svæðið ennþá ógirt og opið öllum

**Enn hefur ekki verið hægt að girða af miltisbrandssýkta svæðið á jörðinni Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd vegna andstöðu landeigenda. Þeir fá nú vikufrest en eftir það verður girt, enda um stjórnvaldsskipun að ræða.**

**MILTISBRANDUR** Eigendur eyðibýlisins Sjónarhóls á Vatnsleysuströnd hafa lagst gegn því að miltisbrandssýkta svæðið á jörð þeirra verði girt af, að sögn Gunnars Arnar Guðmundssonar héraðsdýralæknis. Unnið hefur verið að því að ná samkomulagi í málinu, enda talið brýnt að loka svæðinu þannig að skepnur komist ekki inn á það.

Það var í byrjun desember sem þrjú hross drápust af miltisbrandi á Sjónarhóli. Hinu fjórða var lógað skömmu síðar. Óánægja er meðal skepnueigenda á svæðinu, sem átelja seinagang í girðingarmálinu. Þeir lýsa því svo að hlið að sýkta túninu sé galopið, girðingar liggi niðri að einhverju leyti og gulir lögregluborðar flögri fyrir vindinum. „Forkastanlegt,“ sagði Hafsteinn Snæland, íbúi í Vogum, um stöðuna.

„Við höfum verið í viðræðum við landeigendur um þessar girðingar og það hefur ekki enn orðið samkomulag um þær,“ sagði Gunnar Örn. „Við viljum girða af þetta svæði sem hestarnir voru sannarlega á. Þeir voru innan rafmagnsgirðingar. Hún gekk að hluta til yfir tjörn sem þarna er. Við viljum girða þessa rafmagnsgirðingu af, svo og tjörnina alla. Eins og maður hefur vissan skilning á, eru landeigendur ekki ánægðir með að fá girðingu þarna inn á mitt svæðið. En það hefur verið tekin ákvörðun um að láta ekki líða lengra heldur en viku héðan í frá. Þá verður gengið í þetta.“

Gunnar Örn sagði, að búið væri að ráða verktaka í girðingavinnuna, sem hefði átt að hefjast rétt fyrir jólin. En það hefði þá strandað á landeigendum. Landbúnaðarráðuneytið myndi kosta girðinguna og uppsetningu hennar.

„Það er í rauninni stjórnvaldsskipun að þetta verði gert. Við ætluðum að reyna, ef hægt væri, að gera þetta í sátt við landeigendur,“ sagði Gunnar Örn sem kvaðst hafa trú á að það tækist.

„Við teljum ekki að þarna sé hætta fyrir fólk,“ sagði hann enn fremur og bætti við að svæðið gæti fyrst og fremst reynst hættulegt fyrir grasbíta.

jss@frettabladid.is

Stjórnendur SÍF:

# Fara fram á lögbann

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur SÍF ætla að fara fram á að lögbann verði sett á starfsemi nýstofnaðs félags sem stefnir á samkeppni við SÍF í sölu á saltfiski. Að nýja félaginu standur hópur fyrrverandi starfsmanna SÍF.

SÍF segir að í ljósi skuldbindinga starfsmannanna við félagið hafi verið farið fram á lögbann á starfsemi hins nýja félags þar sem starfsmennirnir brjóti gegn ráðningarsamningum sínum.

Í frétt frá SÍF kemur einnig fram að stjórnendur telji að fyrrverandi starfsmenn félagsins hafi notað eigur og trúnaðarupplýsingar hjá SÍF til þess að undirbúa stofnun hins nýja félags. SÍF hefur því farið fram á lögreglurannsókn vegna þessara þátta. - hh

Farþegafjöldi Leifsstöðvar:

# Spá mikilli aukningu

**SAMGÖNGUR** Ný spá gerir ráð fyrir að fjöldi farþega sem fer um Leifsstöð muni tvöfaldast á næstu tíu árum.

Breska fyrirtækið BAA Plc., sem rekur stærstu flugvelli í Bretlandi og víðar, gerði spána. Samkvæmt henni eykst fjöldi farþega úr 1,6 milljónum á árinu 2004 í 3,1 milljón á árinu 2015. Við gerð spárinnar er meðal annars horft til hagvaxtar á Íslandi, fargjalda, markaðssóknar og vinsælda Íslands sem áningarstaðar ferðafólks.

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa verið við Leifsstöð undanfarin ár. Á þessu ári verður framkvæmt fyrir 1,5 milljarða króna. Meðal þess sem gert verður er að norðurbyggingin verður stækkuð til suðurs til að auka rými fríhafnarverslunar og auka athafnasvæði farþega. - th




Atkvæði um kjarasamning sjómanna og LÍÚ talin:

# Sjómenn samþykkja umdeildan samning

**KJARAMÁL** Sjómenn hafa samþykkt kjarasamning við Landssamband Íslenskra útvegsmanna. Alls 57,6 prósent sjómanna samþykktu samninginn en 42,4 prósent þeirra höfnuðu honum.

„Þetta er niðurstaða,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands. „Það fer ekkert milli mála að þessi samningur er umdeildur. Ég skil alveg menn sem hafa efasemdir um einhverja þætti enda eru miklar breytingar í þessum samningi. Það þætti samt eitthvað í kosningum ef það væri fimmtán prósenta munur milli lista.“

Atkvæði voru talin sameiginlega hjá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Vestfjarða og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands í gær. Á kjörskrá voru 3.505 manns og atkvæði greiddu 1.513 eða 43,2 prósent. Auðir og ógildir seðlar voru 17 eða 1,1 prósent. Sævar segist þokkalega sáttur við þátttökuna í atkvæðagreiðsluna samanborið við þátttöku hjá öðrum stéttarfélögum.

- th



**SÆVAR GUNNARSSON** Formaður Sjómannasambands Íslands segist fagna því að samningur við Landssamband íslenskra útvegsmanna skuli hafa verið samþykktur.


olís
Verra veður,
betri þjónusta.
Þegar veturinn kemur verður þjónustan okkar enn mikilvægari. Þá er sérstaklega brýnt að bíllinn sé klár í slaginn. Við bjóðum allar réttu vörurnar til að gera bílinn þinn tilbúinn fyrir veturinn og erum til þjónustu reiðubúin, hvernig sem viðrar!
olís
– öryggi í umferð!

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 06.01.2005**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,87 | 63,17 |
| Sterlingspund | 117,66 | 118,24 |
| Evra | 82,84 | 83,30 |
| Dönsk króna | 11,13 | 11,20 |
| Norsk króna | 10,04 | 10,10 |
| Sænsk króna | 9,18 | 9,23 |
| Japanskt jen | 0,60 | 0,60 |
| SDR | 95,65 | 96,23 |

*Gengisvísitala krónunnar*

113,36 -0,07%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Deilendur á Srí Lanka:

# Dvínandi friðarlíkur

**COLOMBO, AP** Litlar líkur eru á að friður milli stjórnvalda á Srí Lanka og tamíl-tígranna verði til langframa. Íbúar Srí Lanka höfðu vonast til þess að hamfarirnar við Indlandshaf yrðu til þess að ríkisstjórnin og skæruliðasamtökin Frelsistígrar Tamíl Eelam semdu frið sín á milli. Þeir slíðruðu sverðin á meðan þeir aðstoðuðu fórnarlömb flóðbylgjunnar og tamíl-tígrar gáfu meðal annars blóð til hjálpar þeim sem slösuðust.

Deilendurnir eru nú farnir að saka hver annan um nísku og tamíl-tígrar segja stjórnvöld ekki dreifa neyðaraðstoð jafnt til þeirra sem á henni þurfa að halda. Styr hefur staðið milli tamíl-tígra og stjórnarinnar í rúma tvo áratugi og alls hafa 65 þúsundir manna legið í valnum, en undanfarin þrjú ár hefur ríkt vopnahlé. Litlar líkur eru á að vopnahléið verði rofið en vonir almennings, sem er orðinn langþreyttur á átökunum, um langvarandi frið fara minnkandi. ■



**FRÁ SRÍ LANKA**
Íbúar landsins eru langþreyttir á átökum og vonuðust til að deilendur slíðruðu sverðin.

Landssöfnun í næstu viku

# Neyðarhjálp úr norðri

**FLÓÐBYLGJAN** Samstarfshópur einstaklinga, fyrirtækja og stofnana undirbýr nú landssöfnun til styrktar fórnarlömbum flóðanna í Asíu. Söfnunin hefst á mánudag en nær hámarki með sjónvarpsútsendingu laugardaginn 15. janúar. Verndari og talsmaður söfnunarinnar verður Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

Söfnunin fer fram undir kjörorðunum Neyðarhjálp úr norðri. Landsmönnum gefst kostur á að hringja í söfnunarsíma alla næstu viku og einnig verður safnað í Smáralind og Kringlunni á föstudag og laugardag. ■

Íslendingar í Asíu:

# Allir fundnir heilir á húfi

**FLÓÐBYLGJAN** Íslendingurinn sem ekki hafði spurst til í Taílandi eftir hamfarirnar er fundinn. Haft hefur verið upp á öllum sem saknað var.

Pétur Ásgeirsson, stjórnandi neyðarvaktar utanríkisráðuneytisins, segir að hvorki sé talið að Íslendingar hafi látist né slasast af völdum flóðbylgjunnar sem skall á ströndum Suðaustur-Asíu.

Utanríkisráðuneytið leitaði ríflega sextíu manns. Flestir fundust strax en nokkra daga tók að hafa uppi á fjölskyldu á Balí og sjö Íslendingum í Taílandi. **- gag**



**HERMAÐUR**
Flóðasvæðin skoðuð.

Bandaríkjaher gagnrýndur:

# Sagður hamla hjálparstarfi

**BANDA ACEH, AP** Talsmenn hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna sem hafa yfirumsjón með hjálparstarfi á indónesísku eyjunni Súmötru segja að bandaríski herinn á svæðinu hafi lítil samskipti við aðrar hjálparsveitir og það bitni á hjálparstarfinu.

Þeir segja að Bandaríkjamenn komi ekki mikilvægum upplýsingum til annarra hjálparsveita sem eiga því erfiðara með að koma neyðargögnum til nauðstaddra. Talsmenn Sameinuðu þjóðanna gagnrýna herinn meðal annars fyrir að upplýsa ekki hvers konar neyðargögnum þeir hafa komið til skila og hvert. ■



**FLÓTTAMANNABÚÐIR**
Fjögurra ára gömul stúlka og móðir hennar fá mat í flóttamannabúðum í Andaman í Indlandi. Talið er að þrjár til fimm milljónir manna hafist við í flóttamannabúðum á flóðasvæðinu.

# Annan brýnir þjóðir til að efna loforðin

**Þjóðarleiðtogar hvaðanæva að hittust í Jakarta í gær og ræddu hamfarirnar við Indlandshaf. Kofi Annan brýndi fyrir mönnum að efna gefin loforð. Talið er að 140 þúsund hafi dáið. Óttast að talan tvöfaldist ef farsóttir brjótast út.**

**JAKARTA, AP** Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir að þjóðir sem hafa lofað fé til hjálpar- og uppbyggingarstarfs við Indlandshaf verði að efna loforð sitt sem fyrst.

Þjóðarleiðtogar hvaðanæva úr heiminum hittust í Jakarta, höfuðborg Indónesíu, í gær og ræddu hvaða úrræði væru best til þess fallin að hjálpa fórnarlömbum flóðbylgjunnar á Indlandshafi og hvernig mætti hugsanlega koma í veg fyrir aðrar eins hörmungar. Um 250 milljarðar króna hafa safnast um allan heim vegna hamfaranna og ræddu leiðtogarnir um skilvirkustu leiðirnar til að koma neyðargögnum til þeirra sem skortir mat og húsnæði. „Hamfarirnar voru svo miklar og gengu svo hratt yfir að við erum enn að reyna að átta okkur á ástandinu,“ sagði Annan.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir afar mikilvægt að sjá íbúum svæðisins fyrir hreinu drykkjarvatni og öðrum björgum ekki seinna en í þessari viku ef það á að koma í veg fyrir að farsótttir gjósi upp og verði enn fleirum að falli. Talið er að 140 þúsund manns hafi þegar látið lífið í hörmungunum og talsmenn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar telja annan eins fjölda í hættu ef farsóttir ganga. Þeir segja að læknar og hjúkrunarfólk hafi þegar tekist að afstýra miklum hörmungum með því að halda farsóttum í skefjum en hættan sé hvergi nærri liðin hjá og eftir því sem tíminn líður aukist líkurnar á sjúkdómum sem berast með vatni og að malaría og beinbrunasótt taki sig upp. Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna segja að óþrifnaður í flóttamannabúðum sé mikil heilsufarsógn en talið er að þrjár til fimm milljónir manna búi í flóttamannabúðum.

Þá hétu fundarmenn því að koma upp viðvörunarbúnaði fyrir flóðbylgjur við Indlandshaf eins og gert hefur verið á Kyrrahafi en ekki var tekin ákvörðun um hvernig skyldi staðið að því. ■



**MATARSENDING**
Bandaríkjaher færir fórnarlömbum í Banda Aceh matvæli.

Matvælaaðstoð SÞ:

# Milljónir þurfa aðstoð

**RÓM, AP** Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna þarf 1,6 milljarða króna til að brauðfæða rúmlega tvær milljónir manna á hamfarasvæðunum í Suðaustur-Asíu næsta hálfa árið. Um 1,2 milljörðum króna yrði varið til að kaupa 169 þúsund tonn af matvælum en það kostar um 400 milljónir að koma matvælaaðstoðinni til þeirra sem á henni þurfa að halda.

Stofnunin segir að um ein milljón Indónesa þurfi á matvælaaðstoð að halda, 750 þúsund í Srí Lanka, 50 þúsund á Maldíveyjum og um 200 þúsund á öðrum svæðum. Aðstoð til þeirra sem misstu fjölskyldu eða heimili sín mun ganga fyrir. ■

## FLÓÐBYLGJAN

**SENDIHERRA VIKIÐ ÚR STARFI** Janos Vandor, sendiherra Ungverjalands í Taílandi, hefur verið vikið úr starfi fyrir að gera ekki hlé á fríi sínu í Ungverjalandi eftir að hamfarirnar dundu yfir. Tuga ungverskra ferðamanna var saknað fyrstu dagana. Vandor sagðist ekki hafa getað gert hlé á fríi sínu þar sem hann hafi verið að undirgangast læknismeðferð.

**SÁDI-ARABAR ÞREFALDA FRAMLAG SITT** Sádi-Arabar þrefölduðu framlag sitt til hjálparstarfs í Asíu í landssöfnun sem ríkisstjórnin skipulagði í gær. Á fyrstu þremur klukkustundunum söfnuðust rúmlega 300 milljónir króna auk þess sem margir gáfu fatnað og teppi handa bágstöddum.






## Veðrið

**VÍÐA ÉL OG ÁKVEÐINN VINDUR**
Kaldar norðlægar áttir leika um okkur. Allhvasst verður á Vestfjörðum og strekkingur vestan til á landinu. Þá gæti hvesst með suðurströndinni þegar líður á daginn. Él verða víða um land í dag og fremur kalt.

**HORFUR UM HELGINA**
Á laugardag: Ákveðin norðanátt með strekkingi austan til annars hægari. Él norðanlands en bjart með köflum syðra. Frost 3-8 stig. Á sunnudag: Hægt vaxandi suðaustan átt og hlýnandi veður.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Strekkingur austan til annars heldur hægari.

### Sunnudagur




Hægt vaxandi suðaustan átt og þykknar upp. Hlýnandi veður.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skýjað-skúr | Frankfurt | 10°C alskýjað | Torrevieja | 17°C skýjað |
| Osló | 8°C skýjað | Prag | 8°C alskýjað | Róm | 14°C skýjað |
| London | 14°C léttskýjað | Amsterdam | 13°C léttskýjað | New York | 7°C léttskýjað |
| París | 12°C alskýjað | Varsjá | 6°C alskýjað | Miami | 27°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Ódýrt um helgina

Kjöt & fisktorgið



## Laxafiðrildi
með aspas og kryddsmjöri

**TILBOÐ 999 kr/kg**
Verð áður 1.399,-




## Ungnautahakk

**TILBOÐ 699 kr/kg**
Verð áður 1.149,-




**45% afsláttur við kassa**

## ferskur kjúklingur

**TILBOÐ 382 kr/kg**
Merkt verð 695,-




**399 kr/pk**

**Sollubuff** - 4 tegundir
- þurrsteikt buff



**Nýtt** í Hagkaupum

**TILBOÐ 188 kr/stk**
Verð áður 299,-

**Heilsubrauð** nýbökuð úr bakaríinu




**Tyson** álegg loksins aftur á Íslandi

Gildir til 9. janúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Drekkur þú orkudrykki?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 18% |
| Nei | 82% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Verður Chelsea enskur meistari í fótbolta?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Forráðamenn verktakafyrirtækisins Impregilo:

# Frábiðja sér ásakanir

**KÁRAHNJÚKAR** Impregilo hefur lýst yfir að ásakanir ASÍ undanfarna daga um að portúgalskir leigustarfsmenn hafi verið snuðaðir eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Fyrirtækið hafi frá upphafi greitt laun samkvæmt gildandi kjarasamningum og svo verði áfram.

Impregilo segir að samkvæmt samkomulagi við verkalýðshreyfinguna skuli starfsmenn sem vinna undir virkjanasamningnum fá íslenskan launaseðil þar sem komi fram vinnutímar og tímakaup. Frá brúttólaunum skuli draga frá fjárhæð sem svarar til lífeyrissjóðs, staðgreiðslu skatta og stéttarfélagsgjalds. Launaupphæðin sem þá standi eftir sé lágmarksgreiðsla inn á reikning hvers starfsmanns. Gefi erlenda uppgjörið lægri upphæð en það íslenska skuli greiða starfsmanninum uppbót þannig að erlendur starfsmaður fái aldrei lakari kjör en íslenskir kollegar.

Impregilo lítur svo á að samkomulag þetta sé ígildi kjarasamnings og frábiður sér frekari ásakanir verkalýðsfélaganna um brot á samningum.

- ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**FRAMKVÆMDIR VIÐ KÁRAHNJÚKA** Impregilo segist fara eftir samkomulagi við verkalýðshreyfinguna við frágang launa til portúgalskra starfsmanna og frábiður sér ásakanir um brot á samningum.

Vinnumálastofnun:

# Fær greinargerð ASÍ

**KJARAMÁL** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, á von á því að fá greinargerð ASÍ í dag. Í framhaldi af því verða umsóknir um atvinnuleyfi fyrir Kínverja skoðaðar.

Vinnumálastofnun hefur gefið jákvætt vilyrði um undanþágu fyrir 54 Kínverja að uppfylltum lagaskilyrðum. Gissur segir að þetta sé með þeim fyrirvara að fyrirtækið haldi lög.

„Það er algjör útgangspunktur. Ef það kemur í ljós svart á hvítu að fyrirtækið heldur ekki lög þá hefur það áhrif á afgreiðslu málsins,“ segir hann.

- ghs

Verktakar:

# Sækja um fleiri leyfi

**VINNUMARKAÐUR** Verktakar gera ráð fyrir að þurfa að sækja um atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn í auknum mæli á þessu ári.

Loftur Árnason framkvæmdastjóri gerir ráð fyrir að erlendum starfsmönnum fjölgi fremur en fækki hjá Ístaki á þessu ári.

„Það er mikið að gerast og stór verkefni í gangi,“ segir hann. „Við höfum oft flutt inn erlent vinnuafl þegar það hefur skort hér innanlands svo að það er ekkert nýtt fyrir okkur. Vinnuafl frá Evrópusambandinu hefur verið sveiflujafnandi fyrir íslenskan vinnumarkað og ég held að það sé bara af hinu góða.“



**LOFTUR ÁRNASON** Framkvæmdastjóri Ístaks býst við að fyrirtæki sæki um atvinnuleyfi fyrir fleiri erlenda starfsmenn á árinu.

Loftur segir óánægju með það í samkeppninni ef innflutt vinnuafl fær ekki sömu kjör alls staðar á markaðnum. „Það skekkir samkeppnisgetu fyrirtækisins ef ekki sitja allir við sama borð,“ segir hann.

Bjarni Pálsson, forstjóri Keflavíkurverktaka, gerir einnig ráð fyrir því að sækja um atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn.

- ghs

# Starfsréttindi ekki virt

**Formaður Rafiðnaðarsambandsins gagnrýnir Impregilo fyrir að virða ekki starfsréttindi og segir að sýslumaðurinn á Seyðisfirði hafi ekki eftirlit með því. Gagnrýni vísi hann til verkalýðsfélaganna sem hafi enga heimild til eftirlits eða eftirlitsskyldu.**

**KJARAMÁL** Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, gagnrýnir Impregilo fyrir að virða einskis starfsréttindi, ökupróf og vinnuvélaréttindi og segir að sýslumaðurinn á Seyðisfirði virðist hafa tilskipun um að athuga engin réttindi. Gagnrýni vísi hann til verkalýðsfélaganna sem hafi enga heimild til eftirlits eða eftirlitsskyldu.

„Við höfum engin slík fyrirmæli enda er alltaf eitthvað í gangi hjá okkur á Kárahnjúkum. Nú er janúar, ófærð og erfitt um vik því að þetta er uppi á reginfjöllum, það hefur kannski áhrif á okkar starfsemi núna en við skoðum þetta,“ segir Helgi Jensson, sýslufulltrúi á Egilsstöðum, og telur ýkjur oft í gangi. „Við verðum oft varir við að menn hafa tilhneigingu til að ýkja allt slæmt þarna upp frá. Þegar við skoðum málið þá er það ekki rétt.“

Guðmundur gagnrýnir einnig Impregilo fyrir að flytja erlent vinnuafl beint að Kárahnjúkum án þess að senda það fyrst í heilbrigðiseftirlit.

„Það er hlutverk heilbrigðisyfirvalda og sýslumannsembættisins að sjá til þess að þetta fólk framvísi heilbrigðisvottorði eða fari í heilbrigðisathugun áður en það fer inn á vinnustaðinn en það fer þráðbeint upp á Kárahnjúkasvæðið. Þar er starfsmannaveltan hröð og margir sem hafa farið í gegnum þetta svæði án þess að hafa uppfyllt þetta skilyrði. Þar hefur skort á að yfirvöld framfylgi sínu hlutverki,“ segir hann.

Stefán Þórarinsson, lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands, segir að heilbrigðiseftirlitið á Kárahnjúkum sé unnið undir leiðsögn Haraldar Briem sóttvarnarlæknis. Reglurnar hafi verið skerptar og farið yfir þær þegar innflutningur vinnuaflsins hófst. Starfsmenn séu skoðaðir og sendir í myndatöku á Egilsstöðum ef þörf krefur.

„Menn þurfa að hafa fæturna á jörðinni. Hvað koma margir ferðamenn til Íslands á ári? Það þarf að leyfa mönnum að njóta sannmælis,“ segir hann. „Þetta er ekki vandamál. Það get ég fullyrt.“

ghs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**GUÐMUNDUR GUNNARSSON** Formaður Rafiðnaðarsambandsins gagnrýnir sýslumanninn á Seyðisfirði fyrir að framfylgja ekki eftirlitsskyldu sinni gagnvart starfsemi Impregilo á Kárahnjúkum.

Bandaríkjaferðir á frábæru verði





Netsmellur til USA

Verð frá 36.900 kr.*

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald

Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27004 01/2005

Starfsmenn portúgalskra starfsmannaleigna greiða skatta í Portúgal:

# Skattamunurinn rennur til Impregilo

**KJARAMÁL** Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að Impregilo blandi saman lágmarkslaunum og skattkerfi en þetta tvennt sé aðskilið og eigi að vera það. Erlendir starfsmenn eigi að borga skatta hér.

Hann segir að portúgalskir leigustarfsmenn séu látnir borga skatta til Portúgals. Skattar þar séu lægri og heimilt að taka hluta af launum, t.d. í staðaruppbót, án þess að skattar séu greiddir af þeirri upphæð. Portúgölsku starfsmennirnir borgi því lægri skatta en íslenskir. Þeir fái þó ekki þennan mismun heldur taki fyrirtækið það til sín í formi þess að borga lægri laun.

„Það er enginn ágreiningur við Impregilo um að þetta sé gert svona. Þeir hafa staðfest það sjálfir,“ segir Þorbjörn.

Í ársgömlu samkomulagi verkalýðshreyfingarinnar við Impregilo segir hann að alltaf hafi verið gert ráð fyrir því að erlendir starfsmenn greiddu skatta á Íslandi. Indriði H. Þorláksson hefur gefið yfirlýsingu um að allir ættu að greiða skatta á Íslandi og það hefði alltaf legið fyrir.

„Samkomulagið gekk út á það að reikna launaseðlana skv. íslenska og portúgalska kerfinu og átti starfsmaðurinn að fá laun skv. þeim launaseðli sem gæfi hærra þegar búið var að draga skattana frá hér. Það var aldrei samið um að nota skattkerfi í heimalandi starfsmannsins vegna þess að það ætti þá við alla starfsmenn. Þarna eru 25 þjóðerni,“ segir Þorbjörn.

Tvísköttunarsamningur er í gildi milli Íslands og Portúgals og fleiri landa. „Við skiljum það þannig að einstaklingur sem vinnur hér greiðir skatta hér. Hann á að gera skattaskýrslu hér og þá getur komið til endurgreiðslu, ekki af hálfu fyrirtækisins heldur í gegnum skattkerfið. Fyrirtækið á aldrei að taka að sér hlutverk skattstofunnar.“

ghs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON** Formaður Samiðnar segir að ágreiningurinn við Impregilo snúist um það að fyrirtækið láti portúgalska starfsmenn á leigu borga skatta til Portúgals. Þeir séu lægri en hér og fyrirtækið hirði mismuninn í formi lægri launa í stað þess að láta það ganga til starfsmannsins í gegnum skattkerfið.

# Nýtt sykurlaust Coke




Coca-Cola light er ný kynslóð af gosdrykk
– kraftmikill og frískandi valkostur sem byggir
á hinu eina sanna Coca-Cola bragði.

**Prófaðu Coca-Cola light,
rétta bragðið – sykurlaust!**

Coca-Cola light er góð viðbót við aðra sykurlausa gosdrykki frá Coca-Cola. Þú finnur Diet Coke enn í næstu verslun.



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða þjóð hefur heitið mestu fjármagni til hjálparstarfs vegna hamfaranna í Asíu?*

2 *Hversu mörg flutningaskip íslenskra flutningafyrirtækja eru skráð hérlendis?*

3 *Hversu stór hluti landsmanna vill að Ísland fari af lista hinna staðföstu þjóða sem studdu innrásina í Írak?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Ráðherraráð ESB:

# Lúxemborg tekur við forsæti

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, tekur formlega við forsæti ráðherraráðs Evrópusambandsins á mánudaginn og gegnir því til 30. júní á þessu ári. Hollendingar hafa verið í forsæti undanfarið hálft ár. Af þessu tilefni mun ríkisstjórn Lúxemborgar taka á móti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á mánudaginn.

Ríki Evrópusambandsins skiptast á stjórnartaumunum í ráðherraráðinu á hálfs árs fresti og er leiðtogi ríkisstjórnar viðkomandi lands í forsæti leiðtogaráðs ESB. Hlutverk hans er að stjórna fundum ráðsins sem eru haldnir reglulega í Brussel og Lúxemborg en ráðin gegna lykilhlutverki í stefnumótun sambandsins og ákvarðanatöku. Junker mun einnig verða fulltrúi ráðherraráðsins á Evrópuþinginu og hafa rétt til að sitja fundi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Lúxemborg er ásamt Möltu minnsta ríki Evrópusambandsins en íbúar þar eru um 400 þúsund. - bs



**LEIÐTOGAR ESB**
Jose Manuel Barroso, formaður framkvæmdastjórnar ESB, og Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar.

### STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG

**Tilurð ríkis:** 1890.

**Höfuðborg:** Lúxemborg.
**Íbúar:** 400 þúsund.
**Stærð:** 2586 ferkílómetrar.
**Stjórnarfar:** Þingbundin hertogastjórn.
**Tungumál:** Letsebúrgíska, franska, portúgalska og ítalska.
**Samsetning þjóðar:** Lúxemborgarar 72 prósent, Portúgalar 9 prósent, Ítalir fimm prósent, aðrir fjórtán prósent.
**Gjaldmiðill:** Franki.
**Nágrannaríki:** Þýskaland, Frakkland og Belgía.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VIÐBÚNAÐARSTIGI AFLÝST** Allt er komið í eðlilegt horf á Patreksfirði. Götur bæjarins hafa verið mokaðar sem og milli byggða. Öllu viðbúnaðarstigi var aflýst í gær.

**UMFERÐARÓHAPP Á HÚSAVÍK** Minniháttar árekstur tveggja fólksbíla varð á mótum Garðarsbrautar og Þverholts á Húsavík á miðvikudag. Engin slys urðu á fólki. Mikill snjór er í bænum og háir ruðningar sem byrgir ökumönnum sýn.

**BÍLL ÚT AF VIÐ MÁNARBAKKA** Bíll rann út af við Mánarbakka norðan Húsavíkur. Ökumann sakaði ekki. Hann var einn í bílnum og kallaði til björgunarsveitina Garðar sem dró bílinn aftur upp á veg á öflugum björgunarsveitarbíl með spili. Atvikið varð rétt upp úr klukkan sjö á miðvikudagskvöldið.

stór humar

ath opið laugardaga 10-14.30

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Dæmd í eins árs fangelsi fyrir kókaínsmygl

**Hollensk kona var dæmd í eins árs fangelsi fyrir að smygla kókaíni innvortis. Verjandi hennar segir að hún hafi ekki notið þess að hafa verið samvinnufús. Konan er HIV-smituð og tveggja barna móðir.**

**DÓMSMÁL** 27 ára hollensk kona var, í Héraðsdómi Reykjavíkur, dæmd í eins árs fangelsi fyrir að smygla 235 grömmum af kókaíni til landsins í nóvember síðastliðnum. Kókaíninu smyglaði hún innvortis og afhenti það íslenskum manni á hóteli í Reykjavík eftir að hafa náð efnunum úr líkama sínum. Þau voru bæði handtekin á hótelinu.

> „Ríkissaksóknari þarf að taka af skarið og gefa saksóknurum leyfi til að leggja til verulegan afslátt af refsingu þar sem það á við.

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi konunnar, segir skilaboðin í dómnum vera að það hafi ekkert upp á sig fyrir burðardýr að segja frá eigendum og viðtakendum efnanna. „Hún sagði samviskulega frá nafni manna í Hollandi sem létu hana hafa efnin. Það er mjög sjaldgæft að burðardýr gefi þessar upplýsingar. Ríkissaksóknari þarf að taka af skarið og gefa saksóknurum leyfi til að leggja til verulegan afslátt af refsingu þar sem það á við,“ segir Sveinn. Hann segist ekki geta með góðri samvisku sagt sínum skjólstæðingum að þeir hagnist á að segja frá þeim sem tengjast málinu.

Sveinn Andri lagði til að konan fengi sex mánaða fangelsi vegna samvinnu og sérstakra persónulegra aðstæðna. Lögð voru fram gögn um að konan væri HIV-smituð auk þess sem hún ætti tvö börn sem hefðu tímabundið verið sett í fóstur. 18. febrúar næstkomandi verður ákveðið hvert framhaldið með börnin verður. Sveinn segir mikið hagsmunamál fyrir konuna að komast til síns heima fyrir þann tíma svo hún geti haldið uppi vörnum og átt möguleika á að endurheimta börnin. Konan hefur verið í gæsluvarðhaldi frá 13.nóvember og myndi því losna úr fangelsi 13. febrúar fengi hún sex mánaða dóm þar sem útlendingar afplána helming refsingar.

Sækjandi málsins sagði konunni til þyngingar að hún hafi smyglað kókaíninu í ágóðaskyni, að hún hafi vitað að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu og að hún hafi falið efnin innvortis. Hins vegar taldi hann henni til refsilækkunar að hún játaði strax og aðstoðaði greiðlega við að upplýsa málið. Hann sagði það óvenjulegt að burðardýr segðu til þeirra sem ættu efnin en það gæfi samt ekki ástæðu til að skilorðsbinda dóminn og lagði til tólf til fjórtán mánaða fangelsi.

hrs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÚR HÉRAÐSDÓMI**
Konan tók sér frest til að ákveða hvort hún muni una dómnum. Hún hefur setið í gæsluvarðhaldi í 56 daga.

DV

Naut ásta með Sri fyrir morðið




DV – hefur þú séð DV í dag?

Umboðsmaður Alþingis:

# Málsmeðferð samræmdist ekki lögum

**UMBOÐSMAÐUR** Málsmeðferð og afgreiðsla dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á erindi refsifanga á Litla - Hrauni til ráðuneytisins frá síðastliðnu vori var ekki í samræmi við lög, samkvæmt niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis.

Umræddur fangi hafði sótt um að hitta tvö eldri börn sín utan fangelsisins. Þá var hann ósáttur við kvarðanir forstöðumanns fangelsins um fyrirkomulag heimsókna sambýliskonu hans og ársgamals barns hans.

Fanginn fékk ekki svar við beiðni sinni, en hvað varðaði heimsóknir sambýliskonunnar höfðu við leit á henni fundist efni sem óheimilt var að fara með inn í fangelsið eða hafa í vösum sínum. Forráðamenn fangelsisins ákváðu í framhaldi af því að heimsóknir konunnar myndu framvegis fara fram án snertingar við fangann. Þetta kærði hann til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Umboðsmaður álítur, að fangelsisyfirvöld á Litla - Hrauni hafi ekki gætt að því að veita fanganum réttar upplýsingar um kæruleiðir við meðferð umsóknar hans um leyfi til dvalar utan fangelsisins. Þá hefði fangelsið ekki fylgt lögum um að senda umsókn fangans til umsagnar fangelsismálastofnunar. ■



**LITLA - HRAUN**
Refsifangi á Litla - Hrauni kærði afgreiðslu mála sinna til dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

# BURNLEY – LIVERPOOL Í KVÖLD

# CHELSEA – MAN.UTD. Á MIÐVIKUDAG



# EKKERT HELGARFRÍ

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FA Cup | Í kvöld | 19:30 | Burnley - Liverpool | Carling Cup | Þriðjudag | 19:50 | Liverpool - Watford |
| FA Cup | Laugardag | 12:15 | Sheffield United - Aston Villa | Carling Cup | Miðvikudag | 19:50 | Chelsea - Manchester United |
| FA Cup | Laugardag | 14:30 | Oldham Athletic - Manchester City | | | | |
| FA Cup | Laugardag | 17:20 | Plymouth - Everton | | | | |
| FA Cup | Sunnudag | 13:35 | Yeading - Newcastle | | | | |

515 6100 • syn.is • Skífan • Og Vodafone

*– besta sætið*



**BJÖRGUNARSTARF Í ACEH** Bandarískur hermaður heldur á ungum dreng sem fannst heill á húfi í Aceh-héraði á Súmötru.

Hækkun þjónustugjalda étur upp hækkun bóta almannatrygginga:

# Ríkisvaldið seilist í vasa öryrkja

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkisvaldið seilist í vasa öryrkja þegar bornar eru saman hækkanir á lækningagjöldum annars vegar og bótum almannatrygginga hins vegar, segir Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands.

„Mér virðist sem hækkun komugjalda á heilsugæslustöðvar sé um 12-16%,“ sagði Arnþór. „Bætur almannatrygginga hækka um 3,5% og frítekjumarkið um 5%. Það er því augljóst að nokkuð er verið að skerða hlut þeirra sem þurfa á læknisaðstoð að halda. Auðvitað munar þá lífeyrisþega, sem hafa lítið annað en bætur almannatrygginga, mest um slíkar hækkanir.



**ARNÞÓR HELGASON** Óeðlilegt að verðbreytingar séu meiri en verðbólgan og hækkun bóta almannatrygginga.

Því hefur verið haldið fram, að þessi gjöld hafi ekki hækkað um nokkurt skeið. En þá ber að líta á að sátt hefur verið um að halda þeim frekar í lágmarki og þegar á annað borð þarf að gera verðbreytingar er óeðlilegt að þær séu meiri en nemur verðbólgunni hverju sinni og hækkunum bótanna.“

Arnþór benti á að þegar aðrar hækkanir í heilbrigðiskerfinu væru skoðaðar kæmi í ljós að gjöld fyrir ýmsar aðgerðir og sjúkraakstur hækki mun minna.

„Það er því svo að mesti skellurinn af þessum hækkunum lendir á lífeyrisþegum eins og jafnan þegar hagræða þarf í heilbrigðiskerfinu,“ sagði Arnþór. jss

Strætó bs.:

# F-listi vill engin gjöld

**SAMGÖNGUR** F-listinn vill að strætisvagnafargjöld barna, unglinga, aldraðra og öryrkja verði felld niður. F-listinn lagði fram tillögu þessa efnis í borgarráði í gær en henni var vísað frá. Vísaði meirihlutinn til álits stjórnar Strætó bs. um að niðurfelling fjargjalda leiddi ekki til aukinnar nýtingar almenningssamgangna.

Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans, segir að afgreiðsla málsins í borgarráði sé mikil vonbrigði og lýsi uppgjöf R-listans gagnvart því mikilvæga samfélags- og umhverfismáli sem felist í betri nýtingu almenningssamgangna. - th

Loðnuveiðar:

# Byrjunin lofar góðu

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuskip hafa verið að fá góðan afla austur af Kolbeinsey síðustu sólarhringa. Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson er kominn á veiðisvæðið og mun, ásamt loðnuskipunum, leita loðnu allt frá Vestfjörðum og austur fyrir land.



**LOÐNA** Vilhelm Þorsteinsson EA landaði fyrstu loðnuninni.

Vilhelm Þorsteinsson EA var fyrsta skipið sem veiddi loðnu á árinu, sl. mánudag, en áhöfnin á Berki NK var fyrst til að landa. „Börkur kom til Neskaupstað með 1200 tonn af góðri loðnu sl. miðvikudagskvöld og fór megnið til frystingar,“ sagði Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri útgerðar SVN. -kk

Atlantsskip:

# Komið við í Kollafirði

**SAMGÖNGUR** Frá og með 15. þessa mánaðar hefja Atlantsskip vikulegar viðkomur í Kollafirði í Færeyjum.

Í tilkynningu fyrirtækisins er það sagt í takt við vöxt Evrópulínu fyrirtækisins að fjölga viðkomuhöfnum og auka um leið þjónustu. „Er helst litið til tækifæra í útflutningi frá Íslandi til Færeyja og frá Færeyjum til meginlands Evrópu,“ segir þar og tekið fram að þegar hafi tekist samningar um slíka flutninga. Fyrirtækið verður frá og með miðjum mánuðinum með vikulegar viðkomur í höfnum í Hollandi, Englandi, Danmörku og Færeyjum. - óká

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ARNARFELL SAMSKIPA VIÐ BRYGGJU** Tvö níuhundruð gáma einingaskip eiga að leysa eldri skip Samskipa af hólmi. Arnarfell er eitt þeirra sem hverfur á braut. Íslenskar áhafnir nýju skipanna verða skráðar í Færeyjum. Með því fá Samskip tekjuskatt þeirra endurgreiddan.

# Stjórnvöld óviss um hag af skattaívilnun

**Stjórnvöld telja óljóst hvort skattaívilnanir gagnvart skipaflutningafyrirtækjum skapi íslenskum farmönnum störf. Samtök atvinnulífsins segja að án reglubreytinga leggist íslensk kaupskipaútgerð af.**

**FLUTNINGASKIP** Stjórnvöld segja að einhverjar vikur taki að ákveða hvort réttlætanlegt sé að ívilna hérlendum skipaflutningafyrirtækjum. Óljóst sé hvort sambærilegar reglur og tíðkist í nágrannalöndunum skapi íslenskum farmönnum störf. Það sé í skoðun. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir ekki undan því vikist að samræma reglurnar. Verði það ekki gert sé tekin ákvörðun um að leggja íslenska kaupskipaútgerð niður.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir rétt að tryggja störf íslenskra stétta eins og kostur sé hverju sinni: „En málið er hins vegar mjög snúið og þess vegna hefur það verið til sérstakrar skoðunar hjá okkur. Ekki er hlaupið að því að finna lausn sem hentar.“

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, segir að þrátt fyrir sérreglur í nágrannalöndunum um kaupskip hafi sýnt sig að störf þarlendra sjómanna hafi ekki verið tryggð.

„Allt snýst þetta um hvort taka eigi upp ríkisstyrki fyrir útgerðir sem standa vel fjárhagslega eftir því sem best er vitað,“ segir Baldur. „Reynslan sýnir að þrátt fyrir kaupskipaskrár sem settar hafa verið upp í nágrannalöndunum hefur hlutfall erlendra farmanna farið vaxandi í þeim löndum að ýmsum ástæðum.“

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir siglingar kaupskipa vera alþjóðlega starfsemi: „Þegar staðan er þannig að öll önnur lönd í okkar heimshluta búa sínum kaupskipaútgerðum tiltekin starfsskilyrði, þá annaðhvort laga íslensk stjórnvöld sig að því og búa íslenskum útgerðum samkeppnishæf starfskilyrði eða útgerðirnar verða einfaldlega að flytja sig annað.“

Áhafnir tveggja skipa Samskipa verða skráðar í Færeyjum í lok mánaðarins. Forsvarsmenn Eimskips og Samskipa segja að séu áhafnir einu sinni skráðar erlendis þurfi meira en sambærilegt umhverfi til að þær verði færðar aftur heim.

Spurður um hvort stjórnvöld séu að renna út á tíma, svarar Sturla því til að skipafélögin skrái skip alla daga ársins. Ákvarðanir félaganna séu ekki óbreytanlegar.

gag@frettabladid.is

Seltjarnarnes:

# Fasteignaskattar lækka

**FASTEIGNIR** Síðar í þessum mánuði mun meirihluti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Seltjarnarness leggja fram tillögu um lækkun fasteignagjalda árið 2005. Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi segir að ekki sé búið að útfæra tillöguna. „En munurinn á fjárhagsáætlun og hækkun fasteignamats nemur um 13 prósentum. Tillagan mun ganga út á að skila verulegum hluta af því til baka.“ Álagning fasteignagjalda er nú 0,36 prósent af fasteignamati. Um áramót tók í gildi nýtt fasteignamat frá Fasteignamati Ríkisins sem kveður á um 30 prósenta hækkun sérbýlis á Seltjarnarnesi. Að meðaltali hækkar fasteignamat í sveitarfélaginu um 20 prósent á milli ára. - ss



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi vill lækka fasteignagjöld.

Járnblendifélagið:

# Samningar á bláþræði

**KJARAMÁL** Ekki verður af frekari úthýsingu verkefna og starfa frá starfsemi Íslenska járnblendifélagsins á næstunni.

Forsvarsmenn fyrirtækisins urðu við þeirri kröfu samninganefndar starfsmanna á fundi með ríkissáttasemjara á þriðjudag. Þar er tekist á um kjör og eru enn nokkur atriði sem ekki hefur náðst samkomulag um.

Kjarafundum samninganefnda starfsmanna og eigenda Íslenska járnblendifélagsins hefur verið frestað til 11. janúar. Er búist við að semjist eða slitni upp úr viðræðunum þá, samkvæmt vef Verkalýðsfélags Akraness. - gag

Regnbogadagar
10-50% afsláttur
Vertu þú sjálf
- vertu Bella donna
belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Bruninn á Sauðárkróki í byrjun desember:

# Rannsókn lögreglu er enn í biðstöðu

**BRUNI** Rannsókn lögreglunnar á Sauðárkróki á orsökum brunans sem varð ungum manni að bana í byrjun desember er í biðstöðu. Björn Mikaelsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki, segir að enn sé beðið eftir niðurstöðum úr sýnatöku tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík. Lítið sé hægt að aðhafast í málinu þar til þau gögn komi.

Lögreglan hefur þegar tekið skýrslu af fjölda manns. Björn segir að vel geti verið að niðurstöður sýnatökunnar gefi til kynna að það þurfi að taka skýrslur af einhverjum aftur. Hann segir ljóst að eldurinn hafi ekki kviknað út frá rafmagni. Líklegast hafi hann því kviknað af mannavöldum og því verið um íkveikju að ræða en hvort hún varð af gáleysi eða ekki sé ómögulegt að segja. Björn segir að fyrstu rannsóknir bendi ekki til þess að eldhvetjandi efni hafi verið þar sem eldurinn kviknaði.

Ungur maður sem slapp ómeiddur úr brunanum fékk réttarstöðu grunaðs manns skömmu eftir að bruninn varð. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/SKAGAFJORDUR.COM



**ELDSVOÐINN VIÐ BÁRUSTÍG** Piltur um tvítugt lést í eldsvoða á heimili sínu við Bárustíg á Sauðárkróki þann 5. desember.


NÝTT
Vnr 01 65 61
nicorette
nicotin
freshmint 2mg
medicinsk tyggegummi
LAV STYRKE
sukkerfri
105
stykker
Prófaðu
Nicorette Freshmint


mod
rygetrang

nicorette



**SYRGIR SON SINN**
Makgatho Mandela sonur Nelsons Mandela, fyrrverandi forseta Suður - Afríku, lést í gærmorgun. Mandela tilkynnti á blaðamannafundi að banamein hans hefði verið alnæmi.

Vaxandi hrepparígur vegna álversframkvæmda á Austurlandi:

# Álforstjóri fær það óþvegið

**TOGSTREITA** Tölvubréf til forstjóra Fjarðaáls hefur farið sem eldur í sinu um Austurland síðustu daga. Í bréfinu, sem undirritað er af „Íbúa Fjarðabyggðar," er forstjóranum sagt upp störfum en brottrekstrarsökin er ákvörðun hans að setjast að á Egilsstöðum en ekki í Fjarðabyggð.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, að vitað væri hver ritaði bréfið en í því er m.a. ýjað að mengunarhættu frá væntanlegu álveri. „Ég svaraði bréfritara með kurteisum hætti og fullvissaði hann um að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af mengunarhættu þar sem Fjarðaál verður eitt allra fullkomnasta álver í heimi hvað varðar umhverfismál. Þetta bréf einkennir ekki þá reynslu sem ég hef haft af Fjarðabyggð og fólkinu þar. Móttökur við fyrirtækið og mig hafa verið mjög góðar og kraftur og jákvæðni einkennir samfélagið," sagði Tómas.

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar sagði um bréfið: „Það er lélegt að senda svona nafnlausan tölvupóst manna í millum og hittir að lokum sendandann." kk@frettabladid.is



**TÓMAS MÁR SIGURÐSSON**
Forstjóri Fjarðaráls fékk nafnlaust bréf í tölvupósti þar sem honum er sagt upp upp störfum.

Fljótsdalshérað:

# Sex nýir stjórnendur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur ákveðið hverjir verða ráðnir í sex ný stjórnunarstörf hjá sveitarfélaginu. Bæjarstjórn var ekki einhuga í afstöðu sinni en meirihlutinn ákvað að ganga til samninga við eftirtalda: Guðlaug Sæbjörnsson, í starf fjármálastjóra, Helgu Guðmundsdóttur, í starf fræðslufulltrúa, Karenu Erlu Erlingsdóttur, í starf menningar- og frístundafulltrúa, Óðinn Gunnar Óðinsson, í starf verkefnis- og þróunarstjóra, Skarphéðinn Smára Þórhallsson, í starf héraðsfulltrúa og Önnu Björk Hjaltadóttur, í starf umhverfisfulltrúa. - kk



**MIKIÐ TJÓN**
Óboðnir gestir brutust inn í hesthús í Mosfellsbæ og höfðu á brott með sér mikið magn af verðmætum reiðtygjum. Sverrir Jóhannsson, eigandi hesthússins, varð fyrir tilfinnanlegu tjóni.

Innbrot í hesthús:

# Milljóna króna tjón

**LÖGREGLUMÁL** Ekkert hefur enn spurst til mikils magns af reiðtygjum sem stolið var úr hesthúsi í Reykjahlíð í Mosfellsbæ skömmu fyrir áramót. Að auki var stolið talsverðu af tækjabúnaði sem notuð eru til umhirðu hrossa, svo sem járningaráhöldum og tannröspum.

Reiðtygin, og annað það sem stolið var, eru sögð vel á aðra milljón króna virði.

Eigandi hesthússins, Sverrir Jóhannsson, sagði að sparkað hafði verið upp hurð til að komast inn í húsið. Hann sagði að um tilfinnanlegt tjón væri að ræða og hefur heitið þeim verðlaunum sem getur gefið einhverjar vísbendingar um hvað varð af reiðtygjunum. Sverrir beinir því til fólks að vera á verði sé verið að bjóða því mikið magn af notuðum reiðtygjum til sölu. - jss

# Kvaðir á inneignarnótum skapa vanda

**Margvíslegar kvaðir á inneignarnótum í verslunum geta sett neytendur í vanda, segja Neytendasamtökin. Sumir kaupmenn iðki að setja stuttan gildistíma á nóturnar og neiti jafnvel að taka þær og gjafakort gild á útsölum.**

**VIÐSKIPTI** Inneignarnótur í verslunum gilda í fjögur ár, sé ekki annað tekið fram á þeim, að sögn Sesselju Ásgeirsdóttur fulltrúa hjá Neytendasamtökunum.

Nú fer sá tími í hönd, að margt fólk skiptir eða skilar vörum í verslunum eða er með gjafakort upp á vasann. Útsölurnar eru einnig að hefja göngu sína og í þessum tilvikum öllum er mikilvægt að neytendur séu meðvitaðir um rétt sinn.

„Kaupmenn hafa sett tímamörk á inneignarnótur og gjafakort fólks. Dæmi eru um að gildistími sé aðeins tveir mánuðir," sagði Sesselja. „Þegar kaupandinn er búinn að taka við nótunni er hann um leið búinn að samþykkja þá skilmála sem á henni eru. Kaupmenn geta ákveðið hvernig þeir hafa nóturnar því það eru ekki í gildi nein lög um skilarétt. Kaupandinn á því aldrei rétt á að skila eða skipta vöru nema sérstaklega sé um það samið.Þess vegna er mikilvægt að kaupandinn kynni sér skilmála verslunarinnar um skilarétt áður en kaupin fara fram. Slíkur samningur tryggir rétt kaupanda."

Sesselja sagði að fólk gæti lent í vanda ef ströng tímamörk væru á inneignarnótum, og að á nótu stæði að hún gilti ekki á útsölu, því svo gæti farið að það fyndi ekkert við sitt hæfi í viðkomandi verslun og nótan um það bil að renna út. Það eina sem kaupandinn gæti gert væri þá að reyna að fá frestinn framlengdan.

Hún sagði það algengt að kaupmenn settu tímamörk á inneignarnótur, auk þess sem margir þeirra vildu setja ákvæði um að þær, og jafnvel gjafakort, giltu ekki á útsölum.

„Í þeim tilvikum minnum við viðkomandi neytendur á að að versla í þeim verslunum sem tileinka sér gildandi skilareglur. Kaupmönnum er í sjálfsvald sett hvort þeir fara að þeim eða ekki. Samkvæmt þessum reglum getur fólk notað inneignarnótu hvenær sem er og á útsölu ef nótan er dagsett 14 dögum áður en útsala hefst. Þetta kemur í veg fyrir að menn skili vörunni og kaupi hana strax aftur á lægra verði."

Sesselja sagði, að neytendur leituðu mjög mikið til samtakanna með mál varðandi inneignarnótur og rétt sinn á útsölum, ekki síst eftir áramótin. Neytendasamtökin hvettu neytendur til að versla þar sem skilareglunum væri framfylgt. Með því móti vissu þeir nákvæmlega hvaða rétt þeir ættu. jss@frettabladid.is




**ÚTSÖLUR**
Neytendasamtökin brýna fyrir fólki að vera meðvitað um rétt sinn til notkunar á gjafakortum og inneignarnótum, sem margir hyggjast ráðstafa eftir jólin, ef til vill á útsölum sem nú eru að fara í fullan gang.

Komdu núna
Taktubíl
Fjöldi notaðra bíla koma í sölu á hverjum degi. Komdu áður en þeir seljast. Komdu núna.
KLIKKAÐ VERÐ ☺
EKKERT ÚT☺
Skoðaðu bílana í smáauglýsingum DV og Fréttablaðsins.
Skoðaðu bílana á www.brimborg.is. Komdu í Brimborg Reykjavík, Akureyri.
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.brimborg.is

# Nýr og enn betri Hyundai Terracan

**Frumsýningarhelgi 8-9 janúar frá kl. 12 til 16**

**Ný hönnun**



**Kraftmiklar vélar**



**Nýr drifbúnaður**



**Ný innrétting**



» Nýr Hyundai Terracan
**Verð frá kr. 3.650.000**

Terracan AC GLX CRDi, 2.9 dísel
163 hestöfl, sjálfskiptur
Hannaður fyrir íslenskar aðstæður
**Þú eignast hann fyrir kr. 3.890.000**
**Bílasamningur kr. 51.900 á mánuði***




B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is
Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** TRYGGVI HARÐARSON, BÆJARSTJÓRI Á SEYÐISFIRÐI

# *Það þarf að styrkja heimavarnirnar*



„Við frestuðum nú áramótabrennunni og höldum hana í kvöld [gærkvöldi],“ sagði- Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, í spjalli í gær og hlakkaði nokkuð til kvöldsins enda flugeldum skotið á loft og sitt hvað fleira á dagskránni. Ekki viðraði til útiveru á gamlárskvöld og þrettándinn því haldinn enn hátíðlegri nú en ella.

„Það hefur verið mikil gróska í fiskvinnslu og löndun hjá okkur að undanförnu og eins eru menn að skoða hér virkjunarmöguleika,“ segir Tryggvi en ein fyrsta virkjun landsins var reist á Seyðisfirði á sínum tíma og saga bæjarins því samofin sögu rafmagnsframleiðslu landsins. Enn er málið á skipulags- og undirbúningsstigi en tíðinda af framvindu að vænta síðar á árinu. „Rafmagnið færi bara inn á landsnetið og hver sem er gæti keypt það,“ segir bæjarstjórinn. Engin stóriðja er því áformuð í firðinum fagra þrátt fyrir virkjunina. Samkvæmt Hagstofunni fækkaði íbúum Seyðisfjarðar um þrjátíu á síðasta ári og Tryggvi tekur undir að það sé heldur of mikið. „Reyndar er inni í þessum tölum fólk sem þegar var flutt í burtu en hafði ekki skráð sig þannig að þeim sem búa á staðnum hefur ekki fækkað jafn mikið.“

Tryggvi hefur nú búið á Seyðisfirði í tvö og hálft ár og líður vel. „Það fer vel um mig hér undir fjölllunum, þetta er lítill og sætur alþjóðlegur bær. Náttúrufegurðin heillar mig hvað mest og vitaskuld þetta góða mannlíf og skemmtilega fólk.“

Sem kunnugt er liggur olíuskipið El Grillo enn á botni Seyðisfjarðar en fallbyssa úr skipinu var hífð á land síðasta sumar. Bæjarstjórinn segir unnið að því að koma henni í skothæft ástand og býst við að hún verði til sýnis næsta sumar. „Það þarf að styrkja heimavarnirnar,“ segir hann og hlær. ■

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**DAGSKORT Í BLÁFJÖLLUM KOSTAR 1.300**
Miðað við fullorðna á virkum dögum. Börn greiða 500.

Bíllyklar:

## Ekkert grín að týna

**ÓHAPP** Bíllykillinn er sá hluti bílsins sem er hvað mest ómissandi en hann er jafnframt einn sá dýrasti, a.m.k. miðað við þyngd. Kona nokkur sagði farir sínar ekki sléttar eftir að hafa orðið fyrir því óhappi að týna lykli af bifreið sinni í höfuðborginni. Bílnum var ólöglega lagt og þurfti að draga hann af vettvangi. Kostaði drátturinn 5.300 krónur. Því næst kom að því að fá nýjan lykil smíðaðan. Fyrst varð að kaupa ósniðinn lykil sem kostaði litlar níu þúsund krónur sem svo varð að sníða til. Var konan rukkuð um 2.500 krónur fyrir skurðinn. Að honum lokum þurfti að kóða lykilinn til samræmis við tölvu bílsins. Tók verkið rétt tæpa mínútu og kostaði sex þúsund krónur. Þegar upp var staðið hafði lykilstapið því kostað 22.800 krónur. - shg

# Toyota bílar seldust langmest árið 2004

**Fólksbílasalan var með ágætum á árinu 2004. 11.968 nýir fólksbílar voru skráðir, talsvert fleiri en síðustu ár. Metið frá 1987 stendur þó óhaggað en þá seldist 18.081 nýr bíll. Toyota ber höfuð og herðar yfir aðrar tegundir; 3.199 slíkir seldust á árinu. Bílgreinasambandið spáir að 13.500 nýir bílar seljist á þessu ári.**

**BÍLASALA** Toyota er langvinsælasti fólksbíllinn á Íslandi. Um það er engum blöðum að fletta. 3.199 nýjar Toyota bifreiðar af öllum stærðum og gerðum voru skráðar á götuna árið 2004 og er það um þrefalt fleiri bílar en Volkswagen sem nýtur næstmestra vinsælda.

Ford er í þriðja sæti á listanum yfir mest seldu bifreiðategundirnar á síðasta ári, Hyundai í fjórða og Honda í fimmta sæti.

Alls seldust 11.968 fólksbílar árið 2004 og fór salan yfir tíu þúsund bíla í fyrsta sinn síðan árið 2000. Rúmlega sjö þúsund bílar seldust árið 2001, tæplega sjö þúsund 2002 og rétt innan við tíu þúsund árið 2003. Lægð þessara þriggja ára kom í kjölfar ágætrar bílasölu á árunum 1997 til 2000 þegar hún nam frá rúmlega tíu þúsund bílum upp í næstum 15.500 á ári. Fróðir menn segja bílasölu góðan mælikvarða á almennt efnahagsástand í landinu, af sölutölum megi merkja hvort efnahagur fólks sé góður eða slæmur. Allur gangur var á hvernig greitt var fyrir nýja bíla á síðasta ári en bílasölum bar saman um að heldur hefði dregið úr rekstrar- og einkaleigusamningum þegar líða tók á árið og vinsældir hefðbundinna bílalána hafi aukist. Þá var talsvert um að fólk staðgreiddi nýja bíla.

En Toyota er ekki aðeins langvinsælasta bíltegundin á Íslandi. Á lista yfir tíu mest seldu bílana eru hinar ýmsu gerðir Toyota í fimm af sex efstu sætunum. Efstur er Toyota Yaris, Toyota Corolla er í öðru sæti og Skoda Octavia í því þriðja.

Markaðshlutdeild Toyota árið 2004 var því sem næst svipuð því sem hún var árið á undan eða um 27 prósent. Volkswagen bætti svolitlu við sig og Ford talsverðu. Athyglisverður er mikill samdráttur í sölu Opel og Nissan á síðasta ári og einnig sú staðreynd að Daihatsu hefur ekki selst á Íslandi undanfarin tvö ár.

bjorn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MEST SELDI BÍLLINN 2004**
792 Toyota Yaris bílar seldust á síðasta ári

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÁ FJÓRÐI SÖLUHÆSTI**
557 Toyota Land Cruiser ´90 seldust á síðasta ári. Stykkið kostar frá tæpum fjórum og hálfri milljón króna.






Emil Grímsson, forstjóri Toyota er ánægður með árið:

## Besta árið í sögu fyrirtækisins

„Ef ég vissi svarið og gæti endurtekið leikinn annars staðar væri ég mjög verðmætur,“ segir Emil Grímsson, forstjóri Toyota á Íslandi, og hlær þegar hann er spurður hvað skýri þessar miklu vinsældir Toyota hér. Hann er vitaskuld ánægður með árangurinn og þakkar hann nokkrum þáttum. „Góðir bílar og frábært starfsfólk skipta mestu máli,“ segir hann og bætir við:„við leggjum líka gríðarlega áherslu á að veita góða þjónustu og höfum undanfarin sextán ár mælt hvernig við stöndum í þeim efnum í samanburði við aðra. Markmiðið er að vera alltaf númer eitt á því sviði,“ segir Emil.

Íslendingar eru hrifnari af Toyota bifreiðum en nokkur önnur Evrópuþjóð; hvergi í álfunni er markaðshlutdeild Toyota jafn mikil. Í framleiðslulandinu Japan er staðan hins vegar firna sterk og fjórir af hverjum tíu bílum á götunum af Toyotagerð. Sömu sögu er að segja í Afríku og víða í Mið-Austurlöndum þar sem jeppar eru algengir farskjótar; Land Cruiser og Hilux njóta þar mikilla vinsælda.

Emil segir einfaldlega: „jú,“ og hlær dátt, þegar hann er spurður hvort fyrirtækið hafi ekki grætt óheyrilega á síðasta ári vegna þessarar góðu bílasölu. „Síðasta ár var einfaldlega það albesta í sögu fyrirtækisins,“ segir forstjórinn sem sjálfur ekur um á Land Cruiser árgerð 2004 sem er á 38 tommu dekkjum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EMIL GRÍMSSON, FORSTJÓRI TOYOTA**
„Síðasta ár var einfaldlega það albesta í sögu fyrirtækisins.“

Svínabændur í Chile hafa fundið aðferð til að draga úr gasframleiðslu dýranna:

# Sannkallað svínarí

**SANTIAGO, AP** Á tímum umhverfisverndar gengur rétturinn til að menga kaupum og sölum. Þannig maka kjötframleiðendur frá Chile krókinn með því að selja mengunarkvóta til iðnríkjanna þar sem þeim hefur tekist að draga úr metanframleiðslu búpenings síns.

Vísindamenn hafa um langt skeið haft áhyggjur af hlýnun jarðar og afleiðingum hennar á hagi jarðarbúa. Margir fræðimenn eru þeirrar skoðunar að svonefndar gróðurhúsalofttegundir eigi þar hlut að máli, eins og til dæmis koltvísýringur og metan, en grunur leikur á að hiti sem að öðrum kosti færi út úr gufuhvolfinu festist innan þess af þessum sökum. Metangas er víða að finna í náttúrunni og er meðal annars í mykju og öðrum dýraúrgangi.

Markmið Kyoto-bókunarinnar um að draga úr hlýnun jarðar fela meðal annars í sér að aðildarríkjunum er úthlutað mengunarkvóta en hann kveður á um magn gróðurhúsalofttegunda sem þau mega losa út í andrúmsloftið. Þegar mengunin verður meiri en kvótinn segir til um geta þau keypt meiri kvóta af þeim ríkjum sem fullnýta ekki þessar heimildir og hefur skapast allnokkur markaður með þessi réttindi og kostar til dæmis tonnið af metangasi um þrettán þúsund krónur.

AgroSuper, chileskur svínakjötsframleiðandi, hefur nú hent sér í kvótabraskið af fullum krafti enda er gróðavonin mikil. Þetta gerir fyrirtækið með því að draga úr metanframleiðslu svínanna með markvissri endurvinnslu. Vanalega er svínaskít dælt út í stóra opna pytti þar sem gufurnar úr honum streyma upp í andrúmsloftið. Fyrirtækið hefur hins vegar varið tæpum tveimur milljörðum króna í tækniþróun í þessum efnum. Pyttir fyrirtækisins eru huldir plasti og gasið er leitt í pípur til orkuvera eða það er einfaldlega brennt. Af þessum sökum sparast umtalsverður mengunarkvóti sem AgroSuper er þegar búið að selja til kanadískra og japanskra fyrirtækja sem vilja ólm menga meira. Reiknar þessi suðurameríski svínakjötsrisi með að fjárfesting sín borgi sig upp að nokkrum árum liðnum. Þetta er kvótabrask sem er sannkallað svínarí. ■

AP MYND



**SVÍNAGAS TIL SÖLU**
Svínin í Peralillo í Chile láta fara vel um sig í stíunni sinni og framleiða metangas sem aldrei fyrr.

**FÓLKSBÍLASALAN 2004**

| | |
|---|---|
| Toyota | 3.199 |
| Volkswagen | 1.071 |
| Ford | 936 |
| Hyundai | 788 |
| Honda | 702 |
| Skoda | 651 |
| Suzuki | 603 |
| Subaru | 596 |
| Mitsubishi | 529 |
| Nissan | 496 |
| Renault | 351 |
| Volvo | 240 |
| Mazda | 238 |
| Citroen | 234 |
| Peugeot | 231 |
| BMW | 143 |
| KIA | 143 |
| Fiat/Alfa Romeo | 120 |
| SsangYong | 116 |
| Audi | 110 |
| Lexus | 98 |
| Daewoo | 87 |
| Opel | 69 |
| GM | 47 |
| Porche | 45 |
| Chrysler | 39 |
| Land Rover | 36 |
| Mercedes Bens | 23 |
| Lincoln | 9 |
| Lada | 5 |
| Saab | 3 |
| Aðrir | 13 |

**MEST SELDU UNDIRTEGUNDIRNAR 2004**

| | |
|---|---|
| Toyota Yaris | 792 |
| Toyota Corolla | 769 |
| Skoda Octavia | 578 |
| Toyota Land Cruiser 90 | 557 |
| Toyota Rav4 | 503 |
| Toyota Avensis | 407 |
| Volkswagen Golf | 398 |
| Subaru Legacy | 348 |
| Suzuki Vitara | 330 |
| Ford Focus | 317 |
| Ford Escape | 317 |

## Styrkur úr minningarsjóði

**TÓNLIST** Víkingur Heiðar Ólafsson hlaut í gær styrk úr Minningarsjóði Karls Sighvatssonar.



Víkingur hóf píanónám undir leiðsögn Erlu Stefánsdóttur við Tónmenntaskóla Reykjavíkur haustið 1990. Haustið 1995 var honum veitt inngangа í Tónlistarskóla Reykjavíkur þar sem Peter Maté var kennari hans næstu sex árin. Í nóvember 2000 hlaut Víkingur fyrstu verðlaun í fyrstu Píanókeppni EPTA á Íslandi. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum vorið 2001 og ári seinna hóf hann framhaldsnám við hinn virta Juilliard tónlistarháskóla í New York þar sem hann hefur verið nemandi Jerome Lowenthal.

Víkingur heldur einleikstónleika í Salnum í Kópavogi næstkomandi sunnudag klukkan 20.00. ■



24 stundir

HVERJIR ERU? TAMÍLTÍGRARNIR

# Stórtækastir allra í sjálfsmorðsárásum

Þegar hræðilegar hamfarir verða, líkt og í Indlandshafi á dögunum, slíðra fornir fjendur sverð sín og snúa bökum saman. Þannig hafa svonefndu tamíl-tígrar á eyjunni Srí Lanka tekið höndum saman með ríkisstjórn landsins um að lina þjáningar íbúa eyjarinnar þrátt fyrir að ríflega tveggja áratuga löngum ófriði þeirra sé ólokið.

**Tamílar?**
Tæp tuttugu prósent íbúa Srí Lanka eru Tamílar en þeir komu á sínum tíma frá Suður-Indlandi og náðu yfirráðum á eyjunni. Þegar Srí Lanka varð sjálfstætt árið 1948, þá kallað Ceylon, komust valdataumarnir í hendur Shinhala sem drjúgur meirihluti eyjarskeggja tilheyrir. Tungumál þeirra varð opinbert mál ríkisins og þeir gengu fyrir þegar valdastöðum var úthlutað. Því tóku óánægðir Tamílar að bindast samtökum um að leiðrétta það ójafnræði sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir.

**Tamíl-tígrarnir sýna klærnar**
Tamíl-tígrarnir eða Frelsistígrar Tamíl Eelam komu fyrst fram á sjónarsviðið upp úr 1970 og tóku til við skæruhernað og hermdarverk. Baráttumál þeirra er sem fyrr stofnun sjálfstæðs ríkis, Eelam, á norðaustanverðri Srí Lanka. Framan af nutu samtökin stuðnings indverskra stjórnvalda en þegar kom fram á níunda áratuginn létu þau af því.
Árið 1983 sló í brýnu á milli Tamíla og stjórnvalda og lágu 600 Tamílar í valnum eftir þá sennu og tugþúsundir flúðu til Indlands. Aftur skarst í odda upp úr



1990 þegar tígrarnir myrtu Rajiv Ghandi, fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, og Ranashinge Premadasa, forseta Srí Lanka.
Eftir misheppnað vopnahlé brast á stríð stjórnvalda og tígrana sem lyktaði með því að árið 1995 lagði stjórnarherinn Jaffnaskaga undir sig, höfuðvígi tígranna. Skömmu síðar kom alþjóðlegt friðargæslulið á svæðið og þar er það enn.

**Einskis svifist**
Í dag er talið að um 10.000 tamíl-tígrar séu undir vopnum og eru þeir annálaðir fyrir harðdrægni sína. Þeir eru sagðir ganga um með blásýruhylki um hálsinn sem þeir bryðja komist þeir í hendur óvina. Alræmdastir eru þeir fyrir sjálfsmorðsárásir sínar en samkvæmt BBC hafa tígrarnir framið fimm sinnum fleiri slíkar árásir en öll önnur sambærileg samtök samanlagt. 50.000 manns hafa látið lífið síðasta aldarfjórðunginn í átökunum á Srí Lanka.

## SPURT & SVARAÐ

IMPREGILO



AÐALSTEINN BALDURSSON

### *Þarf að taka harðar á þessu*

Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo er sagt hafa orðið uppvíst að því að hýrudraga portúgalska starfsmenn á Kárahnjúkum um samtals tæpar 300 milljónir króna á síðasta ári.

**Hvernig slá þessi tíðindi þig?** Þetta er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál. Það sem við höfum verið að fá er allt í eina veru. Menn hafa ekki verið að greiða rétt laun, auk þess sem aðbúnaður starfsmanna hefur frá upphafi í mörgum tilvikum verið fyrir neðan allar hellur. Það sem vekur athygli núna er að þeir vilja ekki endurráða þessa Portúgala sem þeir hafa verið með í vinnu heldur vilja þeir ráða fleiri Kínverja.

**Af hverju?** Íslensk fyrirtæki og aðrir hafa verið að fara mikið með starfsemi sína til Kína þar sem eru léleg laun, langur vinnutími og allt annað umhverfi heldur en annars staðar. Þetta fólk er er vant allt öðru vinnuumhverfi heldur en við.

**Hvað er til ráða?** Ég þykist vita að Impregilo sé alltaf að ganga lengra og lengra því þeir finna að ríkisstjórnin hefur fram að þessu ekki verið að veita neina mótstöðu. Ríkisstjórnin þarf að taka á þessu eins og henni ber að gera. Í öðru lagi þarf verkalýðshreyfingin að vera miklu harðari og fylgja því eftir að þarna séu virt mannréttindi og íslensk lög ef ríkisstjórnin ætlar ekki að gera það sjálf.

# Aðkoman var hryllilegri en orð fá lýst

**Carol Bellamy, framkvæmdastjóri Unicef, segir hamfarirnar við Indlandshaf hafa bitnað verst á börnunum. Hún vonast til að nýir tímar séu runnir upp í samskiptum Vesturlanda við þróunarlöndin.**

Margir helstu þjóðarleiðtoga heims hittust í Jakarta í Indónesíu í gær og ræddu um hvernig haga bæri neyðaraðstoð og uppbyggingarstarfi á hamfarasvæðunum við Indlandshaf. Nú þegar hefur verið lofað rúmum 200 milljörðum króna en Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, brýndi fyrir leiðtogunum að standa við loforð sín um fjárhagsaðstoð. Annars gætu sjúkdómar breiðst út og enn fleiri látist til viðbótar við þá 140.000 sem þegar eru taldir hafa týnt lífi.



**FRÉTTAVIÐTAL**
UPPBYGGING VIÐ INDLANDSHAF

SVEINN GUÐMARSSON
BLAÐAMAÐUR

**Ólýsanlegar hörmungar**
Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, Unicef, hefur látið til sín taka á flóðasvæðunum og reynt að lina þjáningar okkar smæstu bræðra og systra eins og frekast er kostur. Carol Bellamy, framkvæmdastjóri hennar, var nýkomin af ráðstefnunni í Jakarta þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær. Hún sagði einhug hafa ríkt um nauðsyn þess að hjálparstarfið gengi hratt og vel fyrir sig. „Hvað börnin áhrærir er okkur sérstaklega umhugað um að koma í veg fyrir sjúkdóma á meðal þeirra og koma þeim sem fyrst aftur í skóla eftir því sem kostur er. Við leitum að ættingjum þeirra barna sem hafa misst foreldra sína í hamförunum svo að þeir geti tekið þau að sér.“



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

CAROL BELLAMY
Bellamy heimsótti meðal annars neyðarbúðir í Ampara á Srí Lanka í vikunni. Á sinni löngu starfsævi hefur hún aldrei séð aðrar eins hörmungar eins og dundu yfir íbúa á ströndum Indlandshafs.

Dagana fyrir ráðstefnuna heimsótti Bellamy hamfarasvæði á Srí Lanka og í Indónesíu, meðal annars Aceh-hérað. Bellamy hefur starfað lengi fyrir alþjóðleg hjálparsamtök en aldrei hefur hún orðið vitni að neinu í líkingu við aðkomuna á þessar slóðir. „Ég hef aldrei séð hræðilegri sjón en í Banda Aceh í gær og ég hef heyrt að sumir hlutar vestanverðrar Súmötru séu jafnvel enn verr leiknir. Á Srí Lanka sá ég marga foreldra bíðandi í sjávarborðinu í þeirri von að lík barna þeirra myndu reka á land. Í Banda Aceh sá ég hús sem lagst höfðu í rúst í flóðbylgjunni og þar voru enn mörg lík innandyra. Þetta var svo hryllilegt að ég get eiginlega ekki lýst því,“ segir hún og auðheyrt er að hún beygir af við þessi orð.

**Börn verða verr úti**
Talið er að í það minnsta þriðjungur þeirra sem fórust í flóðunum séu börn enda eru 30-40 prósent íbúanna við Indlandshaf undir 18 ára aldri. Bellamy bendir á að þar sem börn séu þar að auki mun veikbyggðari líkamlega en fullorðnir megi gera ráð fyrir að áhrif hamfaranna séu mun meiri á þau en þá sem eldri eru. Því telur hún að um hógvært mat sé að ræða þegar talið er að þriðjungur látinna sé á barnsaldri. „Fyrir þau börn sem komust lífs af er áfallið mun meira en fyrir fullorðna fólkið. Þau hafa minni skilning á því sem gerst hefur og eru því ráðvilltari og mörg þeirra þurfa að glíma við þann veruleika að foreldrar þeirra og ættingjar séu fallnir frá.“

Óhugnanlegar frásagnir hafa borist af ránum á börnum sem misstu sína nánustu í flóðunum. Bellamy segir ljóst að glæpasamtök sem meðal annars fáist við mansal séu þarna á kreiki en ítrekar að enn séu fréttir mjög óljósar og fá staðfest tilvik um smygl á barnungum fórnarlömbum flóðanna. „Unicef hefur þess vegna unnið mjög náið með stjórnvöldum í Indónesíu við skráningu barna og reynt að finna út hvort þau eigi einhverja ættingja á lífi.“

**Nýir tímar**
Þjóðir heims hafa lagst á eitt um að veita neyðaraðstoð til þeirra þjóða sem um sárt eiga að binda en jafnframt hafa lánadrottnar þeirra ákveðið að létta á þeim skuldabyrðina. Í þessu eygja margir von um að nýir tímar séu runnir upp í samskiptum iðnríkjanna við þróunarlöndin. Bellamy tekur undir það. „Vonandi minnir þetta líka á þá sem hafa efasemdir um Sameinuðu þjóðirnar hversu mikilvægt hlutverk samtökin geta haft í heiminum. Ég vona jafnframt að alþjóðasamfélagið minnist þess að á meðan við söfnum öllum þessum fjármunum og hjálpargögnum og sýnum umhyggju þá þarf heimurinn alltaf á því að halda að íbúar hans sýni hverjir öðrum samúð og samstöðu,“ segir Carol Bellamy, framkvæmdastjóri Unicef. ■




Jazzballett Freestyle

Skemmtilegu jazzballett og freestyle námskeiðin okkar hafa aldrei verið vinsælli.

Nú skráum við í:
- 5-7 ára
- 8-10 ára
- 11-13 ára
- 14-16 ára
- 17 ára og eldri

*Leið 4 stoppar stutt frá

Dansstúdíó Sólveigar
Dugguvogi 12
- dansandi í 10 ár

Innritun í síma 553-0786 eftir kl. 14.00



**AFHENDING VERÐLAUNANNA**
Frá vinstri: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Sædís Sævarsdóttir, Bergljót Magnadóttir og Jóhann Axelsson prófessor.

Rannsóknir í heilbrigðisvísindum:

# Tveir hljóta hvatningarverðlaun

**VERÐLAUN** Tveir hlutu hvatningarverðlaun fyrir rannsóknir á sviðum heilbrigðis- og lífeðlisfræða sem afhent voru í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, á miðvikudag.

Sigrún Lange líffræðingur hlaut hvatningarverðlaun Jóhanns Axelssonar, prófessors emeritus. Verðlaunin eru ætluð efnilegum vísindamönnum á sviði líf- og læknisfræði. Sigrún er 27 ára gömul og hlýtur verðlaunin fyrir rannsóknir á ónæmiskerfi fiska sem hafa bæði fræðilega og hagnýta þýðingu. Bergljót Magnadóttir tók við verðlaununum fyrir hönd Sigrúnar sem var stödd erlendis.

Þá hlaut Sædís Sævarsdóttir læknir hvatningarverðlaun menntamálaráðuneytisins til ungra vísindamanna. Sædís, sem er 29 ára, hlaut verðlaunin fyrir rannsóknir á ónæmisfræðum. Verðlaunin voru veitt í tengslum við ráðstefnu um rannsóknir í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. Sigrún og Sædís fengu hvor um sig 250 þúsund krónur í verðlaun. **- bs**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**GLEÐILEG JÓL**
Orþódoxakirkjur víða um lönd héldu jól sín í gær, 6. janúar. Íbúar Búkarest í Rúmeníu létu ekki sitt eftir liggja heldur leyfðu rétttrúnaðarklerkunum að stökkva á sig helguðu vatni sér til blessunar.

Íslensk læknarannsókn:

# Örorka vegna sykursýki vex hjá körlum

**HEILBRIGÐISMÁL** Offita og sykursýki henni tengdri hefur farið vaxandi á Íslandi á undanförnum árum. Svo virðist sem örorka vegna sykursýki hafi einnig vaxið.

Þetta styðja niðurstöður könnunar Sigurðar Thorlaciusar tryggingayfirlæknis og fleiri lækna sem greint var frá á ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum sem nýlokið er í Öskju, náttúruvísindahúsi Háskóla Íslands.



**OFFITA**
Offita og sykursýki henni tengdri hefur farið vaxandi á Íslandi.

Þar kemur fram að örorka vegna sykursýki hefur aukist verulega á síðustu árum hjá íslenskum körlum. Á sama tíma hefur ekki orðið marktæk aukning hjá konum.

Læknarnir báru saman tíðni örorku vegna sykursýki á árunum 1990 og 2003. Kannað var í hve mörgum tilvikum greining sykursýki kom fyrir í örorkumati og hvort hún krafðist meðferðar með insúlíni eða ekki.

Af niðurstöðum rannsóknarinnar eru dregnar þær ályktanir að hjá körlum hafi örorka vegna sykursýki aukist verulega umfram almenna örorku frá 1990 til 2003, sérstaklega vegna sykursýki sem krefst meðferðar með insúlíni. ■







## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.379 **+0,06%**

**Fjöldi viðskipta:** 193
**Velta:** 1.391 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Tangi** | 5,56% | **Austurbakki** | -3,90% |
| **Straumur** | 1,08% | **SH** | -1,74% |
| **Actavis** | 0,52% | **Össur** | -1,31% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 3850 +0,52% ... Atorka 5,75 +0,86% ... Bakkavör 24,00 - ... Burðarás 11,90 +0,42% ... Flugleiðir 9,90 +0,51% ... Íslandsbanki 11,00 - ... KB banki 457,00 - ... Kögun 46,30 -0,86% ... Landsbankinn 12,00 - ... Marel 48,80 - ... Medcare 6,05 - ... Og fjarskipti 3,23 +0,31% ... Samherji 10,90 -0,91% ... Straumur 9,40 +1,08% ... Össur 75,50 -1,31%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### MK One í Hagkaup

Í Times er haft eftir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, að til standi að hefja útrás bresku tískukeðjunnar MK One til Evrópu sem Baugur keypti ásamt fjárfestum á síðasta ári.
MK One sérhæfir sig í tískufatnaði í ódýrari kantinum og sjá nýir eigendur möguleika í því að koma vörum fyrirtækisins í stórmarkaði í Evrópu. Hann segist sjá tækifæri í útflutningi tískufatnaðar í stórmarkaði og að allir stórmarkaðir þurfi að geta boðið upp á tískufatnað. Baugur hefur reynslu af slíkri sölu, en Hagkaup hafa um árabil selt tískufatnað í búðum sínum og því ekki ólíklegt að föt frá MK One verði komin á herðatrén í Skeifunni innan skamms.

### Straumlínurnar í lag

Þeir eru margir sem nota fyrstu daganna á nýju ári til að setja sér markmið um heilsusamlegra líferni. Líkamsræktarstöðvar nýta sér góðan vilja landans á hverju ári og bjóða þeim góð tilboð á árskortum í líkamsrækt. Margir þeirra sem taka slíkum tilboðum, fullir metnaðar í byrjun janúar, endast ekki lengi. Þeir sem hafa lagt leið sína í Laugarnar undanfarna daga hafa hins vegar komið auga á hóp sem virðist líklegur til árangurs. Í þessum þriggja manna hópi eru Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, og Borgar Þór Einarsson lögfræðingur. Það sem vekur með mönnum trú á framtíð hópsins er þó ekki að þessir tveir beri sig sérstaklega vel í salnum – þeir þykja reyndar eiga langt í land – heldur sú staðreynd að þriðji maðurinn í hópnum er Guðjón Þórðarson, fyrrum landsliðsþjálfari, sem er náfrændi æfingafélaganna. Menn eru almennt á því að Guðjón sé betri en enginn þegar kemur að því halda góðum aga .



### MARKAÐSFRÉTTIR...

Hluthafafundir í **HB Granda hf., Tanga hf., Bjarnarey ehf. og Svans RE-45 ehf.** hafa samþykkt samruna félaganna. Sameiningin er á grundvelli samrunaáætlunar sem undirrituð var í lok nóvember. HB Grandi var fyrir sameiningu stærsta útgerðarfélag landsins.

Bakkavör hefur ráðið tvo starfsmenn á fjármálasvið félagsins með aðsetur í Reykjavík. **Rafnar Lárusson** hefur verið ráðinn fjárreiðustjóri samstæðunnar og **Jóhann Gunnar Jóhannsson** hefur verið ráðinn sérfræðingur á fjármálasviði.

Fjárfestingarfélagið **Atorka** hefur tilkynnt London Stock Exchange um að eignarhlutur Atorku í **NWF Group plc.** sé nú 10,01 prósent. Atorka hefur því aukið eign sína um eitt prósent.

# Nýir stjórnendur hjá Íslandsbanka



JÓN DIÐRIK JÓNSSON



HAUKUR ODDSSON

Íslandsbanki hefur gert breytingar á skipulagi í yfirstjórn bankans. Haukur Oddsson verður framkvæmdastjóri sameinaðs viðskiptabanka- og rekstrarsviðs. Haukur er verkfræðingur að mennt og hefur starfað hjá bankanum síðastliðin tuttugu ár. Jón Þórisson, aðstoðarforstjóri bankans, sem hvarf frá störfum í bankanum, var yfirmaður viðskiptabankasviðs.

Þá hefur Jón Diðrik Jónsson, fyrrverandi forstjóri Ölgerðarinnar, verið ráðinn framkvæmdastjóri fjárfestinga- og alþjóðasviðs bankans.

Þá hefur verið komið á fót skrifstofu forstjóra. Þar verður Rósant M. Torfason verkefnisstjóri í viðskiptaþróun og Pétur Blöndal forstöðumaður kynningarmála og fjárfestatengsla. ■

# Lífeyrisréttindi ígildi starfslokasamnings

Mismunur á lífeyrisréttindum einstaklings með 250 þúsund króna mánaðarlaun hjá ríkinu og á almennum markaði má jafna við að ríkisstarfsmaðurinn fái tíu milljóna króna starfslokasamning.

Samtök atvinnulífsins benda á þetta í nýju fréttabréfi sínu. Samtök atvinnulífsins segja að ríkisstarfsmönnum séu tryggð 93,5 prósent af launum sínum samanborið við að sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verslunarmanna fái 69,3 prósent. Þá benda samtökin á að ríkið tryggi sínum lífeyrisþegum réttindi og greiði það sem á vanti, meðan lífeyrissjóðir standi frammi fyrir því að skerða réttindi sinna félaga vegna hækkandi lífaldurs og aukinnar örorku. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VEXTIRNIR GÆTU LÆKKAÐ ENN** Miðað við ávöxtunarkröfu á markaði nú gæti Íbúðalánasjóður lækkað vexti úr 4,15 í 4,05 prósent.

# Íbúðavextir gætu farið undir fjögur prósent

**Ekkert lát virðist vera á kjarabót íbúðakaupenda og spáir Íslandsbanki að vextir Íbúðalánasjóðs fari undir fjögur prósent um mitt árið. Hallur Magnússon hjá Íbúðalánasjóði segir að ef skuldabréfaútboð færi fram nú yrðu vextir líklega 4,05 prósent.**

Vextir á húsnæðislánum gætu farið niður fyrir fjögur prósent á næstu misserum. Miðað við ávöxtunarkröfu á markaði nú gæti Íbúðalánasjóður lækkað vexti sína úr 4,15 í 4,05 prósent.

Í Morgunkorni Íslandsbanka í gær kom fram að miðað við núverandi ávöxtunarkröfu á markaði megi gera ráð fyrir að vextir Íbúðalánasjóðs gætu farið í 4,05 prósent og að mati Ingólfs Bender, forstöðumanns greiningardeildar Íslandsbanka, gætu vextirnir farið niður fyrir fjögur prósent um mitt þetta ár.

Hallur Magnússon hjá Íbúðalánasjóði staðfestir mat Íslandsbanka. „Miðað við ávöxtunarkröfuna í dag þá er ljóst að það myndi skila sér í lækkun vaxta ef farið væri út í skuldabréfaútboð nú,“ segir hann. Hallur segir ekki hafa verið ákveðið hvenær næst verði farið í útboð skuldabréfa en endurskoðun vaxta á sér stað í kjölfar slíkra útboða.

„Þetta er það sem við sjáum gerast á markaðinum. Langtímavextir eru í leiðinni niður og það mun ýta sjóðnum út í að lækka vextina,“ segir Ingólfur Bender. Hann telur líklegt að þá muni bankarnir einnig lækka sína vexti. „Ég geri ráð fyrir að þeir verði áfram af fullum krafti í þessari samkeppni,“ segir hann.

Að mati Ingólfs geta lækkandi vextir haldið áfram að kynda undir hækkun á fasteignaverði en aukning kaupmáttar og fleiri lánamöguleikar hafa einnig sitt að segja í þeirri þróun.

Skammtímavextir, svo sem eins og á yfirdráttarlánum, fara hins vegar hækkandi á þessu ári samhliða því að Seðlabankinn hækkar stýrivexti. Ingólfur segir þróunina í langtímavöxtum ekki nauðsynlega vera þá sömu og í skammtímavöxtum. „Hækkun stýrivaxta getur vel farið saman við að langtímavextir séu að lækka. Það merkir ekki að stýrivextirnir bíti ekki heldur að þeir bíti í gegnum aðra þætti svo sem eins og gengi krónunnar,“ segir hann.

thkjart@frettabladid.is

# Of hátt gengi krónunnar

### ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

„Gengi krónunnar er allt of hátt“ er staðhæfing sem oft hefur heyrst að undanförnu. Þá er líka talað um að krónan sé allt of sterk. En er ekki betra að krónan sé of sterk en of veik? Máltilfinningin segir okkur allavega að það sé betra að vera sterkur en veikur. En hvað þýðir þetta og eru þessar staðhæfingar réttar?
Í fyrsta lagi þurfum við að átta okkur á því að það er ekki til neitt eitt „rétt“ gengi krónunnar. Það sem einum finnst of hátt finnst öðrum of lágt. Gengi vísar einungis til hlutfallslegs munar á tveimur gjaldmiðlum, til dæmis gengi krónunnar gagnvart evru eða gengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal.
Ef til er eitthvert „rétt“ gengi, þá er það gengi sem felur í sér jafnvægi í einhverjum skilningi þess orðs, til dæmis jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Aðrir vilja meina að þar sem gengið ræðst á markaði, þá sé gengið sem skráð er á hverjum tíma „rétt“ gengi og því ekki til neitt „rangt“ gengi.
En hvort viljum við að krónan verði sterkari eða veikari? Það fer dálítið eftir því hvorum megin við stöndum. Sem neytendur innfluttra vara viljum við sterka krónu, þar sem við fáum meira fyrir krónuna og líklegt að innfluttar vörur lækki í verði. Útflytjendur eru hins vegar á öndverðum meiði, þar sem þeir fá færri krónur fyrir vöru sína þegar krónan er sterk. Þeir vilja því veikari gjaldmiðil, því þá fá þeir meira fyrir sinn snúð.
Ferðaþjónustan hér á landi vill því einnig veikari krónu, því þá verður hlutfallslega ódýrara fyrir útlendinga að lifa hér á landi og þeir því viljugri til að koma hingað. Við Íslendingar viljum aftur sterkari krónu þegar við ferðumst til útlanda, því þá verða vörur í útlöndum hlutfallslega ódýrari.
Einhvers staðar þarna á milli þarf að finna jafnvægi og oft er miðað við jafnvægi í viðskiptum við útlönd, þótt taka þurfi fleira með í reikninginn. Nú er mikill halli á viðskiptum við útlönd sem bendir til þess að krónan sé of sterk. Ef hún veikist, þá eyðum við minni upphæðum erlendis og útlendingar eyða meiru hérlendis og þannig lagast viðskiptajöfnuðurinn frá báðum hliðum. Auðvitað eru ýmsar flækjur á þessum málum, eins og til dæmis virkjanaframkvæmdirnar fyrir austan sem auka viðskiptahallann nú meðan á framkvæmdum stendur en bæta hann síðan þegar starfsemi hefst í álverinu. ■



Ef til er eitthvert „rétt“ gengi, þá er það gengi sem felur í sér jafnvægi í einhverjum skilningi þess orðs, til dæmis jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Aðrir vilja meina að þar sem gengið ræðst á markaði, þá sé gengið sem skráð er á hverjum tíma „rétt“ gengi og því ekki til neitt „rangt“ gengi.

ÚTSALAN
sem allir hafa beðið eftir
Jakkaföt frá 12.990,-
Úlpur frá 5.990,-
Buxur frá 2.990,-
Bolir frá 990,-
Sokkar frá 99,-
...og báðir innifaldir!
Herra hafnarfjörður
Firði Hafnarfirði • Sími 565 0073

Tilboðin gilda til sunnudags 9. jan. eða meðan birgðir endast

# Janúartakturinn...

**Ferskar bringur**

**40% afsláttur við kassann**

HOLTA bringur ferskar
**1314 kr. kg**
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 2190kr.kg

**1000g BÓNUS Kornbrauð Kílóbrauð**
**79 kr.** KÍLÓBRAUÐ

...fyrir góðan dag!

Holta-kjúklingur

HOLTA kjúklingavængir
**179 kr. kg**
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.kg

2 LÍTRAR
**89 kr.**

BLANDAÐ SÚPUKJÖT
**299 kr. kg**

ÚRVALS SÚPUKJÖT
**399 kr. kg**

SÚPUKJÖTIÐ FRÁ SAUÐÁRKRÓKI

**Ferskir bitar**

HOLTA kjúklingalæri/leggir
**359 kr. kg**
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.kg

KOLSÝRT VATN HREINT EÐA MEÐ SÍTRÓNUBRAGÐI

LÝSI +D OG KALK
**699 kr.**

HEILSUTVENNA FRÁ LÝSI
**599 kr.**

# Hollustan í hávegum!

**139 kr.** 500ml

LAUSFRYSTIR KJÚKLINGABITAR

EKKERT BRUÐL

**40% afsláttur við kassann**

Kjúklingurinn er tilvalin aðhaldsfæða enda mun fituinnihald kjúklingakjötsins aðeins vera um 5%. Næringargildið er ótvírætt, m.a. öll B-vítamínin, og síðan telst það vera uppspretta prótína.

FITUBRENNSLUDRYKKIR

LAUSFRYSTIR BITAR
**299 kr. kg**
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 499kr.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Framhaldsskólanámi fylgja ýmsir kostnaðarliðir og sumir háir.

## Jafnrétti til náms

Þriðja bókavertíð vetrarins er runnin upp, í beinu framhaldi af aðalbókavertíðinni í aðdraganda jóla. Skólarnir eru byrjaðir eða í þann veginn að hefjast eftir jólaleyfið og unga fólkið farið að fjölmenna í verslanirnar til að kaupa skólabækurnar fyrir vorönnina sem framundan er. Þegar grunnskólanáminu sleppir fellur kostnaður vegna námsbóka alfarið á nemendur og heimili þeirra. Það eru því mikil viðbrigði fyrir heimilisbókhaldið þegar unglingarnir ljúka skólaskyldunni og hefja nám í framhaldsskóla.

**Þegar grunnskólanáminu sleppir fellur kostnaður vegna námsbóka alfarið á nemendur og heimili þeirra. Það eru því mikil viðbrigði fyrir heimilisbókhaldið þegar unglingarnir ljúka skólaskyldunni og hefja nám í framhaldsskóla.**

Ljóst er að kostnaður heimila vegna skólabókakaupa er gríðarlegur. Nemendur þurfa að verja tugum þúsunda króna til kaupa á námsbókum yfir skólaárið. Þegar kemur að námsbókakaupum er talsvert minna svigrúm til að hafa áhrif á kostnað en í ýmsum öðrum útgjaldaliðum heimilisins. Námsbók fyrir tiltekna grein í tilteknum skóla er ein og aðeins ein og hana verður að kaupa. Ekki er hægt að velja að kaupa ódýrari kennslubók í sama fagi. Svigrúmið felst eingöngu í því að kanna og bera saman verð á tiltekinni bók í nokkrum verslunum og kaupa hana þar sem hún er ódýrust. Sömuleiðis er í sumum tilvikum möguleiki að fá lánaða skólabók eða kaupa hana notaða en það er háð því að bókin hafi ekki verið notuð áður og að ekki sé komin af henni ný útgáfa. Að öðru leyti er nemandinn algerlega undir vali skóla eða kennara á námsbókum settur og þetta val getur verið afar breytilegt milli ára.

Verð á nýjum námsbókum er í sumum tilvikum sambærilegt við verð á nýútgefnum skáldsögum og ævisögum í viðhafnarútgáfum og hver nemandi getur þurft að kaupa nokkrar slíkar bækur á önn, auk hinna sem ódýrari eru. Svo virðist sem sú samkeppni sem ríkir í bóksölu á jólabókamarkaðinum og skilað hefur neytendum lækkuðu verði á bókum, í sumum tilvikum, nái ekki til skólabókamarkaðarins þótt vissulega sé munur á verði þeirra milli verslana eins og fram kom í verðkönnun ASÍ á náms- og orðabókum sem gerð var nú í vikunni.

Ljóst er að á efnaminni heimilum hljóta skólabókakaup að vera þungur fjárhagslegur baggi. Þar hljóta nemendurnir að vera mjög háðir því að að hafa tekjur til að standa straum að námsbókakostnaði sínum. Ljóst er því að margir framhaldsskólanemar þurfa að vinna með skóla til þess að eiga fyrir grundvallarþörfum vegna skólagöngunnar þótt vissulega sé vinna unglinga með námi í sumum tilvikum til að kosta dýra lifnaðarhætti. Dæmi eru jafnvel um að unglingar hætti, að minnsta kosti tímabundið, í skóla vegna þess kostnaðar sem náminu fylgir og þar vegur kostnaður vegna bókakaupa þungt.

Þrátt fyrir að tekjulægri heimili fái skattaívilnun vegna unglinga í framhaldsskólanámi og að komið sé til móts við kostnað vegna skólagöngu þeirra nemenda sem ekki geta sótt framhaldsskólanám sitt í heimabyggð er ljóst að á mörgum heimilum í landinu er ekki hægt að leyfa sér þann munað að unglingar stundi framhaldsskólanám. Það er óviðunandi í samfélagi þar sem sátt ríkir um að jafnrétti eigi að vera til náms.■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ólíkt hafst að

Ólíkt hafast þeir að stjórnendur Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness. Í höfuðborginni er skattalækkun ríkisstjórnarinnar mætt af fullum þunga með hækkun útsvars og fjölmargra annarra gjalda á borgarbúa. Af Seltjarnarnesi berast hins vegar þær fréttir að fyrirhugað sé að lækka fasteignagjöld sem bæjarbúar greiða en að óbreyttu mundu þau hækka umtalsvert vegna mikillar hækkunar fasteignaverðs að undanförnu. Haft er eftir Jónmundi Guðmarssyni bæjarstjóra að traust fjárhagsstaða og ráðdeild í rekstri geri þetta kleift. Forvitnilegt verður að sjá hvort nýi borgarstjórinn í Reykjavík, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, og félagar hennar í R-listanum fylgi fordæmi meirihluta sjálfstæðismanna á Nesinu eða láti fasteignaeigendur í borginni greiða hækkunina að fullu.



### Misheyrn?

Hringt var í Heyrnar- og talmeinastöðina til að panta tíma í heyrnarmælingu. Þótt janúarmánuður sé varla byrjaður eru allir tímar mánaðarins upppantaðir og ekki tekið við bókunum fyrir febrúar fyrr en undir lok mánaðarins. Svolítið gamaldags. En er þá hægt að fara annað? Jú, alúðleg rödd bendir á að læknarnir í Glæsibæ bjóði til dæmis upp á heyrnarmælingu. Fínt. Og kostar það eitthvað meira en hjá ríkisstofnuninni? Nei, það er ekki málið. En verði niðurstaða mælingarinnar sú að útvega þurfi heyrnartæki þá dugar ekki mæling hjá læknunum heldur þarf að panta tíma hjá Heyrnar- og tal. Og þá er það sami biðlistinn aftur! Nema fyrirspyrjanda hafi misheyrst.

### Ekki yfir lækinn

Það var gaman að spreyta sig á fullorðinsgetraun Morgunblaðsins á gamlársdag. Og verðlaunin ekki af verri endanum – nýjar bækur. Fyrstu verðlaun „Andlit norðursins“ eftir Ragnar Axelsson ljósmyndara; önnur verðlaun „Málsvörn og minningar“ eftir Matthías Johannessen og hin þriðju „Karitas án titils“ eftir Kristínu Marju Baldursdóttir. Höfundarnir allir innanbúðarmenn. Greinilegt að þar leita menn ekki yfir bæjarleikinn til að ná í vatn.

gm@frettabladid.is

# Bæjarpóstur deyr

Í DAG
FJÖLMIÐLAFLÓRAN Á ÍSLANDI



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Héraðsfréttablaðið Bæjarpósturinn á Dalvík hætti að koma út nú fyrir jólin. Rekstrargrundvöllur reyndist ekki vera fyrir blaðinu að óbreyttu. Bæjarpósturinn hefur um nokkuð langt skeið barist í bökkum, rétt eins og nær öll héraðsfréttablöð á Íslandi sem eru í þeirri erfiðu stöðu að vera gefin út á tiltölulega smáum markaði þar sem möguleikar á auglýsingatekjum eru takmarkaðar en kostnaður þó engu minni – ef ekki hlutfallslega meiri – en hjá stærri útgáfum.

Mikilvægi héraðsfréttablaða, bæði í þéttbýlinu á suðvesturhorninu og á landsbyggðinni, er trúlega eitt best varðveitta leyndarmál þeirrar viðamiklu fjölmiðlaumræðu sem geisað hefur í landinu frá því síðastliðið vor. Fjölmiðlastormarnir hafa orðið á höfuðborgarsvæðinu í kringum landsmiðlana, stóru dagblöðin og útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar. Umræðan hefur snúist um stórgróssera og stjórnmálaöfl sem hugsanlega eru að sölsa undir sig sjálft fjórða valdið ýmist með heljartökum á blaðamarkaði eða á stafrænum ljósvakamarkaði eða bæði. Vissulega er það þörf og gagnleg umræða og ekki skal lítið gert úr henni. Hins vegar er sú umræða ekki sagan öll. Ekki frekar en ef menn héldu því fram að skilgreining á íþróttum væri íþróttakappleikir í meistaraflokki karla og ekkert annað. Nærmiðlun héraðsfréttablaðanna og einstakra staðbundinna ljósvakamiðla skiptir ekki síður máli. Erlendis sýna rannsóknir að staðbundnir miðlar skipa miklu fyrir samheldni og lýðræðislega þátttöku í nærsamfélaginu og þær takmörkuðu rannsóknir sem til eru hér á landi um þetta benda einnig til þess að svo sé.

Þessi tegund fjölmiðlunar fékk ekki rými eða athygli í gjörningahríðinni sem stóð um fjölmiðlafrumvarp Davíðs Oddssonar á síðastliðnu vori. Ekki frekar en svo margt annað sem hefði í raun átt erindi í þá umræðu ef hún átti að standa undir nafni sem tilraun til að tryggja fjölbreytni og heilbrigðan fjölmiðlamarkað á Íslandi. Málið virðist í mun uppbyggilegri farvegi nú með nýrri fjölmiðlanefnd og nýjum áherslum þar sem fleiri aðilar koma að. Engu að síður eru áherslurnar í erindisbréfi hinnar nýju nefndar enn litaðar af ógninni um samþjöppun fjölmiðla í hendur fárra fjársterkra aðila og þar eru

**Engu að síður eru áherslurnar í erindisbréfi hinnar nýju nefndar enn litaðar af ógninni um samþjöppun fjölmiðla í hendur fárra fjársterkra aðila.**

ekki viðraðar áhyggjur af fjölbreytni sem ekki þrífst vegna fátæktar sem rekja má til erfiðra markaðsaðstæðna í smærri samfélögum. Jafnvel þó viðurkennt sé að viðkomandi fjölmiðlar skipti miklu fyrir lýðræði og lífsgæði viðkomandi samfélags.

Það er vissulega skylda ríkisvaldsins að setja stóru miðlunum reglur sem tryggja að sú umfjöllun sem þar fer fram sé fjölbreytt og þjóni lýðræðislegum tilgangi. Að verulegu leyti er slíkt hægt með boðum og bönnum - einhvers konar regluverki um hvað megi og hvað megi ekki. Ríkisvaldið verður hins vegar líka að koma með virkum hætti inn í þetta mál ef vel á að vera. Það mun óhjákvæmilega kosta skattgreiðendur eitthvað að tryggja fjölbreytni og raunverulega lýðræðislega umræðu. Ríkisútvarpið er augljóslega stærsti hluti þessa opinbera framlags og til þess hljótum við að gera þá kröfu að það tryggi ákveðin grundvallar gæðastaðal. En fleiri leiðir eru til – þar á meðal beinir styrkir til blaða eða fjölmiðla sem mæta ákveðnum skilgreindum skilyrðum. Þetta hafa nágrannar okkar á Norðurlöndum viðurkennt og hafa þróað hjá sér kerfi blaðastyrkja. Fjölmiðlar eru vissulega fyrirtæki og eiga að lúta viðskiptalegum forsendum. Auglýsingamarkaðurinn er hins vegar afar sérstakur og magnar upp samþjöppun ef eitthvað er og vinnur gegn þeim sem ekki geta boðið næga útbreiðslu eða nægjanlega hagstætt snertiverð. Slík markaðsrök spyrja ekki um lýðræðislega umræðu eða samfélagsleg gildi. Blaðastyrkir fengu á sig ákveðið óorð á tímum flokksblaðanna og til þess má eflaust rekja tortryggni manna nú í þeirra garð. Sú tortryggni þarf hins vegar að hverfa. Það er sorglegt til þess að vita að fjárlaganefnd Alþingis hafði ekki kjark til þess í haust að taka vel í erindi nokkurra héraðsfréttablaða um að koma á takmörkuðum styrkjum til þessarar tegundar blaða. Tveir ungir þingmenn, þau Birkir Jón Jónsson og Dagný Jónsdóttir, tóku hins vegar málið upp á sína arma og lögðu fram þingsályktun um að nefnd skoðaði þetta mál. Eiga þau hrós skilið fyrir það, en því miður virðist sú þingsályktun ekki hafa náð inn í erindisbréf fjölmiðlanefndarinnar nýju – nema þá mjög óbeint.

Héraðsfréttablöðin og nærmiðlar almennt, sem óumdeilanlega breikka fjölmiðlaflóru Íslands verulega, berjast flestir í bökkum. Það væri mikill skaði skeður ef ráðamenn yrðu svo uppteknir af því að bjarga fjölbreytninni með því að setja höft á þá ríku, að uppskeran yrði fábreytni vegna ónauðsynlegs dauða hinna fátæku. ■






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.10 | 13.34 | 15.58 |
| Akureyri | 11.20 | 13.19 | 15.18 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**tilboð o.fl.**
Tilboðin í stórmörkuðunum
BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## Góðan dag!

Í dag er föstudagurinn 7.jan., 7. dagur ársins 2005.




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

**Smáauglýsingar** *byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 130 stk.
**Keypt & selt** 25 stk.
**Þjónusta** 31 stk.
**Heilsa** 9 stk.
**Skólar & námskeið** 3 stk.
**Heimilið** 14 stk.
**Tómstundir & ferðir** 7 stk.
**Húsnæði** 21 stk.
**Atvinna** 33 stk.
**Tilkynningar** 3 stk.


Chevrolet silverrato 6,2 diesel. Árg. '89. Góður bíll. Verð 650 þús. S. 822 4167.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjartan Halldórsson býður fólki stöku sinnum upp á heitan mat í Sægreifanum í verbúð númer 8.

# Smá hamingja fyrir fólk

***Sægreifinn í verbúð númer 8 er engum líkur og býður upp á ótrúlegustu fisktegundir auk þess sem suma daga er eldað fyrir viðskiptavini.***

„Ég var með skötuveislu hérna í heila viku fyrir jólin og bauð upp á saltfisk, skötu og Steingrím,“ segir Kjartan Halldórsson í Sægreifanum í verbúð númer 8 við Geirsgötu rétt aftan við Hamborgarabúllu Tómasar. „Það er alveg til í því að ég verði með smá hamingju fyrir fólk á laugardögum, hvort sem það verður saltfiskur eða annar fiskur,“ segir Kjartan sem lengi vel var kokkur til sjós.

„Annars ætlum við hérna að sérhæfa okkur í reyktum fiskafurðum og vera flottir á því og gera þetta af fullri alvöru. Það er lítið um reyktan fisk hérna á Klakanum,“ segir Kjartan sem hefur komið fyrir forláta reykofni í Sægreifanum þar sem reykmeistarinn Steingrímur Matthíasson hefur náð góðum tökum á reyklistinni og sér um að reykja ál.

„Við erum búnir að ná góðum tökum á álnum en ætlum einnig að reykja skötusel, lúðu og makríl. Lykilatriðið er bara að hafa ferskt hráefni en ekkert gamalt,“ segir Kjartan.

Talsvert er um ál í Sægreifanum en í sumar var þar matreiðslumeistari sem matreiddi ferskan ál. „Ég er með stóran ál hérna núna sem er um metri að lengd en hann ætla ég að láta stoppa upp. Hann var veiddur fyrir mig í tjörn í Hveragerði í landi Saurbæjar,“ segir Kjartan sem býður upp á heilmikið annað en ál.

Í Sægreifanum fást hinar hefðbundnu fisktegundir auk humars og rækju og að sjálfsögðu harðfiskur. „Já já, ég er með harðfisk hérna frá honum Hannesi ríka í Ölfusi,“ segir Kjartan.

*kristineva@frettabladid.is*

### Steiktur áll með papriku, lauk og tómötum að hætti Baska



- 800 g áll snyrtur og roðflettur
- 1 dl hveiti
- 3 msk. ólífuolía
- 1 græn paprika kjarnhreinsuð og skorin í strimla
- 1-2 laukar, skornir í sneiðar
- 3-5 hvítlauksgeirar, fínt sneiddir
- 4 tómatar, flysjaðir og skornir í báta
- 1 1/2 dl svartar steinlausar ólífur
- 1 msk. söxuð steinselja
- 1 sítróna
- salt og pipar úr kvörn

Skerið álinn í 10 cm breiða jafna bita. Veltið þeim upp úr hveiti og steikið á viðloðunarfrírri pönnu upp úr ólífuolíu í 2-3 mín á hvorri hlið. Saltið og piprið eftir smekk. Takið fiskinn af pönnunni, steikið grænmetið upp úr restinni af ólífuolíunni, þar til það er orðið mjúkt. Bætið þá tómötunum út í og ólífunum. Steikið áfram. Saltið og piprið örlítið meira og kreistið smá sítrónusafa út í.
Látið þetta á miðjan disk og álabita ofan á. Stráið saxaðri steinselju yfir og berið fram með sítrónusneið og soðnum kartöflum.

# Nú er hægt að gera góð kaup

***Vetrarútsölur eru hafnar og varningur boðinn til kaups á 15-75% afslætti.***



Útsölurnar eru hafnar af fullum krafti og eflaust eru þeir margir sem hyggjast nýta sér þær enda hægt að gera þar góð kaup, til dæmis í vetrarfatnaði, nú þegar veturinn er rétt hálfnaður. Hitastigið hér á okkar breiddargráðu er líka yfirleitt með þeim hætti að „heilsársfatnaður“ er einmitt það sem hentar og því eru vetrarútsölurnar ákjósanlegar til að hressa upp á fataskápinn. Margir hafa eflaust fengið gjafakort í jólagjöf sem gilda í ýmsum verslunum og þeir fá talsvert meira fyrir aurinn nú en í desember. Framundan eru þorrablót og árshátíðir og eflaust er hægt að finna fyrirtaks samkvæmisklæðnað á útsölunum, skó, skart, töskur og aðra fylgihluti og heilsuræktin er hátt skrifuð hjá mörgum á þessum árstíma, svo útsölurnar í sportvörubúðunum koma sér vel. En það eru fleiri en fatakaupmenn sem bjóða afslætti í byrjun árs. Útsölurnar ná líka til annarra vörutegunda eins og húsgagna, heimilistækja og búsáhalda svo fátt eitt sé nefnt.

Upplagt er að nota útsölurnar til að kaupa ýmsa gjafavöru sem gott er að eiga í handraðanum heima og gauka að vinum þegar tilefni gefst til, eins og á afmælum. Þá má benda hagsýnum á að það koma jól líka í lok þessa árs og því ekki úr vegi að huga að jólagjafakaupum þegar vöruverð er í lágmarki. ■

## LIGGUR Í LOFTINU *í tilboðum*

**Verslunin** Úlfarsfell býður upp á gott tilboð á framköllun mynda sem nýtist einmitt vel eftir jólin. Margir hafa eflaust tekið ófáar myndir í öllum jólaboðunum en í janúar býður Úlfarsfell framköllun á stafrænum myndum fyrir aðeins 35 krónur stykkið þegar fimmtíu myndir eða fleiri eru framkallaðar. Verslunin er til húsa á Hagamel 57 en tölvupóstfang hennar er ulfarsfell@simnet.is.

**Útsalan** í golfversluninni Nevada Bob hófst á þriðjudaginn. Í versluninni ætti golfarinn að finna eitthvað við sitt hæfi á tilboði en nú eru til dæmis Bay Hill boltar á 1.740 krónur, 250 pör af skóm með fimmtíu prósenta afslætti og áttatíu stykki titanium driverar á 9.900 krónur. Enn fremur er þrjátíu prósenta afsláttur af X-16 settum frá Callaway og hægt er að fjárfesta í járnsetti frá 9.900 krónum. Verslunin er staðsett í húsnæði Húsgagnahallarinnar og er með vefsíðuna nevadabob.is.



**Í versluninni Næs** í Hverafold 1-3 í Grafarvogi er hafin útsala eins og annars staðar. Þar er fjörutíu til áttatíu prósenta afsláttur af gjörsamlega öllu en í versluninni er hægt að gera góð kaup í kvenfötum.

*tilbod@frettabladid.is*

**tíska o.fl.**

SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA

[ KONUR 18-49 ÁRA Á ÖLLU LANDINU ]

**allt**
- markvissar auglýsingar -

Lesendur **„Allts“** er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og **eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.**

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við **„Allt“** er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. **„Allt“** er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

**LESTUR/ÁHORF:** NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *




*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l..

**Sænskar rjúpur á 599 kr.**
Sænskar rjúpur eru seldar með 60 prósenta afslætti hjá Spar í Bæjarlind fram á þriðjudag 11. janúar. Þær kostuðu áður 1.359 kr. stk en eru nú á 599 kr.

60%

**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 9. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Frosnir kjúklingabitar | 299 | 499 | 299 | 40 |
| Ferskir kjúklingaleggir | 359 | 539 | 359 | 35 |
| Fersk kjúklingalæri | 359 | 539 | 359 | 35 |
| Frosnir ýsubitar roð & beinlausir | 459 | 699 | 459 | 35 |
| Frosið lambasúpukjöt sérvalið | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Frosið lambasúpukjöt blandað | 299 | 399 | 299 | 25 |
| KF kofareykt sveitabjúgu | 299 | Nýtt | 299 | |
| KF súrmatur í fötu 1,3 kg. | 1.798 | Nýtt | 1.383 | |
| Bónus kolsýrt vatn 2 l | 89 | Nýtt | 45 | |
| Bónus brauð 1 kg | 89 | 129 | 89 | 30 |
| Heilsutvenna frá Lýsi | 599 | 699 | 599 | 15 |

**SPAR** Bæjarlind

Tilboðin gilda til 11. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Hangilæri úrb. Fjallalamb | 1.698 | 1.998 | 1.698 | 15 |
| Hangilæri úrb. Borgarnes | 1.657 | 1.949 | 1.657 | 15 |
| Hangiframpartur úrb. Fjallalamb | 1.273 | 1.498 | 1.273 | 15 |
| Hangiframpartur úrb. Borgarnes | 1.218 | 1.433 | 1.218 | 15 |
| Hangilæri m/beini, frí úrbeining | 1.258 | 1.398 | 1.258 | 10 |
| Hangiframpartur m/beini, frí úrbeining | 718 | 798 | 718 | 10 |
| 7-UP 2 l | 119 | 197 | 60 | 40 |
| Egils Pilsner 50 cl dós | 59 | 89 | 118 | 35 |
| Rjúpur sænskar | 559 | 1.359 | 559 | 60 |
| ískex Helwa 175 g | 148 | 198 | 846 | 25 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 12. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklinga | 389 | 598 | 389 | 35 |
| Móa læri/leggir, magnkaup | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Nóatúns þurrkryddað lambalæri | 799 | 1599 | 799 | 50 |
| Batchelor Savory Rice Chicken | 129 | 179 | 1075 | 28 |
| Florette Chrispy salat, 200 g | 349 | nýtt | 1745 | |
| Nóatúns heilsubrauð | 189 | 295 | 189 | 36 |
| Náttúra appelsínusafi, 3 fyrir 2 | 93 | 139 | 93 | 33 |
| Náttúra eplasafi, 3 fyrir 2 | 93 | 139 | 93 | 33 |
| Kelloggs cornflakes 500 g | 249 | 299 | 498 | 17 |
| Coke light 2 l | 149 | 225 | 75 | 34 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 11. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Þykkvabæjar kartöflugratín sveppa 600 g | 199 | 339 | 332 | 40 |
| Kartöflur rauðar Skrúður 2 kg | 98 | 149 | 49 | 35 |
| Kartöflur gullauga Skrúður 2 kg | 98 | 149 | 49 | 35 |
| Nupo lett kakó 500 g | 999 | 1.199 | 1.999 | 15 |
| Wasa Sesam Double pack 400 g | 199 | nýtt | 498 | |
| Alpen múslí sykurlaust 560 g | 279 | 319 | 498 | 15 |
| Alpen orginal múslí 750 g | 369 | 429 | 492 | 15 |
| Krónu hversdagsblanda 700 g | 99 | 149 | 141 | 35 |
| Krónu sunnudagsblanda 700 g | 199 | 249 | 284 | 20 |

**FK FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 8. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Skólaostur kílópakkning | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Bananar | 99 | 149 | 398 | 35 |
| Móa kjúklingaleggir magnpakkning | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Móa kjúklingalæri | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Klemantínur | 99 | 199 | 99 | 50 |
| Cheerios 902 g | 495 | 579 | 550 | 15 |
| Axa musli 375 g | 179 | 198 | 480 | 10 |
| Ariel 27 skammta þvottaefni 3 kg | 798 | 998 | 266 | 20 |
| Always duo dömubindi | 489 | 598 | 489 | 20 |

**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 9. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Heilsubrauð - bakarí 420 g | 249 | 299 | 593 | 15 |
| Laxafiðrildi m/kryddsmj.og aspas úr kjötb. | 999 | 1.399 | 999 | 30 |
| Tyson kalkúnabringuálegg 227 g | 599 | nýtt | 2639 | |
| Ungnautahakk | 699 | 1.149 | 699 | 40 |
| Holta kjúklingur 1/1 ferskur | 487 | 695 | 487 | 30 |




KÍNASKÓR
Mikið úrval af kínaskóm
í barna- og fullorðinsstærðum
Tilboð - Eitt par kr. 1290 • Tvö pör kr. 2000 -

Stærðir 27-41
Bómull: Svartir og rauðir
Satín blóma: svartir, rauðir og dökkbláir
Flauel: Svartir og brúnir ( stærðir 35-41)
Einnig mikið úrval af blómaskóm
í mörgum litum og stærðum.

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466



ÚTSALA Í SKARTHÚSINU
20-50% afsláttur af töskum
30% afsláttur af Elsie Ryan kjólum og toppum.
Mikið úrval af sjölum, treflum, alpahúfum og flísfóðruðum vettlingum

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu

HREYFI LAND
Hreyfiland fyrir börn 5 - 6 ára
Námskeið í 10 vikur 2 x í viku - hefst 11. janúar
mikilvægar æfingar fyrir bak, fætur, jafnvægi og samhæfingu
nánari upplýsingar og skráning
www.hreyfiland.is
Höfðabakka 9 sími:5772555 mottaka@hreyfiland.is

Fyrsta ROPE YOGA stöðin á Íslandi
opnar laugardaginn 8. janúar. Velkomin á kynninguna frá 15-17. Stórkostlegt opnunartilboð!!!
ROPE YOGA WORKOUT
NÚ GETUR ÞÚ LEYFT ÞÉR AÐ PRÓFA
5 VIKUR KR. 6900 miðað við 2 skipti í viku
5 VIKUR KR. 9900 miðað við 3 skipti í viku
Stakur tími KR. 800
SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 555-3536 EÐA 695-0089. KENNSLA HEFST MÁNUDAGSMORGUNINN 10 JANÚAR ( 2005 ) kennt verður 14 sinnum í viku !!!
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri



Maður Lifandi [Borgartúni]
:: Nýtt námskeið að hefjast ::
Body Balance :: Les Mills International
:: Kennari:
Bjargey Aðalsteinsdóttir, B.Ed, MA
:: Hópur 1: Laugard. 8. jan kl. 10:30
:: Hópur 2: Þriðjud. 11. jan kl. 18:30
:: bjargey@hotmail.com
:: gsm 824 1964
BODY BALANCE

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
JANÚARÚTSALAN ER AÐ HEFJAST



Rafmagnsgitarpakki
verð frá kr. 27.900
Rafmagnsgitar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900



Trommusett með öllu, ásamt æfingarplöttum og kennslumyndbandi
rétt verð kr. 73.900.-
tilboðsverð kr 54.900.-
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR


# Vetrarútsala í Verðlistanum

***Verslunin hefur verið á sínum stað á Laugalæknum í tæp 40 ár.***

Vetrarútsalan er hafin í Verðlistanum á Laugalæk. Þar er mikið úrval af vönduðum kvenfatnaði sem mestallur er ættaður frá Danmörku og Þýskalandi, drögtum, kjólum, síðbuxum, pilsum, blússum, vestum og kápum svo nokkuð sé nefnt. 50% afsláttur er af öllum kápum í Verðlistanum og 30% af öðrum vörum og þess má geta að þær eru allar nýjar. Því er auðvelt að gera þar góð kaup. Verðlistinn býður fólki á landsbyggðinni að fá send föt heim til sín til mátunar og þarf það aðeins að senda mál af brjóstvídd, mitti og mjöðmum. Kostnaður við heimlánin er aðeins póstburðargjaldið fram og til baka hvort sem verslað er eða ekki.

Verðlistinn er ein af rótgrónustu kvenfataverslunum borgarinnar. Hann hefur verið á sínum stað í tæp 40 ár og ávallt í eigu sama fólksins, Erlu Wigelund og Kristjáns Kristjánssonar tónlistarmanns. Þau eru foreldrar Péturs heitins Kristjánssonar tónlistarmanns sem hefði orðið 53 ára í dag, en hann lést í október á síðasta ári. ■



**Þessar hálfkápur eru til í brúnu og svörtu og kosta 12.400 krónur á útsölunni.**

# Íslenskir karlmenn með útsölu

***Haustvörurnar á kostakjörum.***

Verslunin Íslenskir karlmenn að Laugavegi 74 hefur hafið sína vetrarútsölu svo nú geta íslenskir karlmenn dressað sig upp á kostakjörum. Haustvörurnar eru boðnar á 30-40% afslætti í miklu úrvali á útsölunni. Þar eru jakkaföt, stakir jakkar, skyrtur, buxur og bolir, auk yfirhafna af ýmsum gerðum, svo nokkuð sé nefnt. ■





# Allt að 75% afsláttur

***Risaútsala í Heimilistækjum í Sætúni.***

Heimilistæki í Sætúni 8 lætur ekki sitt eftir liggja þegar útsölur eru annars vegar. Þar er nú risaútsla með allt að 75% afslætti frá fullu verði. Eins og nærri má geta er um að ræða heimilistæki af öllum gerðum og sem verðdæmi má nefna Whirlpool skáp sem bæði er kælir og frystir sem áður kostaði 64.995 en kostar nú 49.995 kr. Sjónvörp, símar, myndbandstæki, bílahátalarar og geislaspilarar eru meðal varnings á útsölunni og líka búsáhöld eins og pottar og pönnur sem seld eru nú með 30% afslætti. Verslunin verður opin um helgina, laugardag frá 10-18 og sunnudag frá 12-18. ■



Kowparade-kýrnar eru á 15% afslætti á útsölunni.

# Glös og aðrar gersemar

*Mirale selur merkjavörur með afslætti.*

Búsáhalda-, húsgagna- og gjafavöruverslunin Mirale á Grensásvegi 8 er ein þeirra sem efnt hefur til útsölu nú í janúar. Þar eru ítalskar og þýskar vörur með þekktum merkjum til sölu með 15-50% afslætti svo sem Alessi, Riedel og Cassina. Mestur er afslátturinn á glösum, kertastjökum og bollum, 50%, og af Cassina húsgögnum er 15-20% afsláttur. ■

# Þægilegur fatnaður á útsölu

*Redgreen býður upp á góðan afslátt á fatnaði.*

Verslunin Redgreen á Laugavegi 1 í Reykjavík selur þægileg föt fyrir bæði dömur og herra sem hægt er að nota dags daglega. Nú er útsala þar á bæ á öllum vörum í versluninni. Afsláttur er frá 25 til 50 prósent og verður útsalan væntanlega eitthvað út mánuðinn eins og flestar útsölur. Redgreen-merkið er danskt og hefur vakið lukku í Skandinavíu og er verslun í hverju landi á Norðurlöndunum. ■



Redgreen selur fatnað fyrir bæði dömur og herra.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nærfatnaður á alla fjölskylduna

*Verslunin IGMA er með útsölu á öllum fatnaði í versluninni.*

Útsala er hafin í IGMA, Kleppsmýrarvegi 8, en 40-70% afsláttur er af vörum í versluninni. Bómullarbolir, stuttermabolir, nærföt, rúllukragabolir, langermabolir, kvartermabolir sokkar og náttföt eru meðal þeirra vörutegunda sem eru til sölu í versluninni. Jafnframt er þar að finna fatnað sem unninn er úr plöntubeðma, en það er fjölskyldungur sem er öllum plöntum nauðsynlegur. Það sem plöntubeðmi þykir hafa umfram bómull í fatnaði er að hann dregur fyrr í sig raka og sleppir honum hraðar en bómullin gerir sem þýðir að flíkin andar vel. ■










## Harðsoðið egg

Eggið skal setja í tóman pott og láta kalt vetna renna yfir það, þar til að flýtur vel yfir eggið. Settu pottinn á eldavélina og hitaðu eggið þar til vatnið fer að sjóða, þá skal draga úr hitanum og láta pottinn standa á volgri hellunni í 10 til 15 mínútur til að fá harðsoðið egg. Taktu eggið úr vatninu með skeið og láttu það kólna.



Hvað er í matinn í kvöld?
Sósur og súpur fyrir sælkera
VOGABÆR
Sími: 424 6525



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR FLJÓTLEGAN MAT Á FÖSTUDEGI.

## Kókoskjúklingur með ananas

Þessi brakandi ferski, tælenskættaði, réttur er góður fyrir þá sem vilja losa salt og reyk jólafæðisins út úr kerfinu með vænu sparki. Tælensk matreiðsla er oft mjög einföld, það eina sem við þurfum að yfirstíga til þess að geta hrist rétti eins og þennan fram úr erminni er að verða okkur úti um nokkrar tegundir af kryddi. Í Reykjavík eru nú margar sérverslanir sem bjóða þessa vöru.

- 3-4 kjúklingabringur
- 1 dós kókosmjólk
- 1 msk. milt karrímauk
- 1 msk. fiskisósa
- 1 msk. tamari soyasósa
- 1 msk. pálmasykur
- 1 dós ananas (hellið soðinu af og skerði bita)
- 2 kaffir límónulauf (þurrkuð lauf eru kramin, fersk skorin fínt)
- 1 rauður chilli ( fræhreinsaður og skorinn í fínar sneiðar)
- 1/2 búnt ferskur kóríander (gróft rifinn)



Byrjið á því að taka þykka hluta kókosmjólkurinnar ofan af og setja á pönnu. Sjóðið þykknið á pönnunni nokkra stund og blandið karrí, fiskisósu, tamari-sósu,og pálmasykri saman við. Skerið kjúklingabringurnar í þumlungsstóra bita og setjið út í kókossoðið. Hrærið vel í á meðan kjúklingurinn eldast. Hellið afganginum af kókosmjólkinni út í, kremjið límónulaufin og sáldrið út í og látið allt sjóða um stund (2-3 mínútur). Þegar kjúklingurinn hefur eldast í gegn, setjið þá ananasbita út í og hitið áfram í ca 1 mínútu. Berið fram með hrísgrjónum. (Þeir sem ekki vilja hrísgrjón geta borðað réttinn á vænu beði af ísbergssalati) Hver og einn á sínum diski sáldrar blöndu af ferskum kóríander og chilli yfir réttinn, allt eftir þori og smekk. ■

[ NÝJUNG ]



## Tómatillós í grænt salsa

**Tómatillós eru meðal nýjunga í grænmetisborðinu í matvöruverslunum.**

Ein af þeim nýjungum sem nú má sjá í grænmetisborðinu eru tómatillós (borið fram sem tómatíjós) sem tilheyra tómatafjölskyldunni og svipar til grænna tómata. Tómatillós eru mikið notaðir í mexíkóskri matargerð og þá sérstaklega í grænt salsa, eða salsa verde, auk annarra rétta. Berin geymast nokkuð lengi í kæli og er því ráð að hafa þá í bréfpoka og halda frá ávöxtum eins og eplum og perum, því samvistin getur skemmt þá. Tómatillós hafa milt bragð sem henta mjög vel með sterku kryddi og hægt að leika sér með þau í matargerðinni.

**Salsa verde**

Hér eru tvær aðferðir til að útbúa grænt salsa, annars vegar þar sem tómatillós eru notaðir hráir og hins vegar þar sem þeir eru grillaðir í ofni.

**Hráefni:**

- 5 til 6 þvegin tómatillós
- 3 ferskir chili-pipar
- 1 msk. af ferskum og söxuðum kóríander
- 1/4 bolli af fínsöxuðum lauk
- Salt

**Hrátt salsa:**

Saxaðu tómatillós og chili-pipar og settu í matvinnsluvél ásamt kóríander og 1/4 bolla af vatni. Láttu þetta allt blandast vel og settu í skál. Hreinsaðu laukinn vel undir köldu vatni og hristu vel til að ná sem mestu vatninu af honum. Blandaðu honum út í blönduna ásamt salti.

**Grillað salsa.**

Hitaðu grillið í ofninum. Settu tómatillós og chili-piparinn á álpappír um 10 cm neðan við heitt grillið. Leyfðu þessu að grillast vel, eða þar til svartir blettir koma fram, þetta tekur um 5 mínútur. Snúðu þeim þá við og grillaðu hina hliðina. Settu tómatillós og pipar í matvinnsluvél, ásamt safanum sem safnast hefur saman á álpappírinn í ofninum. Bættu kóríander út í ásamt 1/4 bolla af vatni, blandaðu vel og settu í skál. Hreinsaðu laukinn vel undir köldu vatni og hristu vel til að ná sem mestu vatninu af honum. Blandaðu honum út í blönduna ásamt salti.

HEILSUVIKA SALATBARSINS
2 fyrir 1 á hlaðborði
lokadagur!
Góðir gestir leika létta tónlist á heilsuviku Salatbarsins:
Í hádeginu í dag: Írafár
íslenskt grænmeti
Toppur
salatbarinn
...ferskasti barinn í bænum
Salatbarinn Faxafeni 9
Sími 588 0222 • www.salatbarinn.is

Jameson:

## Jafnt í írskt kaffi og kokkteila

Írska viskíið Jameson hefur verið vinsælasta viskíið hér á landi um árabil. Viskí frænda okkar Íra virðist falla Íslendingum afar vel, það er hreint, þægilegt og milt með létt sætum vanillukeim. Það hentar vel í írskt kaffi, „Irish coffee" en fátt er betra í vetrarkuldanum. Viskí er líka ákaflega gott til blöndunar í einfalda kokkteila, t.d. er gott að fylla upp með klaka og smá skvettu af sódavatni eða engiferöli og skreyta með límónusneið.

**Jameson-viskí fæst í mörgum stærðum í Vínbúðum, í 350 ml og 500 ml fleygum og 750ml og 1 lítra flöskum.**



Faxe:

## Litli víkingurinn vekur athygli

Faxe Premium er nú kominn í nýjan búning, hálfgerð víkingaklæði. Þar leikur litli víkingurinn aðalhlutverk sem tákn Faxe og hafa auglýsingar með honum vakið mikla athygli undanfarið. Eru þær hluti af alþjóðlegri herferð framleiðandans og mega Íslendingar eiga von á að sjá besta vininn, litla víkinginn, halda áfram að reyna að bjarga klaufskum karlmönnum sem eru búnir að koma sér í klemmu í ýmsum aðstæðum. Fyrir tveimur árum hóf Bryggerigruppen að selja Faxe á ný til Íslands eftir nokkurra ára hlé. Ákveðið var að bjóða Faxe á lægra verði en dæmi voru um hérlendis. Markaðshlutdeild bjórsins hefur tífaldast á þessu tímabili og nemur nú um 10%. Þegar Faxe kom á markaðinn var ódýrasti bjórinn í Vínbúðum á 189 kr. en með innkomu Faxe á lægra verði jókst samkeppnin mjög og ýmsar tegundir lækkuðu í verði.

**Verð í Vínbúðum er 129 kr. í 33 cl dós og 159 kr. í 50 cl dós.**



SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is



FJÖLSKYLDUTILBOÐ
NINGS
Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12
Pöntunarsími 588 9899
Vinsælt tilboð
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti í Drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í Satay hnetusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Hrísgrjón og soya sósa
á mann kr.1245
fyrir tvo kr.2490
Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri
Ef þú hringir og sækir fylgir 2l. Coke með tilboðinu



## Líkamsrækt

### Yoga unnendur
Astanga Yoga ( kraftyoga) í Yogastöðinni Heilsubót Síðumúla 15. Guðmundur kennir. Astanga er kröftugt yoga. Uppl. í s. 694 6103.

### Fit - Pilates
námskeiðin vinsælu með stóru Fit-Boltunum. Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa langar fallegar línur og flatan kvið. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Námskeið

ROPE YOGA WORKOUT

### Rope yoga í Mosfellsbæ
Námskeið hefjast nú í janúar og verða í Þrúðvangi (niðri) Álafosshvos. Umsjón hefur Gunnlaugur B. Ólafsson Rope yoga kennari. Leitið upplýsinga á www.man.is eða í símum 566 8587 & 699 6684.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Microsoft nám á hagstæðu verði MCP Windows XP á 69.900, MCSA 270 st. á aðeins 209.900. Hefst 7. feb. MCDST á 119.900. Hefst 8. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

## Kennsla



Námskeið til pungaprófs/30 rúml. skiptstjórnarréttinda, 12. jan. - 21. mars. Kennsla Austurbugt 3 mánudags. og miðvikudagskvöld kl 19- 23. Hafsiglingarnámskeið. (Yachtmaster Ocean)S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingarskolinn.net. Siglingaskólinn.

## Flug

FLUGSKÓLI ÍSLANDS

### Næstu námskeið hjá Flugskóla Íslands hf.
**Flugumsjón** - hefst 17. janúar.
**MCC** - hefst 31. janúar.
**ATPL(A)** - hefst 1. febrúar.
**Airbus310/300-600** - hefst 1. febrúar.
**FI(A)** - hefst 7. febrúar.
**B737 300-500** - hefst í byrjun mars.
**FI(A) upprifjun** - 1.-3. mars.
**Nánari upplýsingar á www.flugskoli.is**

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




### Útsala, útsala.
Á ekta Amerískum rúmum. Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Hágæða nuddstóll, Alpha 2000. Eins og nýr. Góður afsl. Sími 699 2485 e. kl. 17.

Til sölu borðstofuborð og 6 stólar, skenkur og vínskápur. Uppl. í s. 897 9595.

## Heimilistæki

Gram ísskápur 3ja ára hæð 130, breidd 60 cm. Eins og nýr. 25 þús. Uppl. í síma 661 1011.

## Barnavörur



Útsalan hafinn 20-50% afsláttur. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12 og Hverafold 1-3. Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688



### Útsala
Afsláttur af öllum vörum 30-60 %. Diesel, Nike og Lego. Kerrur, rúm og stólar. Barnaheimur Síðumúla 22.

## Dýrahald

Til sölu einlitir, svartir, enskir Cocker Spaniel hvolpar. Ættbókarfærðir hjá HRFÍ. Upplýsingar í síma 860 6073.

### Hundaræktin í Dalsmynni auglýsir
Boxer hvolpur til sölu. Sími 566 8417.

### 30% Vetrarafsláttur !
Allar gæludýravörur og fóður með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

Til sölu hreinræktaður enskur Springer spaniel hvolpur. Uppl. í s. 487 8437 eða 869 9954.

### Gefins!
Þrír þriggja mánaða Rottweiler með ættbók. Uppl. í síma 840 0808 Gilbert.

Til sölu 4ra mánaða Boxer hvolpur, ættbókarfærður, fullbólusettur. Verð 50 þús. Uppl. í s. 566 8366 & 698 4967.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



### Veiðileyfasalan hafin!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 & 660 6890.




## Hestamennska




### Hestaklippur
Hestamenn nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 860




### Í hesthúsið !
Drenmotturnar í hesthúsið komnar aftur, stærð: 75cm x 100cm x 5,5cm. Verð: kr. 5.980. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

Leita að tveimur þægum fjölskylduhestum, allt kemur til greina. Verð 100 þús. S. 845 2166.

Járningarþjónustan, vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 899 9590 Sveinn.

### Kulsfélagar!
Kulsfélagar, munið landsfundinn í kvöld.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi m. húsg. á svæði 111, eldhús, þvottavél, sjónvarp, Stöð 2, Sýn og internet. Stutt í þjónustu og stætó. Leigutími í mánuði eða gistinætur. Reyklaust. S. 892 2030.

Til leigu 2ja herb. íbúð m/húsg. og 3ja herb. risíb. Reglusemi og skilvísi. S. 692 1568.

Til leigu glæsil. herbergi, 15 og 30 fm, að Funahöfða 17a. Þvottah., bað og eldunaraðst. Í herb. er dyras., íssk., fatask., sjónv. og símtengi. S. 862 7950 & 896 6900 e. kl. 16.

4ja herbergja íbúð í 101 Rvk. Til leigu, leigist til 1 sept. Laus strax. Verð 85 þús. Mán. Uppl. í s. 552 1192.

2 herbergja íbúð í 105 til leigu með húsbúnaði. Um langtímaleigu getur verið að ræða. Áhugasamir sendið póst á evlaliak@isl.is.

Snoturt herbergi í kósí íbúð. Leigist frá 1. feb. S. 895 6012 á kvöldin.

Laus strax, falleg 2 hb. íbúð í Skipasundi á efstu hæð í fjölbýli. Yfir 50 fm.+ geymsla. Leiga 45 þ. á mán. S. 697 5318.

### Kringlusvæðið.
Til leigu falleg 2ja herbergja íbúð í lyftublokk. 65 þús. á mán. Langtímaleiga ef óskað er. Er laus. Svör sendist Fbl, Skaftahlíð 24 eða á smaar@frettabladid.is merkt kringlusvæðið.

85 fm 3ja herbergja íbúð í Vesturbænum. Stutt í H.Í. Leiguverð kr. 80 þús. innifalið hússjóður og hiti. S. 895 8040.

Fyrir reyklausan og reglusaman, 13 fm herb. í Bökkunum (109), fullbúið húsgögnum, aðg. að baði m. sturtu. S. 695 6007.

3ja til 4ra herb. íbúð á besta stað á Selfossi til leigu. Laus um miðjan janúar. Uppl. í síma 482 1061 & 899 5436.

## Húsnæði óskast

2-3ja herb. íbúð óskast á svæði 101, 107 eða 170 fyrir starfsmann fyrirtækis. Leiguupphæð 60-65 þ. Uppl. í síma 894 5265.

Par, með fyrsta barn á leiðinni, óskar eftir 2-3 herb. íbúð á leigu í Rvk. Reglusöm og reyklaus. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 699 8595.

Óskum eftir lítilli 3ja herb. íbúð á leigu á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta 55-65 þús. á mán. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Inga s. 868 1809 og Heiða s. 868 3925.

Tvítugur strákur frá Sauðárkróki óskar eftir herbergi til leigu á sv. 101- 105 Rvk. Uppl. í s. 866 9272.

## Húsnæði til sölu

### Florida
1/4 eignarhluti í 2ja svefnherbergja, 2ja baðherbergja lúxus condo til sölu á Ormond Beach í Florida. Byrjuð afnot í febrúar. Verð 120.000 dollarar. S. 4078761895.

## Atvinnuhúsnæði

Ártúnshöfði: Snyrtilegt ca 100 m≤ skrifstofu- og lagerhúsnæði til leigu. Sérinngangar. Uppl. í s. 896 4495.

Gott skrifstofuhúsnæði til leigu í Síðumúla. Gæti hentað vel litlum fyrirtækjum. Uppl. í síma 567 2885.

Búðarpláss á besta stað á Laugavegi. Ódýr leiga. Frábært tækifæri. S. 692 7548.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Ruby Tuesday
óskar eftir hressu og duglegu fólki fæddu 1986 eða fyrr í vinnu á veitingastað okkar í Skipholti. Um er að ræða fulla vinnu og hlutastörf bæði í sal og eldhúsi. Hentar vel fyrir skólafólk.
**Allar nánari uppl. hjá Ása í síma 660 1143.**




### Vegna aukinna verkefna
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Áhugasamir hafi samband við Gunnhildi Stefánsdóttur hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 867 5723.

### Málarar óskast
Óskum eftir nokkrum vönum mönnum í málningarvinnu. Góð framtíðarstörf í boði hjá traustu fyrirtæki.
**Upplýsingar í síma 660 0220 & 660 0222.**

### 10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.
Sérstaklega verið að leita af starfsfólki í hlutastarf.
Unnið er á vöktum.
Störfin geta hentað vel með skóla.
Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, áreiðanlegir, vinnusamir og góðir í mannlegum samskiptum.
Einnig verða umsækjendur að vera fæddir '87 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.**

### Morgunræstingar
Óskum efir að ráða til okkar ræstingarmanneskjur sem tækju að sér léttar ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Fjölbreytt og skemmtileg störf. Unnin alla virka daga frá klukkan 08.
**Uppl. á www.hreint.is eða í síma 554-6088. Hreint ehf**

Fjólublái Laukurinn ehf óskar eftir tveimur starfsmönnum. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af arabískri matargerð sem kallast shawovma og/eða rússnenskri matargerð sem kallast sweet and sour. Upplýsingar hjá Guðrúnu í síma 891 7172.

### American Style
Í Skipholti óskar eftir hressum starfsmanni í afgreiðslu. Um er að ræða framtíðarstarf í reglulegri vaktarvinnu. Erum einnig að leita að starfsmönnum í hlutastarf á grillið. Vinnutími: Alla mánud. 18-24 og önnur hv. helgi annarsvegar og alla föstudaga 11:30-14:30 hinsvegar. Leitum að einstaklingum sem hafa góða þjónustulund, eru 18 ára eða eldri og eru áreiðanlegir. Uppl. veittar alla daga í s. 892 0274 milli 09-15 (Herwig). Umsóknareyðiblöð einnig á americanstyle.is

### Okkur vantar gott fólk
Vilt þú vera hluti af öflugri liðsheild, vinna með góðu fólki í vaxandi fyrirtæki? Við gerum miklar kröfur til starfsmanna okkar og leggjum okkur jafnframt fram um að verðlauna þá sem standa sig vel. Við leitum að fólki sem er 18 ára og eldra og getur unnið reglubundnar skiptivaktir. Umsóknareyðiblöð á Aktu Taktu Skúlagötu og á aktutaktu.is

### "Skemmtilegt sölustarf"
Vilt þú kynna falleg og vönduð kvenföt á heimakynningum? Góð laun í boði fyrir réttan aðila, stuðningur, þjálfun og frábær félagsskapur. Allar nánari upplýsingar í síma 565 3900 og á www.clamal.is

Bestu viðskipti i heimi. Vilt þú selja vörur sem selja sig sjálfar. S. 696 9437.

Vélstjóri óskast á 65 tonna dragnótabát, gerður út frá Norðurlandi. Uppl. í s. 896 8800 & 892 5590.

Rex veitingahús óskar eftir barþjónum, glasatínum og dyravörðum í helgarvinnu. Einungis reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina. Uppl. á staðnum milli kl. 14-17.

### Viltu vinna 4 tíma á kvöldin og þéna ca kr. 5.000-12.000 pr. kvöld?
Rótgróið markaðsfyrirtæki leitar eftir starfsfólki 2-5 kvöld vikunnar allt árið um kring. Heppilegur aldur 20 ára og eldri, jafnvel miklu eldri. Engin reynsla áskilin. Verkefnin eru auðveld í sölu og tekjumöguleikar góðir. Unnið er frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík og upplýsingar veittar í síma 699 0005 eftir kl.15 daglega.

Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 553 8890, milli kl. 14 og 17.

Starfskraft eldri en 25 ára vantar á bílasölu vinnutími 10-18.30 uppls: 699 6661, 699 5801.

### Vantar aðstoðarmann
í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

Óska eftir starfsmanni í eldhús og afgreiðslu í fullt starf. Ekki yngri en 25 ára. Verður að vera samviskusamur og duglegur. Nánari upplýsingar í síma 533 1227 eða mæta á Bagel House Kringlunni.

### N.K. Kaffi Kringlunni
Óskum eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk í kaffihús okkar. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. á staðnum og í s. 568 9040.

### Veitingahúsið Hornið
óskar eftir þjónustufólki, faglærðu eða ófaglærðu með reynslu. 20 ára og eldra í fullt starf. Upplýsingar á staðnum eða í síma 899 7719. Veitingahúsið Hornið Hafnarstræti 15, www.hornid.is

Herrahárskeri óskast til afleysinga sem fyrst. Sími 866 0167.

Kassastarfsmenn óskast í Rúmfatalagerinn Skeifunni og Smáratorgi. Upplýsingar aðens gefnar á staðnum. Verslunarstjóri

Rúmfatalagerinn óskar eftir starfsmönnum í lagervinnu og útkeyrslu. Viðkomandi verður að vera reyklaus og geta unnið sjálfstætt. Tekið verður á móti umsækjendum á Dalveg 18 í portinu bakvið Málingu milli kl.13:00 til 16:00 laugardaginn 8 jan. Upplýsingar verða veittar á sama tíma í síma 820-8017. Björn.

Járnabindingar. Getum bætt við okkur litlum sem stórum verkefnum. Vanir menn. Uppl. í s. 866 1083.

Leitum að heilsuhraustum og stundvísum manni með meirapróf og helst með minni vinnuvélaréttindi. Upplýsingar á staðnum mánudag og þriðjudag milli 08 og 12. Hreinsitækni Stórhöfða 35.

### Ræsting Garðarbær !
Vantar fólk í ræstingu, 1 tíma fyrir hádegi (kl. 10.) Umsóknir á netfanginu rosa@raestir.is og í síma 533 6020.

## Atvinna óskast

23 ára ung kona óskar eftir vinnu. Talar ensku, ekki íslensku. Öll vinna kemur til greina. Uppl. í s. 848 5621.

41 árs kona með langa reynslu af verslunarstörfum óskar eftir framtíðarstarfi. Hef í 5 ár verið verslunarstjóri í sérvöruverslun. Stundvís, ábyggileg, glaðlynd. Góð meðmæli. Uppl. í s. 554 0675 & 659 3952.

Duglegur 43ja ára maður sem stundar nám við pípulagnir, óskar eftir að komast á samning með námi á Reykjavíkursv. S. 862 7990.

33ja ára fjölskyldumaður og vanur meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu strax. Uppl. í s. 846 0349.

## Viðskiptatækifæri

Fullkomin heimaviðskipti, engin sala. Uppl. www.my.ws aðgangs kóti KASSINN.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Sá sem tók í misgripum svarta ullarkápu með hvítum loðkraga og hvítum skinnum á ermum, úr fatahengi Apoteks Pósthússtr. á nýársnótt er beðin um að skila henni til starfsfólks staðarins. Kápan er auðþekkjanleg fyrir konu sem er 1.80 á hæð.

## Fundir

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík.

## Einkamál



# Tekið til baka

Öryrkjar og eldri borgarar fengu í lok nóvember sl. tilkynningu frá Tryggingastofnun ríkisins þess efnis, að þeir ættu að greiða til baka ofgreiddan lífeyri ársins 2003. Aðrir fengu tilkynningar um að þeir ættu inneign. Þeim, sem fengu tilkynningar um að þeir hefðu fengið greitt of mikið, brá í brún. Þeim fannst lífeyririnn síst vera of hár. Samtök öryrkja og aldraðra hafa einmitt kvartað undan því, að lífeyrir Tryggingastofnunar væri of lágur og að hann dygði ekki til framfærslu. Hafa verið færð rök fyrir því að svo væri og faglegar rannsóknir gerðar á því hve mikið vantaði upp á að bætur almannatrygginga dygðu til framfærslu. Þessir aðilar hafa síst átt von á því, að farið yrði að taka til baka hluta þess, sem öryrkjar og aldraðir höfðu áður fengið.



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Tryggingastofnun ríkisins segir, að hér sé byggt á nýjum lögum og tilgangurinn sá, að finna út hvað hver lífeyrisþegi eigi rétt á og endurmeta bætur hvers og eins þannig að þær verði sem réttastar. Ætlast er til þess að lífeyrisþegar séu stöðugt að senda Tryggingastofnun upplýsingar um breytingar á greiðslum úr lífeyrissjóðum og um aðrar tekjur, ef einhverjar eru. Ekki líst mér á þetta nýja fyrirkomulag. Það er útilokað að öryrkjar og eldri borgarar geti uppfyllt þær skyldur sem Tryggingastofnun leggur þeim á herðar að því er varðar upplýsingagjöf. Það er einnig mjög erfitt í framkvæmd að endurmeta allar greiðslur til lífeyrisþega eftir ákveðinn tíma og hefur í för með sér alltof mikið rask fyrir bótaþega. Þetta var ekki gert áður. Þetta er nýtt fyrirkomulag. Það leggst illa í mig. Ef ekki er unnt að leiðrétta bætur jafnóðum, t.d. 1-2 mánuðum eftir að þær eru greiddar út, tel ég að ekki eigi að gera það. Þá hefi ég í huga allar leiðréttingar, sem byggjast á eðlilegum sveiflum í tekjum. Ég hefi að sjálfsögðu ekki í huga leiðréttingar vegna vísvitandi rangra upplýsinga. Leiðréttingar af slíkum ástæðum er auðvitað unnt að gera löngu seinna. Og þannig var það einnig samkvæmt eldra fyrirkomulagi.

Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, Arnþór Helgason, hefur gert alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins á endurmati lífeyrisgreiðslna fyrir árið 2003. Hann bendir m.a. á, að mikill fjöldi lífeyrisþega veitti Tryggingastofnun ótakmarkaðan aðgang að rafrænum gögnum um tekjur sínar árið 2003. Af 42.000 lífeyrisþegum veittu einungis 1.105 einstaklingar TR takmarkaðan aðgang að gögnum um tekjur sínar og maka og af um 12.000 öryrkjum voru það einungis rúmlega 700 manns sem veittu takmarkaða heimild. Samt er það svo, að það voru aðeins 6.000 lífeyrisþegar, sem Tryggingastofnun gerði engar breytingar hjá. Ljóst er því, að eitthvað hefur misfarist við endurmat á bótum lífeyrisþega.

Öryrkjabandalag Ísland hefur mál þetta til skoðunar. Gífurleg óánægja er meðal öryrkja með framkvæmd málsins. Síminn hefur varla þagnað hjá Öryrkjabandalaginu. Ekki var á bætandi þá óánægju sem fyrir var með kjör öryrkja. Ríkisstjórnin hefur svikið samkomulag, sem gert var við öryrkja fyrir kosningar 2003 um að bæta kjör yngstu öryrkjanna um 1,5 milljarð og hefur aðeins efnt samkomulagið að 2/3 hlutum. Það verður þó að segja Tryggingastofnun til málsbóta að hún fer mjög mildilega í endurkröfur og byrjar ekki að innheimta fyrr en í febrúar n.k. og dreifir endurkröfum síðan á allt árið. Og vissulega er það fyrst og fremst löggjafinn, sem hér á sök með því að setja lög um að endurmeta eigi tryggingabætur eftir á. Þessi lög þarf að endurskoða. ■

ATVINNA

aktu taktu

OKKUR VANTAR GOTT FÓLK

Vilt þú vera hluti af öflugri liðsheild, vinna með góðu fólki í vaxandi fyrirtæki? Við gerum miklar kröfur til starfsmanna okkar og leggjum okkur jafnframt fram um að verðlauna þá sem standa sig vel. Við leitum að fólki sem er 20 ára og eldra og getur unnið reglubundnar skiptivaktir.

Umsóknareyðublöð á Aktu Taktu, Skúlagötu og www.aktutaktu.is

AKTU TAKTU ehf. • Skúlagötu 15 • 101 Reykjavík • www.aktutaktu.is

NÁMSKEIÐ

Stangaveiðimenn ath.

Nú er að hefjast okkar árvissa flugukastkennsla í TBR húsinu Gnoðavegi 1, sunnudaginn 9. jan. kl. 20. Kennt verður 9, 16, 23, 30 jan. og 6. feb. Við leggjum til stangir, skráning á staðnum gegn greiðslu (ekki kort) mætið tímanlega. Munið eftir inniskóm.

K.K.R., S.V.F.R og S.V.H.

TILKYNNINGAR

Tálknfirðingar nær og fjær.

Þorrablót T.N.O.F verður haldið laugard. 5. febr. í Akogessalnum Sigtúni 3, Reykjavík kl. 20.00.

Mætum nú öll.

Frekari uppl. hjá Ævari s. 423-7967 og Steindór 565-5702.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um Rannsóknarboranir á Hengilssvæði og Hellisheiði samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Rannsóknarboranir á eftirtöldum stöðum skulu háðar mati á umhverfisáhrifum:

Inni í Innstadal, á Stóra-Skarðmýrarfjalli og suðvestan og norðaustan í Fremstadal í Sveitarfélaginu Ölfusi

Rannsóknarboranir á eftirtöldum stöðum skulu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum:

Við Kýrgil og Búrfellslínu 3A á Ölkelduhálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi og við Hverahlíð í Sveitarfélaginu Ölfusi

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 4. febrúar 2005.

Skipulagsstofnun



FASTEIGNIR

HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400
Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali

Klassaíbúð í vesturbænum

Kaplaskjólsvegur Verð 23 millj.



- Heildarstærð íbúðar er 131,5 fm.
- 5–6 herbergja íbúð á 2 hæð
- Nýlegt glæsilegt eldhús
- Gott skipulag – Góð gólfefni
- Tvennar svalir
- Stór gróinn garður m. leiktækjum
- Tengi fyrir þvottavél í baðherbergi auk saml. í kjallara
- Öll sameign í góðu standi



Teitur Lárusson
*sölufulltrúi*
S. 894-8090

TILKYNNINGAR

ÓBYGGÐANEFND

TILKYNNING FRÁ ÓBYGGÐANEFND

Óbyggðanefnd, sem er óháður úrskurðaraðili og starfar á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, hefur tekið til meðferðar svæði á Norðausturlandi sem nær yfir Öxarfjarðarhrepp, Raufarhafnarhrepp, Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp, Skeggjastaðahrepp, Vopnafjarðarhrepp, hluta Fljótsdalshéraðs (fyrrum Norður-Hérað og Fell) og Fljótsdalshrepp.

Í mars sl. veitti óbyggðanefnd fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins frest til 1. ágúst 2004 til að lýsa kröfum sínum um þjóðlendur á svæðinu, ef einhverjar væru. Sá frestur var síðar framlengdur fram í nóvember. Fjármálaráðherra hefur nú lýst kröfulínu sinni og liggur hún um eftirfarandi landsvæði, eins og þau eru skilgreind í kröfulýsingunni: Fljótsdal, Fell og Jökuldal austan Jökulsár á Brú; Jökuldal norðan og vestan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð og Hróarstungum; Vopnafjarðarhrepp; Skeggjastaðahrepp; Þistilfjarðarsvæðið og Öxafjarðarhrepp ásamt Raufarhöfn.

Nánari upplýsingar um kröfur fjármálaráðherra er að finna í Lögbirtingablaðinu 28. desember 2004, á heimasíðu óbyggðanefndar, www.obyggdanefnd.is undir „Svæði til meðferðar" og á skrifstofu óbyggðanefndar, Hverfisgötu 4a, Reykjavík, sími 563 7000. Jafnframt liggja kröfurnar, ásamt tilheyrandi kortum og öðrum fylgigögnum, frammi hjá sýslumanninum á Seyðisfirði og sýslumanninum á Húsavík sem og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga.

Tekið skal fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess getur því komið að nefndin taki til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd kynnir nú kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins í þeim tilgangi að ná til þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta á kröfusvæði ríkisins. **Hér með er skorað á þá, er telja til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, á því landsvæði sem fellur innan kröfusvæðis ríkisins, að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, í síðasta lagi 31. mars 2005. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á. Leiðbeiningar um frágang kröfulýsinga fást á skrifstofu óbyggðanefndar og á heimasíðunni www.obyggdanefnd.is.**

Yfirlýsingu um framangreinda kröfugerð verður þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók og málið varðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.

Reykjavík, 4. janúar 2005
Óbyggðanefnd

# Lýðræði er ekki tveggja manna tal

**UMRÆÐAN**
ÍRAK



**JÓN KALMAN STEFÁNSSON**
RITHÖFUNDUR

> **Ég man ekki eftir skýrara, hreinlega dimmara dæmi um dofnandi lýðræðisvitund íslenskra stjórnvalda en Íraksmálið og eftirmála þess.**

Einhverstaðar las ég að mikil velsæld geti orðið hættuleg lýðræðinu. Þá er vísað til þess að manneskja sem lifir þægindafullu lífi gerist værukær og sjálfhverf með tímanum, hún hættir að mestu að hugsa út fyrir garðinn sinn og um hag samfélagsins, þróun lýðræðisins, og dofni svo verulega í áhuganum í stjórnmálum að völd stjórnvalda eflist hægt og bítandi langt umfram það sem lýðræðishugsjónin leggur upp með.

Ég held að það sé heilmargt til í þessu.

Það er erfitt að fara með vald án þess að spillast af því, maðurinn er einfaldlega þannig samansettur, og við getum þá rétt ímyndað okkur hættuna sem felst í því ef stjórnmálamaður, sama hvaða nafni hann nefnist, sama hvar í flokki hann stendur, fái það á tilfinninguna að almenningur sé hættur að fylgjast með starfi hans, nema þá stopult, tilviljunarkennt. Með tímanum fer hann að líta svo á, ómeðvitað í flestum tilvikum, að valdið tilheyri honum, það sé hans og því þarflaust að taka tillit til almennings – þurfi ekki lengur að spyrja hann álits, hlera eftir viðbrögðum hans, nema þá á fjögurra ára fresti, í rússíbanaferð kosningaherferðarinnar. Og hvað er þá orðið um lýðræðið sem stendur og fellur með vakandi áhuga almennings og aðhaldi hans á stjórnmálamenn, stöðugu aðhaldi svo þeir gleymi því aldrei hvaðan þeir þiggja valdið, fyrir hverja þeir starfa.

### Í mínu nafni, og í þínu nafni

Við höfum síðustu árin horft upp á hvernig stjórnvöld hafa eflst að völdum og áhrif almennings jafnframt dvínað – en þar getum við því miður engum um kennt nema okkur sjálfum. Við höfum líklega meiri áhuga á sjónvarpsdagskránni en stjórnmálum, þekkjum betur til liðsmanna Chelsea-liðsins en þingmanna á alþingi Íslendinga. Þægindin hafa gert okkur værukær, syfjuð, sjálfhverf, við erum ekki lengur þátttakendur heldur áhorfendur, stjórnmálamennirnir finna fyrir því og sumir þeirra eru farnir að hegða sér í samræmi við það; vald spillir.

Skýrasta dæmið um dofnandi lýðræðishugsun, eða -vitund, og „frjálslega" hegðun þeirra stjórnmálamanna sem telja sig óbundna af anda og reglum lýðræðisins, er sú ákvörðun að setja Ísland á lista hinna staðföstu og þar með segja Írak stríð á hendur.

Ég þarf ekki að rifja þetta upp, en geri það samt; það voru tveir menn sem tóku ákvörðunina um að setja Ísland á listann. Tveir einstaklingar sem tóku þessa ákvörðun sem snertir alla þjóðina, hvert og eitt einasta mannsbarn, ákvörðun sem hefur vakið mikla athygli úti í heimi. Það voru tveir menn og þeir litu svo á að þeir töluðu í nafni þjóðarinnar. Í mínu nafni, og í þínu nafni. Og það jafnvel þótt íslensk lög kveði svo á að slík mál eigi fyrst að fá umfjöllun í utanríkismálanefnd Alþingis. Og það jafnvel þótt málið hafi verið mjög umdeilt, bæði á lands- og heimsvísu. Og það jafnvel þó að allt það mesta og einlægasta sem lýðræðishugsjónin stendur fyrir, segi okkur að slíkar ákvarðanir eigi ekki að taka fyrr en talsverður fjöldi einstaklinga hafi komið henni, að fram hafi farið víðtæk umræða.

Það eru til önnur stjórnunarform en lýðræði, einræði er eitt þeirra. Eitt af því sem einkennir einræðið er að örfáir aðilar, jafnvel bara einn eða tveir, taki allar stærri ákvarðanir, án þess að það hvarfli að þeim að hlera eftir vilja almennings, sem þeir telja sig hvort sem er hafa vit fyrir.

Ég man ekki eftir skýrara, hreinlega dimmara dæmi um dofnandi lýðræðisvitund íslenskra stjórnvalda en Íraksmálið og eftirmála þess. Tveir menn taka ákvörðun fyrir alla þjóðina, stóra ákvörðun, taka hana sín á milli og sýna síðan engan vilja eða áhuga að útskýra ákvörðunarferlið, og það sem óttalegra er; það er ekkert í þeirra máli eða framkomu sem bendir til þess að þeir telji sig hafa farið offari. Tveir menn, forsætis- og utanríkisráðherra í lýðræðisríki, stíga yfir skráðar og óskráðar reglur lýðræðisins og sjá ekkert athugavert við það.

### Lýðræði er ekki tveggja manna tal

Íslenskir stjórnmálamenn virðast á stundum haga sér eins og lýðræðishugsjónin sé spariföt sem þeir klæðast á fjögurra ára fresti, þess á milli sé valdið alfarið þeirra. Ákvörðunin um að setja Ísland á lista hinna staðföstu rennir óþægilega styrkum stoðum undir þann grun. Vald spillir og því fastar sem við almenningur sofum, því meiri völd safnast á hendur stjórnvalda, og því hraðar fjarlægast þau lýðræðishugsunina. Við þurfum að vakna, rífa okkur undan seiðandi söng allsnægtar, leggja sjónvarpsdagskrána, leikuppstillingu Chelsea liðsins, nýjustu bæklinga ferðaskrifstofanna, leggja þetta allt til hliðar, og láta vita að okkur stendur ekki á sama; stíga fram og lýsa því yfir að lýðræði sé ekki tveggja manna tal.

Undanfarnar vikur hefur Þjóðarhreyfingin, þverpólitísk grasrótarhreyfing, staðið að söfnun til þess að borga auglýsingu í stórblaðinu New York Times þar sem íraska þjóðin er beðin afsökunar á innrásinni, sem var gerð þvert á vilja Sameinuðu þjóðarinnar, innrás sem var brot á alþjóðalögum. Í auglýsingunni er tekið fram að ákvörðunin um að styðja innrásina, hafi ekki verið tekin í nafni íslensku þjóðarinnar, að það hafi ekki verið farið að reglum lýðræðisins, að ákvörðunin hafi verið tveggja manna tal forsætis- og utanríkisráðherra.

Og undanfarnar vikur hafa ýmsir aðilar lagt umtalsvert á sig að gera lítið úr þessari grasrótarhreyfingu, meðal annars staðhæft að hún hafi engan rétt á að birta auglýsinguna í nafni þjóðarinnar. Samt hafa skoðnakannanir sýnt að mikill meirihluti þjóðarinnar, allt að 4/5, sé mótfallinn þeirri ákvörðun að setja okkur á lista hinna staðföstu. Það er sama hvaða reiknislögmál eru notuð í þessu dæmi; vilji 4/5 hluti íslensku þjóðarinnar vegur drjúgum meira en ákvörðun tveggja einstaklinga, og það jafnvel þótt þeir séu ráðherrar.

Ég hvet því sem flesta að leggja auglýsingunni lið. Það er hægt með því að hringja í símanúmerið 90 20000, og þú ert búin(n) að leggja söfnunni til eitt þúsund krónur, eitt símtal í nafni lýðræðis. Það er líka hægt að leggja frjáls framlög inn á bankareikning 1150-26-833 í SPRON (Þjóðarhreyfingin: kt. 640604-2390), og nálgast frekari upplýsingar á www.thjodarhreyfingin.is. Allur afgangur af söfnunni, verði hann einhver, rennur óskiptur til Rauða kross Íslands til hjálpar stríðshrjáðum borgurum í Írak.

### Valdið er ekki ykkar

Eitt að lokum; sá sem leggur auglýsingunni lið er ekki bara að mótmæla hernaði í Írak og stuðningi íslenskra stjórnvalda við hann, heldur einnig að mótmæla því að tveir menn hafi tekið sér um tíma einræðisvald hér á Íslandi. Því fleiri sem leggja auglýsingunni lið, því öflugari verða þau skilaboð til íslenskra stjórnmálamanna að það sé fylgst með ákvörðunum þeirra. Þeir sem leggja auglýsingunni lið segja; okkur stendur ekki á sama. Við látum ekki hunsa okkur; valdið er ekki ykkar og lýðræði er annað og meira en tveggja manna tal. Daufleg þátttaka mun hins vegar freista stjórnvalda, þeirra sem sitja núna og þeirra sem taka við, að hegða sér eins og ráðherrarnir tveir og taka sér alræðisvald í mikilvægum málum, í þeirri trú að við sofum þungum svefni allsnægtanna. ■

www.lyfja.is
20% afsláttur
25% afsláttur af blóðfitumælingu
EAS SAGAMEDICA vega NOW Nupo SOLGAR FUTURA
HUSK GERIMAX easy body BIOMEGA VITABIOTICS LifeStream
Af öllum vítamínum, fæðubótarefnum og bætiefnum meðan birgðir endast.
Tilboðin gilda í öllum verslunum Lyfju dagana 4.-8. janúar.
LYFJA

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Í hvað viljum við setja peningana?

**Bjarni Arnarson matreiðslumaður skrifar:**

Í framhaldi af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað varðandi mötuneyti grunnskóla langar mig að tjá mig um þessi málefni þar sem ég sé um mötuneyti Breiðholtsskóla. Þegar ég tók við mötuneytinu í byrjun síðasta skólaárs þá varð mér ljóst hversu mikilvægt það er fyrir skólastofnun að börn hafi aðgang að heitri máltíð í þeirri stofnun sem undirbýr þau fyrir átök lífsins og ekki síst að vel sé staðið að þessum málum þannig að börnum líði vel í skólanum.
Fljótlega eftir seinni heimsstyrjöldina tóku Finnar þá ákvörðun að börn í grunnskólum landsins skyldu fá heita máltíð, þeir hafa sjálfsagt hugsað það út frá því að það væri ekki síður mikilvægt að börnum liði vel í skólanum og þar af leiðandi hefðu jákvæðari hugsun gagnvart þeirri menntastofnun sem á að koma þeim til manns. Hinsvegar er það þannig á Íslandi að börn þurfa að borga fyrir áskrift að mötuneytinu og finnst mér grátlegt að sjá unga krakka sitja hjá og horfa á skólafélaga sína borða heita máltíð þar sem sum hver eru illa nestuð og koma jafnvel frá fjölskyldum sem þurfa að velta fyrir sér hverri krónu í rekstri heimilisins. Mér finnst að börn sem eru að stíga sín fyrstu spor í menntakerfinu ættu öll að sitja við sama borð og félagar þeirra, allavega til 11-12 ára aldurs, því skólinn á að vera stofnun sem stuðlar að jafnvægi á sem flestum sviðum. Ég held að stjórnvöld ættu að velta því fyrir sér hvort meira virði sé að eyða púðri í málefni utanlands eins og dæmin sanna eða borga þó ekki væri nema fyrir yngstu nemendur skólans sem minnsta skilning hafa á því af hverju hann fær en ekki ég. ■

### Um hvað er deilt?

**Guðmundur Gunnarsson formaður Rafiðnaðarsambands Íslands skrifar:**

Þegar gengið var til samninga við Impregilo var bent á að tilboð þeirra stæðist ekki. Þessu var mótmælt af Landsvirkjun og ráðherrum. Nú er ljóst að þeir sögðu ekki satt og málið er að snúast í varnarbaráttu þar sem öllu verður til kostað, jafnvel lögbrotum. Umsóknum Íslendinga er ekki svarað og laun eru undir lágmörkum. Í fréttum nýverið var sýnt hvernig alþjóðleg fyrirtæki níðast á kínverskum launamönnum til þess að hámarka arð sinn. Sama á að gera við Kárahnjúka. Framferði stjórnvalda mun koma í bakið á okkur. Önnur fyrirtæki spyrja, af hverju þurfum við að fara að íslenskum lögum og kjarasamningum? Þetta er bein aðför íslenskra stjórnvalda og Landsvirkjunar að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og starfsmönnum þeirra, sama hvaðan þeir koma. Kárahnjúkadeilan snýst um þetta. Ráðamenn reyna að bera af sér sakir með því að saka verkalýðshreyfinguna um kynþáttafordóma, þrátt fyrir að hún hefur margítrekað sagt að málið snúist um að verja launakjör hér á landi, sama hver eigi í hlut. ■

## AF NETINU

### Blinduðust af völdunum

Þeir sem nú um stundir halda á stjórnarkeflinu blinduðust af völdunum. Sú blinda kemur ef engin ólga eða gagnrýni kemur. Einnig er ekki leyfð nein gagnrýni. Ef einhver gagnrýnir þá er þeim sama hent út í ystu myrkur. Fyrst bar á þessu í tíð Geirs Hallgrímssonar. Þá var þingmanni hent út í ystu myrkur vegna þess að hann andmælti. Harðasta refsing þingmannsins er þegar hann verður áhrifalaus. Þetta þurfti Ellert B. Schram að reyna og þetta þurfti Kristinn H. Gunnarsson að reyna. Hinir blindu og eftirlátu léku sitt hlutverk sem dýrin í Animal farm Íslands. Þar fóru fremst yngstu þingmenn stjórnarflokkanna. Með skyggni fyrir augunum samþykktu þeir allt sem fram streymdi af forsætisráðherrunum tveimur. Leitt að þar í flokki eru tveir þingmenn þess kjördæmis sem ég bý í. Auðvitað á ég við viðbrögð og feril fjölmiðlafrumvarpsinsÝsvonefnda.

**Gísli Baldvinsson á frontpage.simnet.is/gislib/**

# Dauðsföll vegna hamfara og stríðs

UMRÆÐAN
NÁTTÚRUHAMFARIR OG STYRJALDIR

EINAR ÓLAFSSON
BÓKAVÖRÐUR

Við höfum sennilega öll upplifað sömu tilfinninguna á undanförnum dögum vegna hinna skelfilegu hamfara í Indlandshafi og löndunum þar í kring. Við getum ekki hugsað þetta til enda. Á hverjum einasta degi stendur ógrynni fólks um allan heim frammi fyrir þessum óskiljanleika. Dauði einstaklingsins er í sjálfu sér jafn hörmulegur og sorg ástvinanna jafn mikil þegar um er að ræða banaslys á íslenskum þjóðvegi eða dauðsfall sem aldrei kemst í aðrar fréttir en dánartilkynningarnar. En slíkir ógnaratburðir sem núna eða fyrir ári síðan í Bam í Íran, eða snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri fyrir okkur Íslendinga, eru af stærðargráðu sem við náum ekki. Þetta er langt handan við allan mannlegan mátt.

Það vill svo til að fyrir tæpum mánuði var ég staddur í Japan og sá þar sýningu sem Alþýðusamband Japans setti upp í tilefni af því að næsta sumar verða liðin sextíu ár frá því að Bandaríkjastjórn lét varpa kjarnorkusprengjum á borgirnar Hírósíma og Nagasakí. Á sýningunni voru myndir af afleiðingum þessara kjarnorkusprengja og ýmsar upplýsingar. Árum saman hefur fólk komið saman og fleytt kertum í minningu þess fólks sem fórst af völdum þessara kjarnorkusprengja og krafist þess að slíkt gerist ekki afttur. Og samt gerist slíkt aftur og aftur, ekki kannski svo skyndilega sem þar var, en samt aftur og aftur. 6. og 9. ágúst 1945 fórust á annað hundrað þúsund manns af völdum þessara tveggja kjarnorkusprengja í Hírósíma og Nagasakí. Borgirnar eyðilögðust að mestu. Þessi fjöldi og þessi ægilega eyðilegging var af svipaðri stærðargráðu og í Bam í fyrra og við Indlandshaf núna.

Munurinn er sá að um jólin nú og í fyrra var um að ræða náttúruhamfarir sem enginn mannlegur máttur kom nærri né gat komið í veg fyrir en dauðsföllin í Japan fyrir tæpum 60 árum stöfuðu af því að einhverjir menn tóku ákvörðun um að senda flugvélar með sprengjur. Og það voru ekki sturlaðir menn sem framkvæmdu eitthvað óviðráðanlegt heldur menn sem voru jafn heilbrigðir andlega og flest okkar. Þetta voru engin óviðráðanleg náttúruöfl, þetta var ekki handan við mannlegan mátt, ekki frekar en það sem hefur að undanförnu valdið dauða tuga þúsunda manna í Írak, Tsjetsjeníu, Darfúr og fleiri stöðum víða um heim þar sem stríð hafa geisað.

Vísindamenn hafa unnið að því að finna aðferðir til að spá fyrir um náttúruhamfarir. Þeir hafa reynt að finna leiðir til að koma í veg fyrir slík stórslys eða draga úr þeim en sjaldnast er hægt að koma í veg fyrir náttúruhamfarirnar sjálfar. Enginn mannlegur vilji getur komið í veg fyrir jarðskjálfta, eldgos eða fellibylji. En mannlegur vilji getur komið í veg fyrir mannfall og eyðileggingu af völdum styrjalda, mannlegur vilji getur komið í veg fyrir stríð af því að stríð verða ekki nema vegna mannlegs vilja. Mannlegur vilji getur nú orðið líka bjargað flestum þeirra milljóna sem deyja ár hvert af völdum hungursneyða og farsótta eins og eyðni, malaríu, berkla og fleira. Vilji er allt sem þarf.

*Höfundur er ritari Samtaka herstöðvaandstæðinga.*

# Af umhverfisvininum Bush

BALDUR ARNARSON SKRIFAR UM UMHVERFISMÁL OG BANDARÍKJAFORSETA

Vísindasamfélagið í Bandaríkjunum tók óvenju virkan þátt í kosningabaráttunni á liðnu ári og varð Bandaríkjaforseti ítrekað fyrir harðri gagnrýni vísindamanna fyrir slælega frammistöðu í umhverfisverndarmálum. Bandarísku samtökin Union of Concerned Scientists (UCS), sem hafa um 100.000 félagsmenn, voru á meðal gagnrýnenda, en þau sökuðu stjórn forsetans um að hafa misnotað vísindalegar niðurstöður í pólitískum tilgangi, meðal annars í málatilbúnaðinum um hættuna af gereyðingarvopnabúri Íraka. Dæmi um gagnrýni samtakanna er yfirlýsing þeirra fyrir réttu ári þar sem stjórn Bush var sökuð um að velja ýmist ósérhæft eða augljóslega hlutdrægt starfsfólk í opinberar stöður og vísindanefndir, en um 60 þekktir vísindamenn vestra, þar af 20 Nóbelsverðlaunahafar, skrifuðu undir skjalið. En dæmi um slíka pólitíska ráðningu er ráðning forsetans á Mark Rey, fyrrum talsmanni timburvinnslufyrirtækja, í stöðu sem felur í sér umsjá yfir skóglendi.

Samtökin UCS sendu svo aðra samskonar yfirlýsingu frá sér síðastliðið sumar sem um 4.000 vísindamenn, þar af 48 Nóbelsverðlaunahafar, skrifuðu undir. Gagnrýni vísindamanna á stefnu Bush er alls ekki takmörkuð við Bandaríkin. Til dæmis sagði Prófessor Dina Liverman, stjórnandi the Environmental Change Institute við Oxford háskóla, í viðtali við the Guardian, að vísindamenn vestra væru undir miklum þrýstingi um að birta ekki rannsóknir sem gengu í berhögg við stefnu stjórnarinnar á sviði loftlagsbreytinga. Þessi gagnrýni beinist ekki að ósekju að Bush þar sem hann hefur sjálfur lýst yfir efasemdum yfir vísindalegum grundvelli rannsókna á áhrifum loftslagsbreytinga, þvert á málflutning vísindamanna. Til dæmis áætlar the Environmental Protection Agency (EPA) að losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum í Bandaríkjunum muni aukast um 43 prósent á tímabilinu 2000 til 2020. Ennfremur hefur stjórn Bush sett sér það umdeilda markmið að draga úr losun kvikasilfurs frá um 1100 olíu- og koladrifnum raforkuverum landsins um 70 prósent fyrir árið 2018, en samskonar markmið stjórnar Clintons var að draga úr losun kvikasilfurs frá sömu raforkuverum um 90 prósent fyrir árið 2008. Stjórn forsetans hefur ennfremur verið afar mótfallin samþykkt Kyoto-sáttmálans, en sú andstaða rak breska umhverfisráðherrann Michael Meacher til að lýsa því yfir í The Guardian að þátttaka Bandaríkjanna væri nauðsynleg ef afstýra ætti stórslysi.

Gagnrýni á stefnu Bush í þessum málaflokki hefur einnig heyrst frá flokksmönnum forsetans, þar á meðal frá Russell Train, einum af yfirmönnum EPA í stjórnartíð forsetanna Nixons og Fords. Framlag forsetans til umhverfisins hefur þó ekki verið alvont. Til að mynda lögðu liðsmenn hans innan EPA blessun sína á málsvörn Army Corps of Engineers, sem dælir árlega um tvöhundruð þúsund tonnum af mengaðri eðju í Potomac ánna, gegn kæru byggðri á the Clean Water Act. En meginrökin varnarinnar voru að eðjan væri góð fyrir fisk í ánni, þar sem hún leiddi til þess að hann synti í burtu undan fiskimönnum!

*Höfundur er háskólanemi í Ástralíu.*



**NÁTTÚRUFRÆÐINGURINN GERALD DURRELL** (1925-1995) fæddist þennan dag.



*„Margir halda að náttúruvernd felist í því að vernda skrítin dýr – þeir átta sig ekki á því að náttúruvernd er stríð til að koma í veg fyrir tortímingu mannkynsins.“*

***- Það sem gerir Gerald Durrell ódauðlegan er kímnigáfan.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Fyrsta ritvélin

Þennan dag 1714 fékk breskur verkfræðingur einkaleyfi á ritvél. Ekki er vitað til þess að þessi hugmynd hafi orðið að veruleika, líkur benda til þess að Mill hafi aldrei smíðað ritvélina, einkaleyfið varð aldrei nema hugarsmíð. Liðið var langt fram á 19. öld þegar nothæfar ritvélar urðu til. Margir hafa verið taldir frumkvöðlar í þessari grein vélfræðinnar en Skandinavar halda gjarnan fram danska prestinum Malling Hansen sem fann upp skrifkúluna um 1870. Sagt er að heimspekingurinn Nietzsche hafi eignast eina slíka og bölvað henni mikið. Undir lok 19. aldar kom fram sú tegund ritvéla sem algengust var allt til loka ritvélaaldar, þar sem blaðið hringaðist um sívalan vals og hnappaborðið byrjaði á QWERTY, rétt eins og það gerir enn á hnappaborðum tölvanna. Meira að segja forveri kúluritvélanna, Hammond ritvélin, kom fram fyrir lok 19. aldar og eignaðist sterkan hóp áhangenda. Þó var tuttugasta öldin blómaskeið ritvélarinnar. Segja má að því blómaskeiði sé enn ekki lokið. Hjá mörgum er tölvan eiginlega ekkert annað en fjölhæf rafmagnsritvél með ljósi og innbyggðum leiðréttingarborða.



**7. JANÚAR 1714** var skráð fyrsta einkaleyfið á ritvél. Hér sést ein af ritvélum nítjándu aldar

## MERKISATBURÐIR

**1533** Frakkar ná Calais á sitt vald, seinustu bækistöð Englendinga á meginlandinu.

**1730** Árni Magnússon prófessor deyr í Kaupmannahöfn.

**1785** Blanchard og Jeffries fara í loftbelg yfir Ermarsund, fyrstir manna.

**1942** María Markan syngur hlutverk greifafrúarinnar í „Brúðkaupi Figarós“ í Metropolitan-óperunni í New York.

**1944** Helgi Hjörvar hefur lesturinn á „Bör Börsson“ í útvarpinu.

**1953** Truman forseti segir frá nýju vopni: Vetnissprengjunni.

**1989** Hirohito Japanskeisari deyr og Akihito tekur við.

**1999** Réttarhöld hefjast yfir Clinton forseta.

## AFMÆLI

**Einar Tjörvi Elíasson**, fyrrv. yfirverkfræðingur í Kröflu, er 75 ára í dag.

**Óðinn Geirsson** prentari er 62 ára.



**Trausti Valsson**, arkitekt og skipulagsfræðingur, er 59 ára.

**Daniel Teague** skjalaþýðandi er 58 ára í dag.

**Anna Mjöll Ólafsdóttir** söngkona er 35 ára.

**Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir**, ungkrati og kaupmaður, er 28 ára.



**Svava Þ. Johansen** kaupmaður er 41 árs.

## ANDLÁT

**Friðrik Baldvin Jónsson,**, Hraunkoti í Lóni, lést föstudaginn 31. desember.

**Guðmundur Magnús Jónsson**, Garðabraut 6, Akranesi, lést sunnudaginn 2. janúar.

**Paul Erik Símonarson,**, Grýtu, Eyjafjarðarsveit, lést þriðjudaginn 4. janúar.

**Maríus Sigurjónsson,**, Háteig 2B, Keflavík, lést þriðjudaginn 4. janúar.

**Guðrún Jakobsdóttir**, frá Grund í Svínadal, lést miðvikudaginn 5. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Þórður Elíasson** frá Saurbæ, fyrrv. leigubílstjóri, Hraunbæ 103, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju.

13.00 **Davíð Kr. Jensson** byggingameistari, Langagerði 60, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.00 **Páll Lúðvíksson** verkfræðingur, Álfheimum 25, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.00 **Ólafur Stefánsson**, Engihjalla 1, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni

15.00 **Margrét Hjálmarsdóttir** verður jarðsungin frá Landakotskirkju.

15.00 **Lilja Magnúsdóttir**, Staðarbakka 30, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

Jesús sagði:
„Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín.
Jóh 14,15“
Hefur þú hlustað á
Útvarp Boðun FM 105,5

†

LOKAÐ

Skrifstofur okkar verða lokaðar frá kl. 14.00 í dag, föstudaginn 7. janúar, vegna útfarar Hafsteins Einarssonar.

**Ásgeir Einarsson ehf.**

Garðabæ.

†

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Eiríkur Einarsson**

bóndi, Hallskoti, Fljótshlíð,

andaðist á Landspítalanum - háskólasjúkrahúsi Hringbraut mánudaginn 3. janúar síðastliðinn.

Fyrir mína hönd og annarra vandamanna,

Stefanía Guðmundsdóttir.

**15% afsláttur**
**af legsteinum**
**gegn staðgreiðslu**
**í janúar og febrúar**
**Sendum myndalista**



**MOSAIK**
*Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**MARINÓ GUÐMUNDSSON** Marinó tekur við starfi forstjóra 66° Norður - Sjóklæðagerðarinnar hf. af Þórarni Elmari Jensen, sem hefur verið forstjóri og aðaleigandi fyrirtækisins frá 1966.

**TÍMAMÓT:** 66°NORÐUR SKIPTIR UM AÐALEIGENDUR

# Nýr forstjóri 66°Norður

Marinó Guðmundsson rekstrarhagfræðingur hefur verið ráðinn forstjóri 66°Norður - Sjóklæðagerðarinnar hf. Marinó var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Norðurljósa og aðstoðarútvarpsstjóri Íslenska útvarpsfélagsins. Hann tekur við af Þórarni Elmari Jensen, sem hefur verið forstjóri og aðaleigandi frá því árið 1966. Elmar lætur nú af störfum þegar Sigurjón Sighvatsson eignast ráðandi hlut í fyrirtækinu. Marinó hefur víðtæka reynslu úr viðskiptalífinu, hér heima og erlendis. Hann var viðskiptafræðingur hjá Coopers og Lybrant og var fjármálastjóri auglýsingastofunnar „Gott fólk“. Marinó starfaði erlendis um fimm ára skeið og gegndi sérfræðingsstöðu hjá Fortisbank í London. Sigurjón Sighvatsson, hinn nýi aðaleigandi 66°Norður, og Marinó störfuðu saman þegar Sigurjón var einn af eigendum og stjórnarmaður í Norðurljósum.

Marinó er 38 ára gamall, kvæntur Guðrúnu Steindórsdóttur viðskiptafræðingi. Þau eiga þrjú börn. ■

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, tengdadóttir, systir og amma,*

**Ragnhildur Guðjónsdóttir**

Skipastíg 11, Grindavík,

sem andaðist á heimili sínu laugardaginn 1. janúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju laugardaginn 8. janúar kl. 14.00.

**Sævar Þórarinsson**

**Gunnlaugur Sævarsson, Auður Arna Guðfinnsdóttir, Albert Sævarsson, Eydna Fossadal, Steinþóra Sævarsdóttir, Árni Þór Sævarsson, Þórarinn Ólafsson, Guðveig S. Sigurðardóttir, Málfríður Guðjónsdóttir, Vilborg Guðjónsdóttir og barnabörn.**

# Skrefi nær

Stefán Kristjánsson úr Taflfélaginu Helli tryggði sér sinn fyrsta áfanga að stórmeistaratitli þegar hann gerði jafntefli við ísraelska stórmeistarann Victor Mikhalevski í lokaumferð alþjóðlegs móts í Drammen í Noregi gær. Þetta er fyrsti stórmeistaraáfangi sem Íslendingur tryggir sér síðan Þröstur Þórhallsson varð stórmeistari árið 1995.

Íslenskir stórmeistarar eru alls tíu talsins og þar af eru fjórir þeirra atvinnumenn, sem þýðir að þeir eru á sambærilegum launum frá ríkinu og framhaldsskólakennarar. Íslensku atvinnumennirnir eru Hannes Hlífar Stefánsson, Helgi Ólafsson, Helgi Áss Grétarsson og Þröstur Þórhallsson. - bs



AFGREIÐSLUTÍMI:
föstudag.... 9 - 19:30
laugardag.... 10 - 16
tilboðin gilda til laugardagsins 8.jan
eða á meðan birgðir endast
HELGAR TILBOÐ
1399kg-
SVÍNALUNDIR
167-
HUNT´S TÓMATSÓSA
1.13kg.
495-
CHEERIOS
992gr.
189-
WEETABIX
MINIBIX
248-
WEETABIX
430gr.
35% afsláttur við kassa
389kg-
MÓA LEGGIR OG LÆRI
merkt verð: 599kg-
35% afsláttur við kassa
195kg-
MÓA VÆNGIR
merkt verð: 299kg-
238-
ORVILLE POPP
STÓR PAKKI
179-
AXA MUSLI
375gr.
395-
SWISS MISS
M/SYKURPÚÐUM
737gr.
353-
SWISS MISS
737gr.
186-
LA CHOY
SÚRSÆT SÓSA
454gr.
20% afsláttur við kassa
798kg-
SKÓLAOSTUR
merkt verð: 997kg-
249-
RIZAZZ HRÍSGRJÓN
1pakki
299-
CAPRI SONNE
APPELSÍNUSAFI
10x200ml.
99-
OSRAM LJÓSAPERUR
2x40W
99-
OSRAM LJÓSAPERUR
2x60W
149-
GRANINI APPELSÍNUSAFI
750ml.
179-
GRANINI GREIPALDINSAFI
750ml.
148-
148-
EGILS KRISTALL
BERGVATN EÐA MEÐ SÍTRÓNU 2l.
LESGLERAUGU
VERÐ FRÁ 666-
NIDEA STYLE
FJARÐARKAUP
ekki bara verð!

# sport

sport@frettabladid.is



**„Heiðar las þýska markverðinum lífslínurnar.“**

Henry Birgir Gunnarsson var svo sannarlega með móðurmálið á hreinu í grein sinni um Heiðar Helguson í Fréttablaðinu í gær.

**Við vonumst til...**

...að forráðamenn liða í Intersportdeildinni í körfuknattleik þurfi ekki að róa enn á ný á leikmannamiðin og að nýir leikmenn séu komnir til að vera. Við bjóðum þá í leiðinni velkomna á Frón og vonum að þeir finni sig í deildinni.

# Aftur tap gegn Svíum

## Svíar lögðu Íslendinga í annað sinn á tveimur dögum í gær. Íslenska liðið leiddi lengi vel en fékk á sig átta mörk í röð í síðari hálfleik.

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik tapaði seinni æfingaleik sínum gegn Svíum í Skövde í gær, 36-31. Ísland leiddi í hálfleik, 17-16. Íslenska liðið hélt reyndar forystunni þar til 13 mínútur lifðu leiks en þá kom hinn frægi slæmi kafli strákanna, liðið fékk á sig átta mörk í röð og ballið var búið. Uppskeran úr Svíþjóðarferðinni því tvö töp en strákarnir töpuðu fyrri leiknum á miðvikudag, 29-28.

„Við komumst í 24-22 en þá hrundi leikur okkar og við fengum á okkur átta mörk í röð. Við misstum okkur algjörlega. Köstuðum boltanum frá okkur og vorum með ótímabær skot. Markvarslan var líka fyrir neðan meðallag og það hjálpaði ekki. Sérstaklega þar sem sænsku markverðirnir vörðu yfir 20 bolta,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

### Slakir dómarar

Viggó kenndi norska dómaraparinu um tapið í fyrri leiknum. Hann sagði að þeir hefðu aftur verið slakir í gær en þó ekki gert útslagið.

„Það hallaði verulega á okkur allan tímann. Dómararnir hentu okkur út af um leið og við tókum á Svíunum og ég held að við höfum fengið sex brottvísanir í síðari hálfleik. Annars kenni ég þeim ekki um tapið því við sáum sjálfir um að tapa leiknum,“ sagði Viggó en íslenska liðið spilaði 6/0 vörn allan leikinn í gær og Viggó var nokkuð sáttur við varnarleikinn þrátt fyrir mörkin 36.

### Ólafur og Guðjón kaldir

Íslenska liðið kemur heim í dag og æfir stíft fram til 14. janúar þegar þeir halda til Spánar á æfingamót. Þaðan fara þeir beint til Túnis. Viggó er sáttur við ástandið á liðinu. „Við erum á fínu róli. Búnir að æfa mjög stíft og sumir eru kannski pínu þreyttir en það lagast.“



**Í HELJARGREIPUM** Sænsku landsliðsmennirnir skrúfuðu fyrir Guðjón Val Sigurðsson í leikjunum tveimur ytra. Guðjón skoraði þrjú mörk í fyrri leiknum á miðvikudag en komst ekki á blað í gær, rétt eins og Ólafur Stefánsson. Mynd/Tommy Holl

Tveir af bestu mönnum liðsins undanfarin ár, Ólafur Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson, voru fjarri sínu besta í leikjunum í Svíþjóð og hvorugur þeirra komst á blað í gær. Viggó óttast ekki að þeir séu í slæmu formi og er fullviss um að þeir eigi eftir að spila vel í Túnis.

„Við eigum mikið inni þegar þessir menn leika ekki af eðlilegri getu. Ég hef engar áhyggjur af þeim. Þetta styrkir liðið bara því aðrir leikmenn verða að taka upp hanskann fyrir þá félaga á meðan og það hafa þeir gert ágætlega,“ sagði Viggó Sigurðsson.

**henry@frettabladid.is**

**MARKAHÆSTU MENN ÍSLANDS:**

| | |
|---|---|
| Einar Hólmgeirsson | 10 |
| Róbert Gunnarsson | 7 |
| Alexander Pettersons | 4 |
| Dagur Sigurðsson | 3 |

**VARIN SKOT:**

| | |
|---|---|
| Hreiðar Guðmundsson | 9 |
| Birkir Ívar Guðmundsson | 5 |

Kvennalið Stjörnunnar spilar þrjá leiki í riðlakeppni Áskorendakeppni Evrópu:

# Góður möguleiki að komast áfram

**HANDBOLTI** Kvennalið Stjörnunnar í handknattleik spilar um helgina þrjá leiki í Áskorendakeppni Evrópu en leikið er með riðlafyrirkomulagi í fyrsta sinn. Stjarnan er í A-riðli ásamt svissneska liðinu Spono Nottwill, tyrkneska liðinu Eskisehir Osmangazi Usi og gríska liðinu APS Makedonikos og komast tvö efstu liðin áfram í sextán liða úrslit. Riðillinn er spilaður í Garðabæ og vonast forráðamenn Stjörnunnar eftir því að fólk fjölmenni á þessa handboltaveislu sem Garðbæingar efna til um helgina.

**LEIKIR RIÐILSINS**

**FÖSTUDAGUR**

| | |
|---|---|
| Eskisehir-APS | kl. 17.30 |
| Stjarnan-Spono | kl. 19.30 |

**LAUGARDAGUR**

| | |
|---|---|
| APS-Spono | kl. 14.15 |
| Stjarnan-Eskisehir | kl. 16.30 |

**SUNNUDAGUR**

| | |
|---|---|
| Eskisehir-Spono | kl. 14.00 |
| APS-Stjarnan | kl. 16.15 |

Fyrstu leikirnir fara fram í kvöld en þá mætir Stjarnan Spono Nottwill en það lið er sennilega það sterkasta að sögn Erlends Ísfeld, þjálfara Stjörnunnar. „Ég hef séð spólu með svissneska liðinu og tel það vera í svipuðum styrkleikaflokki og bestu liðin hér á landi. Ég held að tyrkneska liðið sé þokkalegt en það gríska hvað slakast. Annars veit ég ekkert um tvö síðastnefndu liðin og það gæti vel verið að þau séu búin að styrkja sig eitthvað að undanförnu.“

Erlendur sagði Stjörnuliðið hafa nýtt tímann á milli jóla og nýárs vel og meðal annars æft tvisvar á dag. „Það er gríðarlega mikilvægt fyrir liðið að fá tækifæri til að taka þátt í Evrópukeppninni. Ég tel okkur eiga góða möguleika á því að komast áfram og það er alveg ljóst að við stefnum ótrauð á eitt af tveimur efstu sætunum í riðlinum. Hvað svo verður kemur bara í ljós en það er klárt að liðin sem bíða eftir okkur í sextán liða úrslitum eru gríðarlega sterk,“ sagði Erlendur. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BJARTSÝNN** Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, er bjartsýnn fyrir leikina þrjá um helgina.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

4 5 6 **7** 8 9 10

**Föstudagur**

**SJÓNVARP**

- 17.45 **Olíssport** á Sýn. Fjallað um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 19.00 **Enski boltinn** á Sýn. Umfjöllun um 3. umferð bikarkeppninnar.
- 19.30 **Burnley** og **Liverpool** á Sýn. Bein útsending frá 3. umferð bikarkeppninnar.
- 21.40 **World Series of Poker** á Sýn.
- 00.00 **Race of Champions** á Sýn. Svipmyndir frá kappakstri í Frakklandi í byrjun desember þar sem fremstu ökuþórar heims reyndu með sér.
- 01.00 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá Minnesota og Philadelphia.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Intersportdeildin*

**ÚRSLIT**

**KR–HAMAR/SELFOSS 89–85**

Stig KR: Cameron Echols 29, Aaron Harper 20, Jón Ólafur Jónsson 20.
Stig Hamars/Selfoss: Chris Woods 21, Damon Bailey 20, Marvin Valdimarsson 11.

*KR-ingar höfðu átján stiga forystu í þriðja leikhluta en Hamar/Selfoss gekk á lagið og náði að jafna 82-82. KR náði engu að síður að knýja fram sigur og Aaron Harper, nýja leikmanninum hjá KR, óx ásmegin þegar líða tók á leikinn og hann lofar góðu fyrir komandi átök hjá Vesturbæjarliðinu.

**SNÆFELL–GRINDAVÍK 94–78**

Stig Snæfells: Michael Ames 23, Sigurður Þorvaldsson 20 (7 frák., 5 stoðs.) Hlynur Bæringsson 14 (12 frák.).
Stig Grindavíkur: Darrel Lewis 29 (9 frák., 4 stoðs.), Páll Vilbergsson 17.

**ÍR–SKALLAGRÍMUR 69–89**

Stig ÍR: Theo Dixon 30 (11 frák.), Grant Davis 15.
Stig Skallagríms: Clifton Cook 21 (10 frák.), George Byrd 24 (11 frák.)

*Byrd lék sinn fyrsta leik með Skallagrími og stóð sig með prýði. Kappinn nýtti 9 af 10 skotum sínum og misnotaði aðeins 1 vítaskot.

**KEFLAVÍK–TINDASTÓLL 97-81**

**HAUKAR–FJÖLNIR 75–88**

Stig Hauka:Michael Manciel 18 (15 frák.), John Waller 18 (10 frák.), Mirko Virijevic 12 (9 frák.).
Stig Fjölnis: Nemanja Sovic 22 (16 frák.), Jeb Ivey 21 (9 stoðs.), Darrel Flake 15 (12 frák.).

**KFÍ–NJARÐVÍK 55-108**

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 12 | 9 | 3 | 1076:984 | 18 |
| Njarðvík | 12 | 9 | 3 | 1079:943 | 18 |
| Snæfell | 12 | 9 | 3 | 1128:935 | 18 |
| Fjölnir | 12 | 8 | 4 | 1108:1079 | 16 |
| Skallagrímur | 12 | 8 | 4 | 1037:979 | 16 |
| ÍR | 12 | 6 | 6 | 1089:1076 | 12 |
| Grindavík | 12 | 6 | 6 | 1082:1093 | 12 |
| KR | 12 | 5 | 7 | 1025:1034 | 10 |
| Hamar/Self. | 12 | 5 | 7 | 1086:1150 | 10 |
| Haukar | 12 | 4 | 8 | 1024:1028 | 8 |
| Tindastóll | 12 | 3 | 9 | 997:1145 | 6 |
| KFÍ | 12 | 0 | 12 | 989:1274 | 0 |

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ



Sumarhúsa-eigendur og aðrir farþegar til Spánar!
Alicante
Beint leigu-flug með Icelandair í allt sumar!
Netverð frá
19.950 kr.
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.
Flugáætlun
19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla miðvikudaga í sumar til 5. október.
Fyrstir koma - fyrstir fá!
Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.
plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# Janúartilboð

Það er aðeins einn ódýrastur!







**Aðeins 1 kr.**

Aðeins 40 stólar í boði og aðeins einn á mann

## Fartölva

**HP LaserJet 1010**
HP Compaq nc8000 P-M 1.6G
Intel Pentium M 1.6GHz (1024KB cache)
15" TFT, SXGA+, 1400x1050
512MB DDR RAM (mest 2GB), 2 raufar
40GE (5400 rpm)
Sambyggt DVD/CD-RW 24x
ATI Mobility Radeon 9600, 64MB
Innbyggt 10/100/1000 netkort
802.11b/g+Bluetooth Mini-PCI netkort
Þyngd:2,9kg
Vörunúmer: Q2460A

30.000 VERÐLÆKKUN!

**149,990,-**
*Verð áður 179.990,-*

## Skrifborðsstóll

**Skrifborðsstóll með pumpu og stillanlegu baki!**

99% AFSLÁTTUR!

**1,-**
*Verð áður 7.995,-*



## Laserprentari

**HP LaserJet 1010**
Hraði: 12 bls. á mín.
Vörunúmer: Q2460A

**12.900,-**
*Verð áður 29.900,-*

17.000 VERÐLÆKKUN!



## Kúlupennar

uni

**Frábærir Uni Ball Fusion kúlupennar**
UNI Ball Fusion pennarnir eru ný og frábær hönnun. Penninn er úr glæru plasti og blekið í honum er líka glært. Þetta er vatnsblek sem tekur lit þegar skrifað er. 0,6 oddur úr stáli og carbide kúla gera það að verkum að sérlega gott er að skrifa með pennanum. Fáanlegir í nokkrum litum.
Vörunúmer: 920UB160...

Aðeins 5 kr.

98% AFSLÁTTUR!

**5,- pr. stk.**
*Verð áður 195,-*



## Glósubækur

**Glósubók vírheft**
Vörunúmer: 920UB160...

**9,-**
*Verð áður 99,-*

90% AFSLÁTTUR!



## Bréfabindi

**A4 - fáanleg í mörgum litum**
Vörunúmer: 245H08050-EGI

**139,-**
*Verð áður 399,-*

65% AFSLÁTTUR!



## L-möppur

**10 stk. í pakka**
Vörunúmer: 920UB160...

**29,-**
*Verð áður 295,-*

90% AFSLÁTTUR!



## Ljósritunarpappír

5 pakkar í kassa.

**A4 - 500 blöð í pakka 80 gr.**
Rykfrír og mjög þéttur pappír sem tæknimennirnir mæla hiklaust með.
Vörunúmer: 1601007010-OFF

| *1 pakki* | *1 kassi* |
|---|---|
| **299,-*** | **1.495,-** |

* ef þú kaupir 1 kassa



## Fánablöð

80% AFSLÁTTUR!

**A4 - 5 og 10 lita**

| | |
|---|---|
| **29,-** | **19,-** |
| *Verð áður 159,-* | *Verð áður 99,-* |


Pantanir 550 4111
Fax 550 4101
www.office1.is
pontun@office1.is


Fleiri en 400 verslanir í 24 löndum!

Office1 Superstore -um víða veröld!

**Office 1 Superstore**

HREYFI LAND
Opið hús sunnudaginn 9. janúar frá kl.13-17
15% afsláttur af öllum námskeiðum þennan dag
nánari upplýsingar og skráning
www.hreyfiland.is
Höfðabakka 9 sími: 5772555 mottaka@hreyfiland.is


KARATE
Byrjendanámskeiðin hefjast 11 janúar.
Karatefélag Reykjavíkur
Kjallara Laugardalslaugar
Sími 553 5025 kfr@simnet.is
www.karatedo.is

KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR

**Vorönn Kvennakórs Reykjavíkur**
Æfingar á vorönn hefjast miðvikudaginn 12. janúar kl. 20.00.
Í september 2005 fer Kvennakór Reykjavíkur í viku söngferðalag til Finnlands, Eistlands og Svíþjóðar og hefst undirbúningur ferðarinnar nú á vorönn. Kórinn getur bætt við nokkrum röddum, áhugasamar hafi samband í síma 896 - 6468 eftir kl. 16:00.

**Kórskóli Kvennakórs Reykjavíkur**
Kennsla hefst miðvikudaginn 19. janúar kl. 18:00. Í kórskólanum er farið yfir undirstöðuatriði söngs og þá sérstaklega söngs í kór þar sem unnið er með sjálfstæði radda og samhljóm.
Innritun í síma 896 - 6468 eftir kl. 16:00.

**Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur**
Æfingar hefjast mánudaginn 10. janúar kl. 16:00.

Æfinga- og kennsluaðstaða er í húsnæði Sjómannaskóla Íslands við Háteigsveg. Kórstjóri og kennari er Sigrún Þorgeirsdóttir.



Ruslatunnur og fötur í miklu úrvali

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
TUNGLIÐ RV2024

# STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Ágætis byrjun?

**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** REYNDI AÐ FALSA NÝJA BYRJUN


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Í fyrradag rakaði ég af mér allt hárið. Ég veit ekki alveg afhverju, en þegar ég renndi sköfunni yfir höfuðleðrið á mér velti ég því fyrir mér hvort þetta væri ekki við hæfi á áramótum, þegar okkur dreymir mörgum um nýtt upphaf. Nýtt ævintýri fyrir hár mitt? Hver veit nema það verði allt öðruvísi þegar það vex aftur? Kannski breytir það um lit eða ég fæ loksins náttúrulegt afró? Hmm, kannski ekki?

Það gengur víst ekki og þegar það vex aftur, þá verður það í sama músabrúna litnum, og eins þunnt og slétt eins og áður. Þannig forritaði náttúran frumur mínar í upphafi og ég get lítið sem ekkert gert, vilji ég ekki eiga í stöðugri baráttu við hin óumflýjanlegu náttúruöfl.

Þetta er eins með allt í náttúrunni. Við getum kannski fengið falsað okkur nýjar byrjanir, en við getum aldrei öðlast nýtt upphaf.

Það eina sem við getum gert í lífinu er að sættast við fortíð okkar, og finna leið til þess að halda okkur í jafnvægi eða jafnvel hamingjusömum í nú-inu. Framtíðin er ekki til … enn þá.

Að halda huga okkar í fortíðinni og mistökum okkar þar, er eins og að ákveða að tattúvera syndajátningu á ennið á sér í hreinni sjálfsvorkunn, bara til þess að minna sig á hversu slæma hluti maður hefur framkvæmt á ævinni í hvert skipti þegar maður lítur í spegil. Betra er að læra af mistökum sínum og nýta reynslu sína til þess að hjálpa öðrum að sjá villu síns vegar.

Nú er komið nýtt ár, vinsamlegast lifið í því en ekki árinu sem var að líða. ■

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



■ TÓNLIST

# Syngur í nýrri mynd



**JOHN TRAVOLTA** John Travolta er liðtækur söngvari og hefur m.a. gefið út tvær sólóplötur.

Leikarinn John Travolta syngur tvö lög á plötu með lögum úr nýjustu mynd sinni, A Love Song for Bobby Long. Annað lagið nefnist Barbara Allen og hitt I Really Don´t Want to Know. Frægir tónlistarmenn á borð við Elvis Presley og Dolly Parton hafa áður sungið síðarnefnda lagið inn á plötu.

Travolta syngur einnig lagið My Gal sem heyrist í myndinni en það er ekki að finna á plötunni. Travolta er reyndur söngvari því áður en hann sló í gegn í söngvamyndinni Grease gaf hann út tvær sólóplötur á áttunda áratugnum sem nutu nokkurra vinsælda. ■

■ TÓNLIST



**U2** Hefur frestað tónleikaferð sinni um heiminn vegna veikinda í fjölskyldunni.

# U2 frestar tónleikaferð

Rokksveitin U2 hefur frestað tónleikaferð sinni sem átti að hefjast 1. mars í Miami í Bandaríkjunum. Ástæðan er veikindi í fjölskyldu eins af meðlimum sveitarinnar.

U2 gaf nýverið út plötuna How to Dismantle an Atomic Bomb og ætlaði í tónleikaferð um heiminn til að fylgja henni eftir. Hafði hennar verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Þrátt fyrir frestunina mun U2 engu að síður spila við afhendingu Grammy-verðlaunanna í Los Angeles 13. febrúar og þegar hún verður innlimuð í Frægðarhöll rokksins 14. mars í New York.

Fjöldi starfsmanna vinnur nú við að hanna og setja upp sviðið sem verður notað í tónleikaferðinni. Meðal annars verða stórir sjónvarpsskjáir settir upp eins og svo oft áður á tónleikum sveitarinnar. Síðasta tónleikaferð U2 um heiminn, sem var farin til að fylgja eftir plötunni All That You Can't Leave Behind, halaði inn mestan pening allra tónleikaferða árið 2001. ■

MIRALE



Vasar
30% afsláttur

MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið:
mán. - föstud. 11-18
laugard. 11-15

Líkamsrækt heima

15 % kynningarafsláttur af öllum líkamsræktartækjum
Við hjálpum þér að standa við áramótaheitið!

Þrekhjól
15% Verð frá 25.415,-
Þrekhjól sem kemur þér í gott form.
Púlsmælir og fjölmargar stillingar

Box-sett
Frábært tilboð 9.900,-
Box-sett með boxpúða, hönskum, sippubandi og púlsmæli

Við erum með úrval af líkamsræktartækjum frá Hammer

Stigtæki
15% Verð frá 33.150,-
Stigtækin eru þau vinsælustu í dag.
Púlsmælir og fjölmargar stillingar.

Hlaupabretti
15% Verð frá 118.150,-
Hlaupabretti með hraða- og hallastillingu. Hægt að velja um margar leiðir (programs).

SPORT DEILDIN
TÓMSTUNDIR • LÍKAMSRÆKT • AFÞREYING

Hole in One
GOLFVERSLUN

Sportdeildin • Bæjarlind 1-3 • sími 577 4040 • Opið lau 10-18 og sun 12-16



VIÐ BJÓÐUM UPP Í DANS Á NÝJU ÁRI

Mambó
Tjútt
Freestyle
Salsa
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Nýjustu tískudansarnir
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Innritun og upplýsingar alla daga kl. 12–19 í síma 553 6645 eða með tölvupósti til dans@dansskoli.is

Nýtt! | Einstaklingsnámskeið í Salsa, Mambo og fleiri dönsum.

Ýmis starfsmanna- og stéttarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar
Bolholti 8 | 105 Reykjavík | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@danskoli.is | www.dansskoli.is

# bíó

**Ómissandi á DVD**
Hinir drepfyndnu bresku gamanþættir The Office eru komnir á DVD og eru algjörlega ómissandi fyrir þá sem eru hrifnir af breskum húmor. Hver þáttaröð inniheldur sex þætti en síðan fylgja tveir auka jólaþættir og fullt af aukaefni. Það eru fáir fyndnari en David Brent og félagar á skrifstofunni.



*„Those of you who think you know everything are annoying to those of us who do“.*

**- Skrifstofustjórinn óþolandi David Brent veit allt og fer ekki leynt með það.**

## VINSÆLUSTU MYNDIRNAR Í BANDARÍKJUNUM

(HELGINA 31. DESEMBER TIL 2. JANÚAR)

| | |
|---|---|
| 1 | Meet the Fockers |
| 2 | Lemony Snicket's A Series... |
| 3 | The Aviator |
| 4 | Fat Albert |
| 5 | Ocean's Twelve |
| 6 | National Treasure |
| 7 | Spanglish |
| 8 | The Polar Express |
| 9 | The Phantom of the Opera |
| 10 | Darkness |
| 11 | The Life Aquatic |
| 12 | The Incredibles |
| 13 | Flight of the Phoenix |
| 14 | Blade: Trinity |
| 15 | Finding Neverland |
| 16 | Closer |
| 17 | Sideways |
| 18 | Christmas With The Kranks |
| 19 | Beyond the Sea |
| 20 | The SpongeBob SquarePants Movie |







OLD BOY Spennu- og bardagamyndin Old Boy verður frumsýnd í nýju og endurbættu Laugarásbíói í dag.

# Margverðlaunaður kóreskur hefndartryllir

Hin margverðlaunaða kóreska spennu- og bardagamynd Old Boy verður frumsýnd í dag í nýju og endurbættu Laugarásbíói. Myndin hlaut meðal annars sérstök verðlaun dómnefndar á kvikmyndahátíðinni í Cannes síðasta vor og óháðu bresku kvikmyndaverðlaunin sem besta erlenda myndin. Myndin hefur slegið í gegn víðsvegar um heiminn og er hún orðin ein af uppáhalds myndum sjálfs Quentins Tarantino.

Old Boy, sem er byggð á samnefndri japanskri teiknimyndasögu, fjallar um fjölskylduföðurinn OH Dae-su sem er rænt rétt fyrir utan heimili sitt dag einn árið 1988. Nokkru síðar vaknar hann upp í einhvers konar bráðabirgðafangelsi sem er í einkaeigu. Dae-su hefur enga hugmynd um hver lokaði hann inni og hvers vegna. Þegar hann fréttir af því að eiginkona hans hafi verið myrt á grimmilegan hátt heitir hann því að hefna sín á manninum sem eyðilagði líf hans.



SKRÝTIN STELLING Kvikmyndin Old Boy er byggð á samnefndri japanskri teiknimyndasögu.

Fimmtán árum síðar er Dau-su sleppt úr fangelsinu með veski fullt af peningum og farsíma í farteskinu. Óþekktur maður hringir í hann og gefur honum fimm daga til að finna þann sem lokaði hann inni.

„Old Boy er kvikmynd um hefnd, rétt eins og síðasta mynd mín Sympathy for Mr. Vengeance,“ segir leikstjórinn Chan-wook Park. „Hefnd er dramatískasta viðfangsefnið sem fyrirfinnst í heiminum. Við erum reiðari en við vorum en búum aftur á móti í heimi þar sem við getum ekki látið reiði okkar í ljós. Þegar við getum ekki búið í samfélagi þar sem við getum leyst úr læðingi reiði okkar eða hatur, þá verður hefnd viðfangsefni sem mun vekja sífellt meiri athygli þegar fram líða stundir,“ segir hann. ■

# Vinsælar hetjur

Tæplega fjörutíu þúsund manns sáu teiknimyndina The Incredibles og Stuðmannamyndina Í takt við tímann. Um tuttugu þúsund manns sáu teiknimyndina um ofurhetjufjölskylduna The Incredibles átta fyrstu dagana sem hún var í sýningu.

Svo virðist sem fjölskyldufólk sæki aðallega sýninguna með íslensku tali, á daginn og um helgar, en á kvöldin mætir fólk á öllum aldri til að sjá myndina með ensku tali.

Stuðmannamyndin virðist einnig falla vel í kramið hjá landanum og um síðustu helgi sáu um 4.300 manns hana. Rúmlega fimmtán þúsund manns sáu myndina fyrstu sjö sýningardagana.



Í TAKT VIÐ TÍMANN Stuðmenn virðast ná vel til þjóðarinnar ef marka má aðsókn í kvikmyndahúsin síðustu vikur.

The Incredibles og Í takt við tímann munu líklega laða fleiri að í kvikmyndahúsin á næstu dögum og ef fram heldur sem horfir gætu þær hrist við framhaldinu af Bridget Jones sem hefur setið einar sex vikur á lista yfir mest sóttu bíómyndirnar. ■






## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**Alfie**

| | |
|---|---|
| Rottentomatoes.com | 48% = Rotin |
| Imdb.com | 6.0/10 |
| Metacritic.com | 49/100 |
| Entertainment Weekly | B- |



**Taxi**

| | |
|---|---|
| Rottentomatoes.com | 9% = Rotin |
| Imdb.com | 3,8/10 |
| Metacritic.com | 27/100 |
| Entertainment Weekly | D |



**Old Boy**

| | |
|---|---|
| Rottentomatoes.com | 64% = Fersk |
| Imdb.com | 8,6/10 |

# Kvennabósinn Alfie

Rómantíska gamanmyndin Alfie verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hérlendis í dag. Alfie er endurgerð samnefndrar breskrar myndar frá árinu 1966 með Michael Caine í aðalhlutverki.

Í þetta skiptið er það enginn annar en hjartaknúsarinn Jude Law sem fer með aðalhlutverkið. Hann var nýverið kjörinn kynþokkafyllsti maður ársins af tímaritinu People og mætti því ætla að hann væri kjörinn í hlutverki kvennabósans Alfie.

Myndin gerist í New York og fjallar um bílstjórann Alfie sem talar við myndavélina á sama tíma og hann dregur konur borgarinnar á tálar. Hann þarf loks að endurskoða líf sitt þegar hann neyðist til að takast á við glundroðann sem hann hefur skapað með kvennafari sínu.

Þær Marisa Tomei og Susan Sarandon fara með hlutverk kvenna sem Alfie táldregur í myndinni en einnig kemur þar við sögu leikkonan Sienna Miller, unnusta Law. Kynntust þau einmitt við tökur á myndinni og hafa nú trúlofað sig. Leikstjóri Alfie er Charles Shyer, sem áður hefur m.a. leikstýrt Baby Boom og Father of the Bride 2. ■



**LAW ER ALFIE** Jude Law í hlutverki sínu í Alfie.

# Klaufsk lögga í leigubíl

Jimmy Fallon úr Saturday Night Live-þáttunum fer með sitt fyrsta aðalhlutverk í Hollywood-mynd í Taxi sem verður frumsýnd í dag.

Taxi, sem er byggð á franskri samnefndri mynd eftir handriti Luc Besson, fjallar um klaufskan lögreglumann í New York (Fallon) sem setur flest sem hann kemur nálægt á annan endann. Hann sest í leigubíl hjá hinum hraðskreiða bílstjóra Belle (Queen Latifah) eftir að hann fréttir af bankaráni í grenndinni og framhaldið verður heldur betur æsilegt. Brasilíska fyrirsætan Gisele Bundchen fer með hlutverk eins bankaræningjans og er þetta frumraun hennar á hvíta tjaldinu.

Leikstjóri Taxi er Tim Story sem áður leikstýrði Barbershop. ■



**TAXI** Jimmy Fallon og Queen Latifah í hlutverkum sínum í Taxi.

## [ SMS ]

### UM MYNDIRNAR Í BÍÓ

**The Incredibles**
„Tölvunördarnir hjá Pixar toppa sig með frábærri teiknimynd sem býður upp á allt sem þarf að prýða góða bíómynd. Hraði, spenna, létt grín, skemmtilegar persónur og glæsilegt útlit gera The Incredibles að einni allra bestu mynd síðasta árs." *ÞÞ*

**Ocean's Twelve**
„Ocean's Twelve gerir meira út á grín en spennu og léttir og góðir sprettir halda manni ágætlega við efnið á milli þess sem maður getur dáðst að Róm. Það leynir sér líka ekki að leikararnir hafa skemmt sér konunglega við gerð myndarinnar og galsinn er smitandi þannig að ránin verða aukaatriði. Áherslan er á persónurnar og létt flipp sem er gott mál." *ÞÞ*

**Í takt við tímann**
„Með allt á hreinu stendur enn ómenguð af Í takt við tímann sem ætti í flestum tilfellum að laða fram nógu mörg bros til að fólk fyrirgefi Stuðmönnum uppátækið." *ÞÞ*

**Íslenska sveitin**
„Íslenska sveitin er á köflum mjög smart, skemmtilega tekin en er fyrst og fremst skemmtileg heimsókn til Íslendinga í byssuleik og þeir eru vitaskuld mátulega sveitalubbalegir eins og við er að búast." *ÞÞ*

**The Polar Express**
„Sagan sem hér er sögð er einföld og sígild og það má segja að hér sé boðið upp á tæknivætt tilbrigði við gamalt stef þar sem rauði þráður myndarinnar er mikilvægi þess að finna hinn sanna anda jólanna innra með sér og skynja friðinn og gleðina sem fylgir hátíðinni." *ÞÞ*

**Open Water**
„Myndin er alls ekki gallalaus en eftir stendur samt frumleg saga sem á köflum er bæði hrikalega spennandi og skelfilega átakanleg." *EÁ*

**Bad Santa**
„Sérstaklega skemmtileg og hressandi svört kómedía fyrir þá sem hafa vott af gálgahúmor. Billy Bob Thornton fer á kostum sem drykkfelldur jólasveinn, svarti dvergurinn Tony Cox sýnir stórleik sem jólaálfur og Lauren Graham leikur vergjarna gyðingastelpu með blæti fyrir jólasveinum. Hittir beint í mark." *EÁ*

**Bridget Jones: The Edge of Reason**
„Framhaldið er heldur þunnt enda reynt að byggja á sama söguþræði og í síðustu mynd með smá ferðalagi til annarra landa. Leikararnir standa þó fyrir sínu og sumir brandarar virka ágætlega – þótt margir þeirra hafi verið fyrirséðir hálfa myndina." *KH*







FAÐIR VOR
Fimmtudagur 13. janúar kl. 20.00
IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878
PIZZERIA BAR & GRILL
Unglingahljómsveitin
POPS
alla helgina
www.kringlukrain.is
Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund í mat og drykk

BROADWAY
Veislusalir fyrir öll tilefni
www.broadway.is
Sími: 533-1100


Átthagakvöld austfirðinga
"Glímt við Þjóðveginn"
Föstudagskvöld 14. janúar

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
NÍTJÁNHUNDRUÐ
KAFFILEIKHÚS
HEILLANDI SÝNING!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Í kvöld fös. 7/1 **nokkur sæti laus**, fös. 14/1 **örfá sæti laus**, fim. 20/1.
**Sýningum fer fækkandi.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 8/1 **uppselt**, sun. 9/1 **uppselt**, lau. 15/1 **uppselt**, sun. 16/1 **örfá sæti laus**, lau. 22/1 **uppselt**, sun. 23/1 **nokkur sæti laus**.

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Sun. 9/1 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 16/1 kl.14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 23/1 kl. 14:00. **Sýningum fer fækkandi.**

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
5. sýn. fim. 13/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 21/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 28/1 **örfá sæti laus**.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Í kvöld fös. 7/1, lau. 15/1. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Í kvöld fös. 7/1 **nokkur sæti laus**, fös. 14/1, fim. 20/1 **örfá sæti laus**.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Frumsýning í kvöld 7/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 8/1 kl 20 - gul kort - **UPPSELT**
Su 9/1 kl 20 - aukasýning - **UPPSELT**
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - **UPPSELT**
Su 16/1 kl 20 - græn kort
Fö 21/1 kl 20 - blá kort
Lau 22/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 29/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Fö 14/1 kl 20, Su 23/1 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 9/1 kl 14, Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14
Su 30/1 kl 14

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
*Fjölskyldusýning*
*THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI*
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson*
*Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Í kvöld kl 20
Fö 14/1 kl 20
Su 16/1 kl 20

**AUSA eftir Lee Hall og**
**STÓLARNIR eftir Ionesco**
*Í samstarfi við LA*
Lau 8/1 kl 20, Su 9/1 kl 20, Fi 13/1 kl 20,
Lau 15/1 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fö 14/1 kl 20
Fi 20/1 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson*
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Börn 12 ára og yngri fá frítt
í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna

# menning

menning@frettabladid.is

## Stofnun styrktarsjóðs



Styrktarsjóður **Halldórs Hansen** verður formlega stofnaður í dag klukkan **16.00** í **Salnum**, Kópavogi og verður boðið til hátíðarsamkomu af því tilefni. **Bergþór Pálsson** söngvari mun minnast Halldórs og starfa hans í þágu tónlistar, tilkynnt verður um verðlaunahafa sjóðsins á árinu 2004 og koma þeir fram á samkomunni. Einnig verður tilkynnt um afhendingu fyrsta framlags sjóðsins til uppbyggingar tónlistarbókasafns LHÍ.

Halldór Hansen barnalæknir ánafnaði **Listaháskóla Íslands** veglegt tónlistarsafn sitt fyrir þremur árum, auk þess sem hann arfleiddi skólann að öllum eigum sínum með þeim formerkjum að þeim yrði ráðstafað í sérstakan styrktarsjóð í hans nafni.

Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja uppbyggingu og styðja við tónlistarsafn Listaháskóla Íslands. Auk þess veitir sjóðurinn árlega tónlistarnemum sem náð hafa framúrskarandi árangri að mati sjóðstjórnar styrki til frekara náms.

### EKKI MISSA AF…



**Hátíðartónleikum Rótarý** í **Salnum** í kvöld klukkan **20.00** í tilefni af hundrað ára afmæli Rótaryhreyfingarinnar á þessu starfsári. **Jónas Ingimundarson** verður þar í stóru hlutverki ásamt **Sigrúnu Hjálmtýsdóttur** og **Skólakór Kársness** undir stjórn **Þórunnar Björnsdóttur**...

Sýningunni **Ný íslensk myndlist;** um veruleikann, manninn og ímyndina sem lýkur sunnudaginn 16. janúar í **Listasafni Íslands**...



**BJÖRN INGI HILMARSSON OG KATLA MARGRÉT ÞORGEIRSDÓTTIR** Í hlutverkum Ólafs Jenssonar fíólín og Sæunnar, fyrri konu hans.

# Margþætt saga um lífsvilja

**Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir Híbýli vindanna, leikgerð að sögu Böðvars Guðmundssonar, í kvöld.**

Híbýli vindanna, eftir vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar, verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld klukkan 20.00. Leikgerðin er eftir Bjarna Jónsson í samvinnu við Þórhildi Þorleifsdóttur leikstjóra, Vytautas Narbutas höfund leikmyndar og leikhópinn.

Í Híbýlum vindanna segir frá Ólafi Jenssyni fíólín og ættmennum hans en um leið er verkið saga lífsbaráttu Íslendinga austan hafs og vestan á ofanverðri nítjándu öld og í upphafi þeirrar tuttugustu. Híbýli vindanna er leikrit um drauma, brostnar vonir og söknuð, en fjallar síðast en ekki síst um þrautseigju og fórnir fólks í leit að nýjum samastað í tilverunni. Seinni bók Böðvars um vesturfarana, Lífsins tré, hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 1996.

„Í rauninni erum við, enn sem komið er, bara með fyrri bókina, Híbýli vindanna," segir höfundur leikgerðarinnar, Bjarni Jónsson. „Þeirri sögu er í sjálfu sér fylgt nokkuð nákvæmlega. Við getum ekki tekið allt, en við fylgjum Ólafi fíólín frá því að hann er ungur maður að reyna að komast af á Íslandi, þar til hann tekur sig upp og fer til Vesturheims og kemur sér fyrir þar – en það komast auðvitað ekki allir karakterarnir með í pakkann.

Við leggjum áherslu á að sýna fólk sem býr við ómögulegar aðstæður hér heima á Íslandi. Það er, að mörgu leyti, dæmt sem auðnuleysingjar og er á hreppnum – en vex síðan og nær að blómstra þegar það flytur í annað umhverfi þar sem það fær tækifæri og aukinn kraft til þess að hrinda sínum hugmyndum í framkvæmd. Svo er þetta líka saga um fólk sem hreinlega leggur allt í sölurnar til þess að koma upp annarri kynslóð. Þetta er ekki síður saga af börnum og hvað fólk leggur á sig til þess að halda saman fjjölskyldunni. Það má segja að þetta sé megináherslan fyrir utan fjölskyldusögu Ólafs."

Bjarni segist auðvitað draga fram hversu niðurnjörvaðir allir hlutir hafi verið hér í bændasamfélaginu á nítjándu öld. „Það var allt reynt til að hamla gegn þeirri þróun sem Íslendingar gengu í gegnum í upphafi tuttugustu aldarinnar. En þetta fólk sem fer burtu frá Íslandi eftir harðindavetur og hefur hvorki í sig né á, kemur í ónumið land. Það var biðlað til fólks að koma til Vesturheims, því var hreinlega gefið land. Það var ýmislegt gert til þess að freista fólksins og þeir sem fóru vestur héðan voru mikið fjölskyldufólk – sem er ólíkt þorra annarra þjóða. Íslendingarnir voru að stórum hluta til fjölskyldufólk og sáu þarna tækifæri til þess að byrja upp á nýtt."

Bjarni segir sögu þessa fólks eiga mikið erindi við okkur í dag. „Það er enn þá fólk að taka sig upp, yfirgefa ættlandið til þess að öðlast möguleika á betra lífi annars staðar og við Íslendingar eigum að taka við slíku fólki. Við erum kannski komin í þá stöðu sem Bandaríkin og Kanada voru í. Þetta hefur snúist við og þessi sýning er kannski áminning um að þjóðflutningar eru sífellt að eiga sér stað."

Í sýningu Borgarleikhússins fara þau Björn Ingi Hilmarsson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir með hlutverk Ólafs Jenssonar fíólín og Sæunnar, fyrri konu hans. Í öðrum hlutverkum eru Bergur Þór Ingólfsson, Birna Hafstein, Guðmundur Ólafsson, Gunnar Hansson, Halldór Gylfason, Halldóra Geirharðsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Pétur Einarsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Sveinn Geirsson og Theodór Júlíusson. Auk þeirra taka sex börn og fjórir leikarar frá stúdentaleikhúsinu þátt í sýningunni.

Gervi eru í höndum Guðrúnar Þorvarðardóttur. Höfundur tónlistar er Pétur Grétarsson. Lárus Björnsson lýsir. Höfundur búninga er Filippía I. Elísdóttir. Höfundur leikmyndar er Vytautas Narbutas. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. ■

GERÐUBERG
Gerðuberg og Salurinn í samstarfi:
Ljóðatónleikar Gerðubergs
Sönglög Sigvalda Kaldalóns
í Salnum í Kópavogi 13. jan. kl. 20:00.
Flytjendur: Ólafur Kjartan Sigurðarson, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigríður Aðalsteinsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Snorri Wium og Jónas Ingimundarson.
Miðasala í Salnum og á www.salurinn.is
Miðaverð 1500 kr.

Ekki missa af
Þetta vilja börnin sjá!
og FÓLK með augum Ara.
Síðasta sýningarhelgi.

Listsaumur í Boganum til 16. janúar:
Sýning Guðríðar B. Helgadóttur

Sýningar eru opnar virka daga kl. 11-19 og kl. 13-17 um helgar.
www.gerduberg.is

Tosca
eftir Puccini
Frumsýning 11. febrúar
Frumsýning fös. 11. feb. kl. 20.00 - UPPSELT - 2 sýning. sun. 13. feb. kl. 19.00
3. sýning fös. 18. feb. kl. 20.00 - 4. sýning sun. 20. feb. kl. 19.00 - FÁAR SÝNINGAR
Miðasala á Netinu: www.opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

4 5 6 **7** 8 9 10

Þriðjudagur

**TÓNLEIKAR**

☐ 17.00 **The Viking Giant Show**, gæluverkefni Heiðars í Botnleðju, kemur fram í Smekkleysu Plötubúð.



☐ 19.30 **Ingveldur Ýr Jónsdóttir** syngur einsöng á nýárstónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói. Stjórnandi er **Michael Dittrich**.

☐ 23.00 Djasshljómsveit **Símons Jermyn** leikur blöndu af gömlum stöndurdum og nýjum á Póstbarnum við Austurvöll.

**LEIKLIST**

☐ 20.00 Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir í Borgarleikhúsinu **Híbýli vindanna** eftir vesturfarasögu **Böðvars Guðmundssonar** í leikgerð **Bjarna Jónssonar**. Leikstjóri er **Þórhildur Þorleifsdóttir**.

**SKEMMTANIR**

☐ Unglingahljómsveitin **Pops** rokkar feitt á Kringlukránni í minningu Péturs heitins Kristjánssonar og hefur fengið til liðs við sig sjálfan **Rúnar Júlíusson**.

☐ Dúettinn **Halli og Kalli** skemmtir á Ara í Ögri.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Áki Pain** á Pravda.

☐ **Stórsveit Hermanns Inga** spilar á Catalinu.

☐ Hljómsveitin **Tilþrif** skemmtir í Klúbbnum við Gullinbrú.

☐ **Rúnar Þór** og hljómsveit spila í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ **Spilafíklarnir** spila á Dubliner.

☐ **Dj Master** spilar alla nóttina á Gauknum. Frítt inn.

☐ **Liz Gammon** spilar fyrir gesti á Café Romance, Lækjargötu 10.

☐ Dj **Þröstur 3000** þeytir skífum á léttum föstudegi á Kaffi Sólon.

**FYRIRLESTRAR**

☐ 17.15 **Katrín Sigurðardóttir** myndlistarmaður heldur fyrirlestur um eigin verk í Hafnarhúsinu í nýrri fyrirlestraröð á vegum dagskrárnefndar Af sem nefnist „Hin röðin".

**SAMKOMUR**

☐ 16.00 **Styrktarsjóður Halldórs Hansen** verður formlega stofnaður í Salnum, Kópavogi. Á hátíðarsamkomu af því tilefni minnist **Bergþór Pálsson** söngvari Halldórs og starfa hans í þágu tónlistar. Tilkynnt verður um verðlaunahafa sjóðsins á árinu 2004 og koma þeir fram á samkomunni. Einnig verður tilkynnt um afhendingu fyrsta framlags sjóðsins til uppbyggingar tónlistarbókasafns LHÍ.



**DANSLIST**

☐ 21.30 **Línudansarar** koma saman í Línudansklúbbnum Línudansaranum að Hamraborg 7, Kópavogi, og dansa Línudans.

**FÉLAGSLÍF**

☐ 14.00 Fræðslunefnd FEB verður með kynningu í Ásgarði, Glæsibæ, á framboði námskeiða, námsbrauta og námsefnis, sem mörg er beinlínis sniðið að þörfum eldri borgara á vorönn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

# Vakti tvísönginn upp af löngum dvala

Árni Heimir Ingólfsson hefur undanfarin ár stundað rannsóknir á íslenska tvísöngnum, sem þykir býsna sérstakt fyrirbæri í tónlistarsögunni. Honum fannst tími kominn til að leyfa þessum forna söng að hljóma á ný.



**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON**
Fyrir jólin stóð Árni Heimir að útgáfu geisladisks með íslenskum tvísöng, þar sem þessi forna tónlistarhefð vaknar úr dvala.

Nýútkominn geisladiskur með íslenskum tvísöng þykir sæta verulegum tíðindum, því þar vaknar úr löngum dvala forn tónlistarhefð sem fáir Íslendingar nú til dags vita nokkuð um.

Það er Árni Heimir Ingólfsson tónlistarmaður sem stendur að útgáfu disksins. Hann hefur stundað rannsóknir á íslenska tvísöngnum allt frá árinu 1997 og lauk doktorsprófi frá Harvard-háskóla árið 2003 um efnið. Hann segist hafa þurft að leita víða fanga við rannsóknir sínar.

„Ég skoðaði öll handrit með tvísöngstónlist sem eru til á Árnastofnun og á Landsbókasafninu, og einnig hlustaði ég á yfir 10 klukkustundir af hljóðritunum af tvísöng og efni tengdu honum sem er að finna á Árnastofnun. Síðan leitaði ég að fyrirmyndum söngsins í erlendum heimildum, sem tók töluverðan tíma og kostaði líka nokkuð af ferðalögum, en allt var þetta mjög spennandi og skemmtileg vinna."

Á disknum eru 26 nýjar hljóðritanir á tvísöngslögum. Lögin eru annars vegar fengin úr gömlum íslenskum handritum, hins vegar úr þjóðlagasafni sr. Bjarna Þorsteinssonar. Elsta handritið var ritað árið 1473.

Disknum er ætlað að gefa fólki kost á að heyra íslenska tvísönginn á ný og bregða um leið nýju ljósi á íslenska menningarsögu. Árni Heimir segist þó varla búast við því að hægt verði að endurvekja þessa fornu hefð hér á landi.

„Hún var auðvitað barn síns tíma, en það er samt engin ástæða til að við þekkjum ekki þessi lög og hafa ekki aðgang að þeim í hljómandi formi. Þessi diskur kom eiginlega til af því að mér fannst svo sorglegt að þessi tónlist væri hvergi aðgengileg nema þá í gömlum handritum sem fáir geta lesið úr, og svo í safni sr. Bjarna Þorsteinssonar sem er mjög misáreiðanlegt." Diskurinn hefur fengið feiknagóðar móttökur. Gagnrýnendur hafa helst gert þá athugasemd að söngurinn sé of fágaður, sem kann að þykja undarleg gagnrýni. Ástæðan er væntanlega sú að þau fáu tvísöngslög, sem lifað hafa fram á þennan dag, lög á borð við Ó, mín flaskan fríða og Ísland, farsælda frón, þekkja menn helst í frekar grófgerðum flutningi. Árni Heimir segist reyndar hafa velt því eitthvað fyrir sér áður en upptökur hófust, hvort ástæða væri til að hafa flutninginn svolítið óheflaðan. Niðurstaðan varð þó sú að láta slíkt eiga sig.

„Þessi flutningur – og ég held raunar flutningur á tónlist almennt – getur aldrei orðið „eins og hann var"," segir Árni Heimir. „Það er tálsýn að reyna að endurskapa eitthvað sem er liðið, við höfum allt aðrar viðmiðanir og forsendur í dag heldur en fólk fyrir hundrað eða fimm hundruð árum. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða kantötu eftir Bach eða íslenskan tvísöng. Ég spurði sjálfan mig hins vegar – hefði einhver gaman af því að kaupa geisladisk með fölskum og grófum söng, þótt við vitum að tvísöngur hafi ekkert endilega alltaf verið sunginn tandurhreint? Ég get bara svarað fyrir sjálfan mig, að mér finnst þetta fara betur svona. Betur get ég ekki gert."

Flytjendur laganna á disknum eru karlaraddir Schola cantorum og sönghópurinn Feðranna frægð, undir stjórn Árna Heimis Ingólfssonar sem einnig ritar ítarlegan inngang um lögin í bæklingi sem fylgir með disknum. ■




„Hið gullna jafnvægi harms og skops"
SAB Mbl

„Til hamingju Ilmur"
AB Fréttabl.

Sýnt í Borgarleikhúsinu
Næstu sýningar:
Laugardagur 8. janúar
Sunnudagur 9. janúar
Föstudagur 13. janúar
Sunnudagur 15. janúar

L E I K A R A R Guðrún Ásmundsdóttir • Ilmur Kristjánsdóttir • Þór Tulinius • Þráinn Karlsson

Við hjálpum þér að láta það gerast
Síminn

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

STÓRVIÐBURÐUR á KRINGLUKRÁNNI um helgina
POPS & Rúnar Júlíusson




Sannkölluð 60's sveifla uppi um alla veggi
föstudaginn 7. & laugardaginn 8. janúar

## Vinningar Jólahappdrætti Sjálfsbjargar 2004

Dregið var 31. desember 2004

**Nissan Primera 4 dyra kr. 2.380.000**

60623

**Fujitsu Siemens FSC Amilo pro V2000 kr. 169.900**

29576 43041 54602

**Ferðavinningur með ferðaskrifstofunni Úrvali-Útsýn kr. 160.000**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 798 | 18590 | 28785 | 35559 | 38554 | 41301 | 47584 | 52705 | 62253 |
| 5874 | 23002 | 28884 | 35777 | 38647 | 41363 | 47898 | 54716 | 64275 |
| 9561 | 24346 | 30610 | 36035 | 39025 | 43805 | 48609 | 57446 | 65055 |
| 11619 | 27658 | 31311 | 38342 | 40642 | 46531 | 51832 | 60074 | 68570 |

**Vöruúttekt að eigin vali frá Kringlunni kr. 40.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 121 | 5652 | 9978 | 16721 | 21943 | 27613 | 33903 | 40983 | 49740 | 56195 | 62867 | 68424 |
| 208 | 6173 | 10285 | 17352 | 22361 | 29691 | 33932 | 42213 | 49762 | 56838 | 63004 | 68580 |
| 884 | 6428 | 11019 | 17843 | 22703 | 30547 | 34461 | 42380 | 51904 | 57659 | 63882 | 68714 |
| 1968 | 6779 | 11807 | 18345 | 24305 | 30661 | 35653 | 42753 | 52086 | 57905 | 63885 | 68930 |
| 2069 | 7367 | 12442 | 18473 | 24917 | 31508 | 35789 | 42850 | 52164 | 58063 | 64183 | 69094 |
| 2295 | 7667 | 12678 | 20029 | 25226 | 31743 | 36213 | 43061 | 52294 | 59229 | 65230 | 69398 |
| 3013 | 8223 | 13825 | 20483 | 25308 | 32314 | 36347 | 43425 | 53798 | 59626 | 65754 | |
| 3373 | 8413 | 14040 | 20647 | 25388 | 32507 | 36805 | 43607 | 54193 | 59901 | 66173 | |
| 3388 | 8624 | 14365 | 20746 | 26603 | 32967 | 38025 | 44022 | 54579 | 60257 | 66259 | |
| 3513 | 8802 | 14491 | 20795 | 26645 | 33495 | 38717 | 45711 | 54802 | 61150 | 66977 | |
| 4315 | 9587 | 15338 | 21331 | 26942 | 33563 | 39086 | 46821 | 54810 | 61733 | 67138 | |
| 4368 | 9594 | 15525 | 21424 | 27056 | 33793 | 40157 | 48231 | 55621 | 61749 | 67392 | |
| 5194 | 9785 | 16561 | 21569 | 27545 | 33836 | 40345 | 48919 | 55787 | 61794 | 68327 | |

Þökkum veittan stuðning

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, Hátuni 12, 105 Reykjavík, S:550-0300.








■ TÓNLEIKAR

# Fikra sig aftur inn í tölvuhljóðin

Hljómsveitin Ske er í afskaplega góðu skapi þessa dagana. Í kvöld býður hún landsmönnum ókeypis á tónleika í Grand Rokk þar sem leikin verða lög af plötunni Feelings Are Great, sem kom út núna fyrir jólin.

„Þetta verða útgáfutónleikar," segir Guðmundur Steingrímsson. „Það er ágætt að halda útgáfutónleika í rólegheitunum að loknum jólaerlinum. Við spilum ekkert oft á tónleikum, en núna er bara sá gállinn á okkur."

Hljómsveitin ætlar einnig að leika lög af fyrri breiðskífu sinni, Life, Death, Happiness & Stuff, svo þetta verða langir og góðir tónleikar.

„Við ætlum að spila lögin aðeins öðru vísi en við höfum gert. Við verðum með meiri elektróník. Við byrjuðum þannig og erum að fikra okkur hægt inn í það aftur."

Hljómsveitin hefur yfir forláta tölvu að ráða, sem jafnan gengur undir nafninu Jóakim Brak og fær að leika nokkuð stórt hlutverk á þessum tónleikum.

„Hún framleiðir brak og bresti, og við viljum meina að hún sé austurrískur tilraunatónlistarmaður sem var uppi einhvern tímann á 19. öld."

Fyrir utan almenna ánægju, sem er ríkjandi í hljómsveitinni nú um stundir, gefast ýmis tilefni til þess að fagna á þessum tónleikum.

„Ég held að David Bowie, Karl Örvarsson og Elvis Presley eigi afmæli á miðnætti, svo það er aldrei að vita nema við brestum út í afmælissöng. Svo er líka gleðiefni að bæði Ragnar Bjarnason og Ási í Smekkleysu fengu fálkaorðuna." ■


FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

**HLJÓMSVEITIN SKE** Efnir til útgáfutónleika á Grand Rokk í kvöld.

■ TÓNLIST

# Modest Mouse í tónleikaferð

Bandaríska indí-hljómsveitin Modest Mouse byrjar tónleikaferð sína um Bandaríkin þann 21. janúar í Nashville. Síðasta plata sveitarinnar, Good News for People Who Love Bad News, var ofarlega á listum gagnrýnenda yfir bestu plötur síðasta árs. Hefur hún jafnframt selst meira en hinar þrjár síðustu plötur Modest Mouse til samans.

Sveitin hefur verið tilnefnd til tveggja Grammy-tónlistarverðlauna, annars vegar fyrir besta rokklagið (Float On) og hins vegar fyrir bestu framsæknu plötuna, en hún var tekin upp við erfiðar aðstæður. Söngvarinn og gítarleikarinn Isaac Brock átti við áfengisvandamál að stríða auk þess sem trommarinn Jeremiah Green þurfti að fara á geðsjúkrahús á meðan á upptökum stóð. „Við ákváðum að halda áfram. Þegar við höfðum komist að þeirri niðurstöðu var eftirleikurinn auðveldur. Ég ákvað að hlutirnir yrðu betri í framhaldinu," sagði Brock í spjalli við Rolling Stone. ■



**MODEST MOUSE** Hljómsveitin Modest Mouse sló loks í gegn með plötunni Good News For People Who Love Bad News.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Búddatrúarmaðurinn **Richard Gere** hefur hvatt Palestínumenn til að kjósa í væntanlegum forsetakosningum í landinu. Gere hefur margoft heimsótt Mið-Austurlönd á undanförnum árum og er umhugað um ástandið á svæðinu.




# Þægindarokk?

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**




**PINBACK:**
SUMMER IN ABBANDON

**NIÐURSTAÐA:** Sætt nýbylgjupopp sem ætti ekki að geta gengið fram af neinum. Pinback tekst hið ótrúlega, að brúa bilið á milli Slint og Jimmy Eat World.

Þessi plata birtist hér og þar á listum grúskara yfir bestu plötur ársins sem var að líða. Hún ætti þó að höfða til fleiri en bara þeirra sem stinga nefi sínu djúpt ofan í brunn tónlistarútgáfunnar í leit að ferskasta vatninu. Þetta er í rauninni frekar venjulegt gítar-nýbylgjupopp. Svolítið sætt, vel samið, snyrtilega útsett og grípandi. Þetta er þriðja breiðskífa sveitarinnar og hún ber þess merki að hér sé reynd sveit á ferð sem er þegar búin að slípa sig til og finna sinn eigin hljóm. Hvergi missir sveitin marks í tilraunum sínum enda eru þær sjaldnast öfgafullar. Ef þetta væri málverk, væri þetta falleg landslagsmynd í haustlitunum. Þetta er mjög bandarísk tónlist. Samlíking við sveitir á borð við Jimmy Eat World og Slint eru ekki fjarri lagi, og ótrúlegt en satt þá minnir söngrödd söngvarans og gítarspil mig á köflum á nýjustu breiðskífu Blink 182, þó svo að þessi tónlist sé víðsfjarri þeim heim sem sú sveit tilheyrir. Hér er ekkert unglingaþunglyndi eða stuttbuxur, bara metnaðarfullt og gáfulegt popprokk sem rennur einstaklega vel niður. Netnotendum er bent á lögin This Red Book og Syracuse sem gott dæmi um snilligáfu þessarar sveitar. Þægileg leið til þess að hefja daginn.

**Birgir Örn Steinarsson**





## BÍÓRÁSIN

**6.00** See Spot Run **8.00** The Diamond of Jeru **10.00** Strike **12.00** Apollo 13 **14.15** See Spot Run **16.00** The Diamond of Jeru **18.00** Strike **20.00** Path to War **22.40** Plan B (Bönnuð börnum) **0.20** In the Shadows (Stranglega bönnuð börnum) **2.10** Path to War **4.50** Plan B (Bönnuð börnum) **6.30** Men in Black

## AKSJÓN

**7.15** Korter **15.00** Gaffalbitar (B)

## OMEGA

**16.00** Blandað efni **18.00** Joyce Meyer **19.30** Samverustund **20.30** Maríusystur **21.00** Um trúna og tilveruna Friðrik Schram (e)**21.30** Joyce Meyer **22.00** Í leit að vegi Drottins **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **1.00** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **18.00** 17 7 (e) **19.00** Sjáðu (e) **20.00** Popworld 2004 (e) **21.00** Miami Uncovered **22.00** Fréttir **22.03** Tónlist **22.43** The Man Show **23.08** Meiri músík

# VIÐ TÆKIÐ | Í plussklæddum amorsmöndli í sleik

**MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR** MÆLIR MEÐ AÐ TAKA BOND-GELLURNAR SÉR TIL FYRIRMYNDAR

Þegar þú ert farinn að taka sjónvarpsgláp fram yfir djammið veistu að þú ert að eldast. Ég er enn þá í sjokki, en þetta rann upp fyrir mér í vikunni. Það var vond tilfinning. Reyndar get ég skýlt mér á bak við hausverk og flensu en það er samt engin afsökun. Sem mikill áðdáandi íslenskra kvikmynda tók ég því fagnandi að Sjónvarpið skyldi taka upp á því að sýna Hafið, Nóa albínóa og Maður eins og ég yfir hátíðarnar. Ég var reyndar búin að sjá allar myndirnar í bíó en hafði alveg lyst á því að sjá þær aftur. Mér fannst Hafið meira að segja betra í annað sinn. Sérstaklega atriðið þar sem Guðrún Gísladóttir leikkona hendir tölvuspili unglingsins út um gluggann. Þá er hann búinn að spila snake eða eitthvað í þeim dúr alla leiðina austur með tilheyrandi tölvuspilahávaða. Ég hefði líka orðið geðveik ef ég hefði verið hún. Ætla að eiga þetta ráð í handraðanum ef ske kynni að maður myndi einhverntímann fjölga mannkyninu og fara með afkvæmið í ferðalag. Í sjónvarpsmaraþoni áramótanna horfði ég líka á James Bond myndina The Spy Who Loved Me. Skjár einn fær hrós fyrir þetta en með þessum sýningum á gömlum James Bond myndum hef ég uppgötvað að ég er svolítill Bond-aðdáandi. Ekki það að ég sé svo hrifin af svona glæpa- og hasarmyndum. Mér finnst bara svo gaman að fylgjast með klæðaburði gömlu Bond-stúlknanna, hvernig



þær eru greiddar og hvað förðunin er alltaf fullkomin. Ég hef aldrei séð glataða Bond-stúlku. Ég mæli með því að kvenþjóðin fari að stæla sparikjóla Bond-stúlknanna í stað þess að lufsast í of flegnum og of þröngum gellukjólum á árshátíðir eða á aðra mannfagnaði. Það skemmtilega við Bond-myndirnar er líka að þær enda alltaf vel. Það verður seint hægt að toppa Roger Moore og Barböru Bach þegar þau sluppu naumlega úr klóm óvinarins í plussklæddum amorsmöndli í sleik. ■






▶ 21.40 *Bíó*

**Against All Evidence. Bíómynd um konu sem reynir að sanna sakleysi dóttur sinnar eftir að hún er dæmd fyrir að hafa banað syni sínum.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.35** Óp **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Arthur **18.25** Skrifstofan (6:6)

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Disneymyndin - Prakkarinn** (Rascal) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1969 um einmana dreng sem hefur þvottabjarnarhúna að félaga í tíðum fjarvistum pabba síns. Leikstjóri er Norman Tokar og meðal leikenda eru Steve Forrest, Bill Mumy, Pamela Toll og Elsa Lanchester.
▶ **21.40** **Dóttir mín er saklaus** (Against All Evidence) Bandarísk/þýsk bíómynd frá 2002 um konu sem reynir að sanna sakleysi dóttur sinnar eftir að hún er dæmd fyrir að hafa banað syni sínum. Leikstjóri er Sherry Horman og meðal leikenda eru Nina Petri, Maria Simon, Petra Wright, William Sanford og Archie Kao.

**23.20** Dick **0.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok



▶ 21.30 *Gaman*

**Punk'd. Ashton Kutcher hrekkir fræga fólkið í Hollywood og reynir að láta það missa stjórn á skapi sínu.**

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Jag **13.25** 60 Minutes II **14.10** Derren Brown - Mind Control **15.00** Curb Your Enthusiasm **15.30** Curb Your Enthusiasm **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours

**18.18** Ísland í dag
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons 14 (19:22) (e)**
**20.00** **The Simpsons 15 (15:22)**
**20.30** **Idol Stjörnuleit** (13. þáttur. Sagan til þessa) Tíu upprennandi söngvarar eru komnir í úrslit Stjörnuleitarinnar sem hefjast 14. janúar.
▶ **21.30** **Punk'd 2** (Negldur)
**22.00** **The Sketch Show** (Sketsaþátturinn) Húmorinn er dálítið í anda Monty Python og Not the Nine O'Clock News en ýmsir valinkunnir grínarar stíga á stokk.
**22.25** **Bernie Mac 2 (22:22)** (For a Few Dollars More) Hvað gerir nútímamaðurinn þegar hann fær óvænt þrjú frændsystkini í fóstur?
**22.50** **Love Stinks** (Ástin er ömurleg) Seth Winnick er öfundsverður. Hann er í frábæru starfi, á góða vini og gullfallega unnustu, Chelsea Turner. Allir dást að þessu myndarlega kærustupari en fáir vita að Chelsea er við það að springa.

**0.20** Say It Isn't So **1.50** Scary Movie (Stranglega bönnuð börnum) **3.15** Fréttir og Ísland í dag **4.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí



▶ 21.00 *Drama*

**Law & Order. Lennie Briscoe eltir glæpamenn í New York og reynir eftir bestu getu að klófesta þá.**

## SKJÁREINN

**18.00** Bak við tjöldin - Alfie

**18.30** **Dead Like Me (e)** Mason bjargar stúlku sem heitir Charlotte undan árásarmanni. Hann fellur strax fyrir henni.
**19.30** **Baby Bob (e)** Walter reynir að fá einn af sínum skrítnari skjólstæðingum til að halda ræðu á góðgerðasamkomu sem Madeline heldur til stuðnings geðheilsu.
**20.00** **Guinness World Records** Heimsmetaþáttur Guinness er eins og nafnið bendir til byggður á heimsmetabók Guinness og kennir þar margra grasa.
▶ **21.00** **Law & Order** Lennie Briscoe mætir til leiks á ný og eltist við þrjóta í New York. Saksóknarinn Jack MacCoy tekur við málunum og reynir að koma glæpamönnunum bak við lás og slá.
**21.50** **Mars Attacks!** Marsbúar yfirtaka jörðina með yfirburða vopnum og grimmilegum húmor.

**23.35** CSI: Miami (e) **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.05** Jay Leno (e) **1.50** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN INTERNATIONAL

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Inside the Middle East **23.30** World Sport **0.00** World News **0.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **1.00** World News **1.30** International Correspondents **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Diplomatic License **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Snowboard: FIS World Cup Nassfeld-Hermagor **8.00** Freestyle Skiing: FIS World Cup Tignes **8.30** Nordic Combined Skiing: World Cup Schonach Germany **9.15** Nordic Combined Skiing: World Cup Schonach Germany **9.45** Ski Jumping: World Cup Bischofshofen Austria **11.15** Rally: Rally Raid Dakar **11.45** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **14.45** Tennis: ATP Tournament Doha Qatar **15.30** Ski Jumping: World Cup Willingen **16.45** Speed Skating: European Championship Heerenveen Netherlands **18.30** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **19.30** Football: International Tournament of Maspalomas Spain **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.45** News: Eurosportnews Report **23.00** Ski Jumping: World Cup Willingen **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**7.00** Zingalong **7.15** Tikkabilla **7.35** Stitch Up **8.00** Small Town Gardens **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys in the Sun **9.45** Trading Up in the Sun **10.15** Bargain Hunt **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Diet Trials **12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Alien Empire **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Zingalong **14.45** Tikkabilla **15.05** Stitch Up **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys in the Sun **16.45** Bargain Hunt **17.15** Ready Steady Cook **18.00** The Best **18.30** Two Thousand Acres of Sky **19.30** Mastermind **20.00** Lenny Henry in Pieces **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Liar **21.30** Top of the Pops **22.00** Parkinson **23.00** Daniel Deronda **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Castles of Horror **1.00** American Visions **2.00** Japanese Language and People **2.30** Spain on a Plate **3.00** The Money Programme **3.30** The Money Programme **4.00** English Zone **4.30** Goal

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**16.00** Born Wild **17.00** Battlefront: Arnhem **17.30** Battlefront: Battle of Okinawa **18.00** Explorations: Space - Reaching for the Stars **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** Born Wild **21.00** Interpol Investigates: Lethal Obsession **22.00** Taboo: Creature Cures **23.00** Battlefront: Bombing of England **23.30** Battlefront: Operation Dragoon **0.00** Interpol Investigates: Lethal Obsession **1.00** Taboo: Creature Cures

### ANIMAL PLANET

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Animal Precinct **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Wild Africa **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed all About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Animal Precinct **2.00** K9 Boot Camp **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

### DISCOVERY CHANNEL

**16.00** Hooked on Fishing **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Racing Car is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Beyond Tough **21.00** American Casino **22.00** Proof Positive **23.00** Forensic Detectives **0.00** Medical Detectives **0.30** Medical Detectives **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Rex Hunt Fishing Adventures **2.30** Mystery Hunters **3.00** Valley of the T-Rex **4.00** Dinosaur Planet

### MTV EUROPE

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Diary of **12.30** Diary of **13.00** Best Of The MTV Movie Awards Uncensored **14.00** Diary of **14.30** Diary of **15.00** Jim Carey Uncensored **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Party Zone **0.00** Just See MTV

### VH1 EUROPE

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Crooners Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** Sledgehammer **21.00** Surviving Nugent **22.00** Friday Rock Videos

### CARTOON NETWORK

**8.20** Codename: Kids Next Door **8.45** The Grim Adventures of Billy & Mandy **9.10** The Powerpuff Girls **9.35** Spaced Out **10.00** Dexter's Laboratory **10.25** Courage the Cowardly Dog **10.50** Time Squad **11.15**

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**IDOL-STJÖRNULEIT** *Stöð 2* **kl. 20.30**

### *Ferlið rifjað upp*

Nú er keppnin farin að harðnast allsvakalega í Idol-Stjörnuleit. Tíu söngvarar hafa verið valdir og munu þeir keppa í 10-manna úrslitum sem hefjast í Smáralind þann 14. janúar næstkomandi. Það eru Brynja Valdimarsdóttir, Valgerður Friðriksdóttir, Nanna Kristín Jóhannsdóttir, Margrét Lára Þórarinsdóttir, Ylfa Lind Gísladóttir, Hildur Vala Einarsdóttir, Helgi Þór Arason, Aðalheiður Ólafsdóttir, Davíð Smári Harðarson og Lísebet Hauksdóttir. Þáttur kvöldsins er tilvalinn fyrir þá sem hafa ekki fylgst alveg nógu vel með en ætla sér að horfa á úrslitin. Í þættinum er farið yfir atburði síðustu vikna en hundruð ungmenna mættu í áheyrnarpróf í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

***Idol-stjarna síðasta árs er eins og flestir vita, Kalli Bjarni.***



Að vanda eru það Simmi og Jói sem kynna þáttinn.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„They call him Snooky because Fool was taken.“**

**Svar:** Chenille úr kvikmyndinni Save the Last Dance frá árinu 2001.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.00** Fréttir **7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Púlsinn á föstudegi **14.03** Útvarpssagan, Blindingsleikur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Rúnar Róbertsson

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** Ólafur Hannibalsson. **10.03** Arnþrúður Karlsdóttir - símatími. **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir.

**13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt frá 9-10 **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson **16.03** Viðskipti vikunnar í umsjón blaðamanna viðskiptablaðsins **17.05** Íþróttaþátturinn (Helga Magg) **18.00** Optional **20.00** Endurflutningur dagsins



▶ **19.30** *Íþróttir*

**Enski boltinn. Bein útsending frá viðureign Burnley og Liverpool en Liverpool hefur yfirleitt haft betur í viðureignum liðanna.**

## SÝN

**17.15** Prófíll **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **Enski boltinn** (FA Cup - Preview) Ítarleg umfjöllun um 3. umferð bikarkeppninnar sem fram fer um helgina en fjölmargir leikir eru í beinni á Sýn.

▶ **19.30** **Enski boltinn** (Burnley - Liverpool) Bein útsending frá leik Burnley og Liverpool í 3. umferð bikarkeppninnar. Félögin hafa marga hildi háð í gegnum tíðina þótt viðureignir þeirra á seinni árum séu ekki margar.

**21.40** **World Series of Poker** Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur HM í póker átt miklum vinsældum að fagna og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

**23.10** David Letterman **0.00** Race of Champions 2004 **1.00** NBA (Minnesota - Philadelphia)

Sheep in the Big City **11.40** Evil Con Carne **12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM MOVIE CHANNEL**

**8.10** Square Dance **10.00** Strictly Business **11.25** I Want to Live! **13.25** Brannigan **15.15** Cage of Evil **16.25** Convicts **18.00** Mad Dog Coll **19.40** Angel of Desire **21.15** Lisa **23.10** Soda Cracker **0.25** Roadhouse 66 **2.00** Troll 2 **3.35** Lambada (cannon)

**TCM**

**20.00** 2010 **21.55** Little Off Set **22.05** The Hunger **23.40** Cannery Row **1.40** A Very Private Affair **3.15** Once a Thief

**HALLMARK**

**8.00** The Incident **9.45** Inside the Osmonds **11.15** Early Edition **12.00** The Long Way Home **13.45** The Hound of the Baskervilles **15.15** The Incident **17.00** Inside the Osmonds **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** On The Beach **22.15** They Still Call Me... Bruce




## HRÓSIÐ



*... fær Jón Oddgeir Guðmundsson kaupmaður sem helgar Guði sitt líf og selur bænabækur, Biblíur, krossa og fleiri vörur í verslun sinni í Litla húsinu á Akureyri.*

## INNI



**Litríkar sokkabuxur** eru hrikalega góð leið til þess að lífga upp á litlausan fatnað svo ekki sé talað um litlausan og kaldan vetur. Flottustu og vinsælustu litirnir núna eru fjólublár, blágrænn og bleikur og ekki er verra ef sokkabuxurnar eru úr ull eða þykku efni. Flottast í heimi við glæsilegt pils og falleg stígvél.



**Fínir og kvenlegir hanskar** eru toppurinn á ísjakanum þegar kemur að því að klæða sig vel þessa dagana. Ef ætlunin er að skella sér út í flottum klæðnaði og lúffurnar passa ekki við fínu kápuna er um að gera að fá sér eitt stykki fallega hanska.



**Leikhúsferðir** er hollt sport sem ekki má láta deyja út. Af hverju ekki að spara nokkrar bíóferðir og skella sér frekar á menningarlega sýningu í leikhúsi? Af nógu er að taka og fátt er jafn heillandi og hressandi áhorfs en góð leiksýning.

## ÚTI



**Að reykja.** Nei og aftur nei, þetta er ekki kúl. Fræðslan um skaðsemi reykinga er það mikil á okkar tímum að enginn getur lengur skýlt sér á bak við það að hafa ekki vitað um óhollustuna þegar hann byrjaði. Þetta er ekkert nema kæruleysi og vanvirðing við líkama og sál.



**Að henda rusli á víðavangi.** Óskaplega er nú leiðinlegt að í hvert skipti sem snjórinn bráðnar kemur í ljós allt ljóta ruslið sem við höfum fleygt frá okkur um veturinn. Gerum okkur ferð alla leið að næstu ruslatunnu og hættum þessum sóðaskap!



**Of mikið brúnkukrem** veldur flekkóttri og appelsínugulri húð. Hver vill það? Nei, notið brúnkukremin í hófi. Þau eru ekki lausnin. Hvít húð er alveg jafn falleg og brún og miklu fallegri en flekkótt og appelsínugul húð!



**Lárétt:** **1** frítt, **6** for, **7** rykkorn, **8** í röð, **9** kofi – r, **10** á húsi, **12** tónverk, **14** sinni, **15** handsama, **16** tímabil, **17** mál, **18** gras.
**Lóðrétt:** **1** hrap, **2** sár, **3** greinir, **4** hundana, **5** traust, **9** herbergi, **11** héðan frá, **13** flenna, **14** rám, **17** á fæti.

**LAUSN.**

**Lárétt:** **1** fagurt, **6** aur, **7** ar, **8** lm, **9** skú, **10** þak, **12** lag, **14** hug, **15** ná, **16** ár, **17** tal, **18** strá.
**Lóðrétt:** **1** fall, **2** aum, **3** gr, **4** rakkana, **5** trú, **9** sal, **11** burt, **13** gála, **16** hás, **17** tá.






KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR: SKOÐAR ÁLIT ÚTLENDINGA Á ÍSLANDI

# Há dú jú læk Æsland?

Heimildarmyndin „How do you like Iceland?“ verður frumsýnd sunnudaginn 16. janúar í Sjónvarpinu. Eins og titillinn gefur til kynna er þarna á ferðinni mynd sem tekur á skoðunum útlendinga á Íslandi og íbúum þess.

„Upprunalega markmið mitt með myndinni var að endurskoða ímynd okkar og að skapa umræður og pælingar um efnið. Eigum við fegurstu konurnar, hreinasta vatnið og sterkustu mennina? Ég fór um víðan völl og talaði við 37 útlendinga sem eru eins mismunandi og þeir eru margir. Í hópnum eru blaðamenn, kvikmyndagerðarfólk, rithöfundar, fólk úr viðskiptaheiminum og fleira,“ segir Kristín Ólafsdóttir leikstjóri, handritshöfundur og framleiðandi myndarinnar.

Fyrirtæki hennar Klikk Production hefur áður framleitt myndina Love is in the Air. Fólkið sem Kristín talaði við fyrir myndina segir hún allt eiga það sameiginlegt að hafa sótt Ísland oft heim og þar af leiðandi haft ágætis tíma til þess að mynda sér skoðun á þjóðinni. „Þetta er ekki hinn týpíski túristi heldur fólk sem virkilega veit eitthvað um okkur. Þetta er mynd sem snertir sjálfsmynd allra íslendinga. Myndin tekur á mörgum þáttum eins og arkitektúr, kurteisi okkar og húmornum. Þarna er fullt af hlutum sem við höfum gott af að heyra en samt ekkert endilega auðvelt fyrir viðkvæmar íslenskar þjóðarsálir,“ segir Kristín og hlær.

Nokkrir þekktir einstaklingar koma fram í myndinni og láta í ljós sína skoðun á þjóðinni. Helst má nefna Damon Albarn söngvara Blur, Victoriu Abril leikkonu og Terry Jones úr Monty Python hópnum. Kristín vill þó taka fram að meirihluti viðmælenda eru óþekktir einstaklingar og venjulegt fólk.

„Það er nauðsynlegt að taka þetta ekki of alvarlega og þó svo að útlendingar segi eitthvað um okkur þá er það ekkert endilega rétt. Raunveruleiki og ímynd er ekkert endilega það sama. Oft heyrði ég hluti sem ég veit alveg að eru ekkert réttir. Í gegnum myndina er þó rauður þráður og engin skoðun fór inn í myndina án þess að hún væri sögð nokkrum sinnum af mismunandi viðmælendum.“

hilda@frettabladid.is



**DAMON ALBARN** Söngvari Blur er einn þekktasti Íslandsvinurinn og lætur í ljós skoðun sína á Íslandi í myndinni.



**TERRY JONES** Góðkunni leikarinn úr gríngrúppunni Monty Python er meðal hinna mörgu stjarna sem hafa sótt Ísland heim.



**VICTORIA ABRIL** Spænska leikkonan sem lék í myndinni 101 Reykjavík, er meðal viðmælenda.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 6

1. Ástralía
2. Eitt
3. 84 prósent (samkvæmt Gallup)






# Nornaverðlaun afhent í gær

Femínistafélag Íslands útnefnir Mannréttindaskrifstofu Íslands Norn ársins 2004. Femínistafélagið segir Nornaverðlaunin afhent aðila sem talið er hafa unnið að mannréttinda- og jafnréttismálum af einurð, fylgt eigin sannfæringu en fengið bágt fyrir. Með verðlaununum vill Femínistafélagið einnig mótmæla ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að taka Mannréttindaskrifstofuna af föstum fjárlögum Alþingis og um leið sýna stuðning við störf skrifstofunnar.

„Okkur hefur fundist fólk vera að gjalda fyrir pólitískar skoðanir sínar eða aðgerðir og viljum því útnefna einhvern sem hefur staðið sig vel en hefur verið refsað fyrir. Nafnið á verðlaununum er vísun í nornaveiðarnar í gamla daga og einnig tengjast nornir þrettándanum. Því ákváðum við að afhenda verðlaunin á þeim degi. Við vildum veita mannréttindaskrifstofu verðlaunin bæði til þess að sýna þeim stuðning og líka til þess að mótmæla því að þau séu tekin af föstum fjárlögum. Við teljum það vera nauðsynlegt fyrir skrifstofuna að halda sjálfstæði og vera óháð því að þurfa að sækja um fjárveitingu á hverju ári,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélagsins. ■



**NORNAVERÐLAUN AFHENT** Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélagsins, afhenti Brynhildi Flóvenz, stjórnarformanni Mannréttindaskrifstofu, Nornaverðlaunin.

Dagana 6.–20. janúar

# SPARI DAGAR

## Gerðu góð kaup!



BEKO
SAMSUNG
LOEWE.
*Tilboðsverð!*

Pioneer
**10-20%**
*afsláttur*

AEG
Heimilistæki
Raftæki
**15-40%**
*afsláttur*

OLYMPUS
Nikon
*Tilboðsverð!*

DVD
Tónlistardiskar
**20%**
*afsláttur*

Nintendo
Tölvuleikir
**20%**
*afsláttur*

Emile Henry
Heimsþekktar leirvörur
**25%**
*afsláttur*

TEFAL
Pottar og pönnur
**25%**
*afsláttur*

AEG Milwaukee
Handverkfæri
**25%**
*afsláttur*

Pioneer

Pioneer Heimabíó DCS 222
**Kr. 49.900.-**
Vaxtalausar greiðslur í allt að 12 mánuði

NÝTT & ULTRA-SVALT!

Solis Partygrill
**Kr. 14.900.-**

Nintendo

SP leikja tölva
**Kr. 9.900.-**

Game Cube leikjatölva
**Kr. 7.900.-**

AEG Matvinnsluvél KM 850
(Kr. 13.900.-)
**Kr. 9.990.-**

Þriggja ára ábyrgð er á öllum AEG þvottavélum

AEG Þvottavél Lavamat 74639
Með íslensku stjórnborði
1400 snúningar - 24 þvottakerfi
**Kr. 74.900.-**

SAMSUNG

29"Sjónvarp
50 Hz **Kr. 49.900.-**
100 Hz **Kr. 69.900.-**

Solis Ávaxta og grænmetispressa
**Kr. 9.990.-**

SAMSUNG

Samsung sambyggt DVD og video
**Kr. 21.900.-**

Emile Henry leirvörur
**25% afsláttur**

Samsung DVD spilari
**Kr. 9.900.-**

AEG Brauðrist At 260
(Kr. 6.290.-)
**Kr. 4.990.-**

Tefal pottar og pönnur
**25% afsláttur**

## Íslenska parið!

AEG Þvottavél Lavamat 76820, 6kg.
Með íslensku stjórnborði og notendahandbók
**Kr. 90.000.-**

AEG Þurrkari Lavatherm 57820, 6kg.
Með íslensku stjórnborði og notendahandbók
**Kr. 85.914.-**

AEG Ryksuga 1800 W
**Kr. 9.990.-**
*"Griðarlega góð kaup!"*

VERÐDÆMI:

| | | GAMALT VERÐ KR. | SPARIDAGA VERÐ KR. |
|---|---|---|---|
| AEG Kaffivél | KF 1000 | 3.990.- | 2.690.- |
| AEG Kaffivél | CC 101 | 5.990.- | 4.490.- |
| AEG Brauðrist | AT 260 | 6.290.- | 4.990.- |
| AEG Brauðrist | AT 230 | 4.290.- | 3.490.- |
| AEG Straujárn | DB 4050 | 3.890.- | 2.990.- |
| AEG Handþeytari Hm 310 | | 3.490.- | 2.690.- |
| AEG Blandari M 2500 | | 5.990.- | 4.490.- |
| AEG Blandari Gler M 2600 | | 8.990.- | 6.790.- |
| AEG Matvinnsluvél Km 850 | | 13.900.- | 9.990.- |
| AEG Hárblásari Figaro | | 2.790.- | 1.990.- |
| AEG Expresso | EA 100 | 13.579.- | 9.990.- |
| AEG Ryksuga | Megapower | | 9.990.- |

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
www.ormsson.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR — SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir




BAKÞANKAR
ÞRÁINS BERTELSSONAR

## Fimm-orða-kúrinn

Flestir megrunarkúrar byggjast á því að útskýra í löngu máli að nauðsynlegt sé að borða lítið af því sem mann langar í en hins vegar meira af því sem mann langar ekki í. Yfirleitt er þetta gert í afarlöngu máli með efnafræðiformúlum og vísindalegum upptalningum á margvíslegum bætiefnum sem hægt er að fá í pilluformi fyrir stórfé í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun, rétt eins og maður sé staddur í geimfari langt utan við vetrarbrautina og hafi ekki aðgang að kjöti, fiski, grænmeti og ávöxtum sem innihalda þessi bætiefni. Þessum upplýsingum fylgja síðan yfirleitt mataruppskriftir sem eru svo nýstárlegar að til að fylgja þeim út í æsar þyrfti maður að helga sig matarinnkaupum og skipulagningu og undirbúningi máltíða, auk þess sem það nálgast að vera fullt starf að borða fimm til sex „léttar“ máltíðir á dag og þamba alla þá lítra af vatni sem nýtískuteóríur um innvortis hreinsun og þvotta kveða á um.

**ÍSLENDINGAR** eru stórmerkileg þjóð. Til dæmis um sérvisku okkar má nefna að það er landlægur siður þegar skammdegið er hvað svartast að hefja nýtt ár á stórkostlegum megrunarkúr eða leggjast inn á spítala til að láta fjarlægja úr sér megnið af meltingarfærunum með skurðaðgerð, minnka magann um mörg númer og stytta garnirnar um bæjarleið.

**YÐAR EINLÆGUR** hefur áratuga reynslu af megrunarkúrum og átti að baki stórkostlega og erfiða megrunarkúra þegar flestir helstu megrunarfræðingar nútímans voru enn á brjósti. Eftir að hafa stundað stranga megrun um árabil hefur maður öðlast mikla samkennd með hvítum músum og öðrum tilraunadýrum sem eru þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að deyja úr einhverju öðru en offitu. Reynslan bendir til að flestir þessir megrunarkúrar hafi eitthvað sér til ágætis, en það sem er sameiginlegt með þeim öllum er að þeir mæla með því að fólk innbyrði ekki fleiri hitaeiningar en það brennir.

**ÉG HEF ÞVÍ** sem áhugamaður um megrunarkúra hannað minn eigin sem ekki þarf að útskýra á mörg hundruð blaðsíðum og hljóðar svo: „Borða minna, hreyfa sig meira.“ Það er Fimm-orða-kúrinn.


7/9

SJÖ AF NÍU INNLÁNSREIKNINGUM KB BANKA SKILUÐU HÆSTU ÁVÖXTUN SAMBÆRILEGRA INNLÁNSREIKNINGA BANKA OG SPARISJÓÐA Á ÁRINU 2004

KB BANKI
– kraftur til þín!





Dagana 6.–20. janúar
SPARIDAGAR
Gerðu góð kaup!

AEG
ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR-VIFTUR
HELLUBORÐ
15% afsláttur

HEIMABÍÓ DCS 222
Kr. 49.900.-
Vaxtalaust tilboð í 12 mánuði
Afborgun kr. 4.330.- á mánuði

Emile Henry
Heimsþekktar leirvörur
TEFAL
Pottar og pönnur
25% afsláttur

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!
ORMSSON SMÁRALIND
www.ormsson.is